## 1.4 Árangursrík stefnumótun

### 1.4.1 Back from the brink: Iceland's successful recovery

This case study of Iceland's successful recovery from financial meltdown in 2008 is different from already published reserach in terms of both a spatial and temporal proportions. Temporally, it deals with a dramatic episode of crisis management, not ongoing public policy. Furthermore, while the typical policy success refers to a more easily circumscribed program, a full-scale economic crisis demands that fires are put out all over the place. Iceland had to deal with foreign policy, financial, economic and social issues, short term and long term, simultaneously. Nevertheless, we deem Iceland's ability to stop the largest financial meltdown in history (relative to GDP) from wrecking lasting real economic damage a policy success along all four dimensions specified by the (PPPE)-methodology applied in this research, although the political success experienced by those who handled most of the clean-up job turned out to be more precarious than what they would have hoped for. Lessons include the need to display extreme caution in the face of rapid credit growth, a need for tight regulation and supervision of financial activities, mindfulness of how euphoric phases tend to stimulate rule breaking and the tendency of actors who have assumed enormous risk to double down at the first sight of real trouble.

Bent Sofus Tranoy
Þröstur Olaf Sigurjónsson

Lykilorð: public policy, recovery, strategy.

### 1.4.2 Jafn réttur beggja foreldra til töku fæðingarorlofs: Árangur lagasetningar

Í maí 2000 samþykkti Alþingi einróma lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. Lögin fólu í sér afar róttækar breytingar á aðstöðu nýbakaðra foreldra. Við lagasetninguna öðluðust báðir foreldrar rétt til þriggja mánaða óframseljanlegs orlofs og lengi vel bauð ekkert annað land feðrum upp á jafnmarga óframseljanlega daga með sambærilegum greiðslum. Þar að auki áttu foreldrar sameiginlegan rétt til þriggja mánaða. Markmið laganna var að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Í erindinu verður fjallað um aðdraganda lagasetningarinnar og færð rök fyrir því í hverju árangur hennar fólst. Greint verður frá því hverjir höfðu aðkomu að lagasetningunni, hvaða aðstæður voru fyrir hendi á Íslandi þegar lögin voru samþykkt og fjallað um síðari breytingar á lögunum. Þá verður gerð grein fyrir niðurstöðum endurtekinna spurningakannana meðal foreldra auk talnagagna frá Fæðingarorlofssjóði. Niðurstöður sýna að feður hafa almennt nýtt rétt sinn til töku fæðingarorlofs og frá því lögin tóku gildi hafa feður jafnt og þétt aukið þátttöku sína í umönnun barna. Af því má ráða að markmiði laganna um að auka tækifæri barna til samvista við báða foreldra hefur verið náð.

Guðný Björk Eydal
Ingólfur Gíslason
Ásdís A. Arnalds

Lykilorð: stefnumótun, fæðingarorlof, umönnun barna.

### 1.4.3 The development of a modern, renewable and sustainable energy: the case of Iceland

Over 85% of primary energy use in Iceland relies on domestic renewable energy. This share of renewables in primary energy use is one of the highest in any national energy budget. To get to this point the Icelandic energy system went through three transition, dating back to the early 1900´s.

This presentation analyzes the story of how Iceland, seemingly without a formal and a holistic policy package succeeded in transitioning to large scale use of renewable energy. This story has now culminated in a strategic policy document agreed to by members of all political parties currently with members in parliament, aiming to fully transition to a 100% renewable energy economy. The story illustrates how: i) the combination of necessity driven by crisis such as the energy crisis (now climate change) and the drive of local entrepreneurs and decision-makers led to a final outcome that with the climate emergency is now what most nations aspire to and ii) how development of diverse policy fragments, somewhat coincidentally slowly moved the system in the same direction illustrating how the lack of a formal process or a cohesive policy can in the end result in a successful outcome.

Brynhildur Davíðsdóttir

### 1.4.4 Áhrif sjálfboðaliðasamtaka á mótun almannavarna- og öryggismálastefnu á Íslandi

Eitt meginhlutverk stjórnvalda er að vernda borgara sína gegn ógn af völdum náttúru og manna. Í erindi er farið yfir árangursríka þróun stefnumótunar í málefnum almannavarna á Íslandi þar sem frumforsenda fyrir þeim árangri var framlag sjálfboðaliða. Þó að íslenskt samfélag hafi eflst til muna frá því fyrir um það bil 100 árum þegar sjálfboðaliðar tóku sig saman til að vinna að öryggismálum sjómanna, þá er sjálfboðaliðastarf enn forsenda aðgerða og stefnumótunar almannavarna. Spilar þar inn í skortur á fjármagni og takmörkuð stjórnsýslugeta sem fylgir smæð samfélagsins. Í gegnum söguna hefur framlag þeirra og samstarf við yfirvöld notið pólitísks stuðnings, óháð stjórnmálaflokkum. Vægi þeirra og áhrif á stefnumótun í málefnum er varða almannavarnir hefur einnig aukist í gegnum tíðina. Sem dæmi þá hafa sjálfboðaliðasamtök á sl. þrjátíu og fimm árum fengið skilgreint hlutverk í heildarskipulagi almannavarna, verið tekin inn í almannavarna- og öryggisráð, fyrst með sameiginlegan áheyrnafulltrúa árið 1996 en með nýjum lögum árið 2008 eru bæði Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauði krossinn með fullgilda setu í ráðinu. Erindi mun veita innsýn í mótun og þróun stefnu almannavarna þar sem því er meðal annars haldið fram að mesti árangurinn að baki stefnunnar og reksturs kerfisins sé hið viðvarandi samstarf og þróun þess milli yfirvalda og sjálfboðaliðasamtaka.

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir
Steinunn Hrafnsdóttir

## 1.5 Ástarrannsóknir

### 1.5.1 Hvað þurfum við til að elska? Viðhorf Íslendinga til þess hvað er mikilvægt í góðu hjónabandi í alþjóðlegum samanburði

Mannfólkið hefur lengi myndað ástarsambönd en tilgangur þeirra hefur verið breytilegur yfir tíma og á milli samfélaga. Oft var frekar um að ræða samband af hagkvæmnisástæðum, en hugmyndin um rómantíska ást kemur fram á miðöldum og hefur orðið meira ráðandi í vestrænum samfélögum. Samt er það þannig að þó margir sækist eftir rómantískri ást eru ýmsar ástæður fyrir að fólk gengur í hjónaband og það er misjafnt hvað er talið mikilvægt fyrir gott hjónaband. Í þessari grein spyrjum við þriggja spurninga: 1) Hvað telja Íslendingar að sé mikilvægt í hjónabandi; 2) Er munur eftir félagslegum þáttum; og 3) Hvernig eru áherslur Íslendinga í samanburði við önnur lönd. Við svörum þessum spurningum með því að nota gögn úr Evrópsku Lífsgildakönnuninni frá 2017 en hún var lögð fyrir í 33 Evrópulöndum. Fyrstu niðurstöður sýna að Íslendingar leggja áherslu á mikilvægi þess að vera trúr, að deila heimilsstörfum og að hafa tíma fyrir eigin vini og eigin áhugamál, en tiltölulega litla áherslu á að hafa nægar tekjur, gott húsnæði og að eiga börn. Þannig sér stór hluti Íslendinga gott hjónaband það sem einkennist af trausti og sameiginlegri ábyrgð þar sem báðir aðilar geta blómstrað sem einstaklingar. Samkvæmt Lífsgildakönnuninni virðast Íslendingar vera komnir lengra frá eldri hugmyndum um hjónabönd sem hagkvæmisstofnun heldur en almenningur í flestum öðrum Evrópulöndum.

Sigrún Ólafsdóttir
Berglind Rós Magnúsdóttir

Lykilorð: hjónaband, samanburðarrannsóknir, ástarrannsóknir.

### 1.5.2 Réttlát ást á tveimur öldum

Erindið snýst um réttláta ást sem er ástarhugmynd sem fræðimenn jafnt sem aðgerðasinnar hafa nýtt í baráttunni fyrir viðurkenningu á mannréttindum hinsegin fólks. Líkt og á við um kvennabaráttuna má tala um fyrstu og aðra bylgju baráttunnar fyrir réttlátri ást homma og lesbía. Fyrri bylgjan hófst á ofanverðri 19. öld og entist eitthvað inn á þá 20. Sú síðari byrjaði upp úr 1970 en óx svo ásmegin upp úr 1990 þegar tekið var að berjast fyrir samfélagslegri og kirkjulegri viðurkenningu á ást þeirra og löglegri sambúð. Tekin eru tvö dæmi frá tveimur öldum með það að markmiði að varpa ljósi í það sem er sameiginlegt og hvað ekki. Á ofanverðri 19. öld börðust hommar í Þýskalandi og Englandi fyrir viðurkenningu á homogenic ást sinni — án sýnilegs árangurs. Réttri öld síðar var umhverfið og menningin víða gjörbreytt og meiri vilji til að umbylta viðhorfum jafnt sem lögum um samkynhneigð og borgaraleg réttindi hinsegin fólks. Dæmi um það er Ísland þar sem mikill kraftur færðist í þessa baráttu eftir 2000. Lykilatriði í því samhengi var nýr skilningur á ástinni þar sem réttlæti, frelsi og sjálfræði voru sett á oddinn. Erindið byggist á textarannsókn. Byggt er á frumheimildum jafnt sem síðari tíma heimildum.

Sólveig Anna Bóasdóttir

Lykilorð: réttlát ást, mannréttindi, hinsegin fólk.

### 1.5.3 Á valdi ástarinnar- um markaðslegan tilgang og félagslegt taumhald hugmyndarinnar um rómantíska ást

Hugmyndin um vald rómantískrar ástar er rótgróin í menningu vestrænna samfélaga. Rómantísk ást er notuð grimmt til að markaðssetja og selja, ekki bara varning og vörumerki heldur líka hugmyndafræði sem viðheldur valdakerfum. Í sumu tilliti hefur hún tekið við af trúarbrögðum sem hið óáþreifanlega en þó magnaða afl sem allt knýr áfram. Rómantísk ást er einnig gríðarlega mikilvægur drifkraftur kynjakerfisins þar sem ástarkraftur gengur kaupum og sölum á markaðstorgi þar sem hallar mjög áberandi á annað kynið. Hér er spurt hvort hugmyndin um rómantíska ást tengist auknu pólitísku og félagslegu valdi kvenna á 20. öld og þeirri ógn sem valdahlutföll kynjanna standa frammi fyrir í kjölfarið. Bleikrauðu kastljósi er beint að ýmsu dægurefni sem setur ástina og hlutverk kynjanna í forgrunn. Efnið er greint með aðferðum orðræðugreiningar og stuðst við kenningar Evu Illouz um hagræn áhrif markaðssetningar á rómantískri ást í ljósi kenninga Horkheimer og Adorno um menningariðnaðinn og að lokum könnuð tengsl slíkrar markaðssetningar við kenningar Önnu Guðrúnar Jónasdóttur um ástarkraftinn.

Brynhildur Björnsdóttir
Silja Bára Ómarsdóttir

### 1.5.4 Ég sé þig: Gróteskur kvenleiki Kristínar Gunnlaugsdóttur í samhengi sjónrænnar auðvaldshyggju

Árið 2015 málaði listakonan Kristín Gunnlaugsdóttir verkið Ég sé þig. Verkið birtir okkur ógnandi dökka kenveru, málað í gróteskum karnivalstíl. Það má túlka áherslur verksins sem umsnúning á rómantískum hugmyndum um ljúfa ímynd ástarinnar, nokkuð sem er lýsandi fyrir verk Kristínar undanfarin ár. Það er í þessu samhengi sem áhrifin þurfa pólítískrar greiningar við. Hvernig getur krítískt verk sem þetta verið átakspunktur sem birtir okkur falið valdasamspil og kúgun í samfélagi samtímans? Í skoðun á þessu leita ég annars vegar til skoðunar bandaríska menningarfræðingsins Maryar Russo sem hefur rannsakað ímyndir gróteskra líkama kvenna í menningarlegu samhengi, hins vegar til kenninga ísraelska félagsfræðingsins Evu Illouz um tengsl 'andhverfra tengsla' (negative relations) og 'sjónrænnar auðvaldshyggju' (scopic capitalism) í valdbeitingu á grundvelli kynlífshegðunar og efnahags. Það er í þessu samhengi kynmyndar og valda sem síðari verk Kristínar Gunnlaugsdóttir tengjast; myndrænt uppbrot hennar á síðari árum er þannig einkennandi fyrir ástand heimsins, túlka má áhrifin sem listræna birtingarmynd og viðbrögð við ríkjandi ástandi andhverfra tengsla.

Hlynur Helgason

Lykilorð: andhverf tengsl, sjónræn auðvaldshyggja, grótesk kvenmynd.

### 1.5.5 „Ég hef alltaf minni og minni áhuga á þessu hefðbundna sambandi“: Tilhugalíf fráskilinna framakvenna

Hér er rýnt í ástarreynslu kvenna á miðjum aldri sem hafa skilið við langtímamaka og eru að reyna að fóta sig í breyttum og sítengdum veruleika tilhugalífsins. Tekin voru djúpviðtöl við konur sem standa nokkuð ofarlega í vinnuhagkerfinu og þau greind með aðstoð hugtaka úr smiðju Önnu Guðrúnar Jónasdóttur, Evu Illouz og Pierre Bourdieu. Ýmislegt hefur breyst á vettvangi ástarinnar frá því þær voru þar síðast. Þeim finnst erfiðara nú en áður að upplifa sérstöðu og öðlast fullvissu um eigin og annarra ástartilfinningar og varanleika þeirra; þrenna sem taldist eitt sinn grundvöllur ástarsambands. Þær lifa ýmist meira í takt við neyslumenningu kynlífs og ástar eða eru í pásu frá ástinni sem birtist í óvirkni eða tímaböndum (e. situationship) og hafa samsamað sig frádrægum tengslum (e. negative relations). Konurnar hafa tileinkað sér ýmis gildi markaðarins til að finna með skjótum hætti þann ástarverðuga. Þær hafa sjálfar fundið á eigin skinni hversu auðvelt er að aftengjast mögulegu ástarviðfangi í skjóli tæknivæddrar fjarlægðar. Konurnar eru sjálfum sér nógar félagslega og efnahagslega og velja að búa einar. Þær eru ekki að leita aftur að sambúð þótt þær séu að leita að ást. Vegna óvissunnar sem ríkir í rómantískum tengslum hafa þessar konur lagt enn meiri áherslu á vinatengsl og kvennasamstöðu sem jafnframt nýtist til að verja sig ástararðráni.

Berglind Rós Magnúsdóttir

Lykilorð: ástarrannsóknir, valdatengsl, gagnkynhneigð.

## 1.6 Birtingarmyndir kynbundins ofbeldis og viðbrögð við því

### 1.6.1 Meðhöndlun ásakana um kynferðisofbeldi í meiðyrðamálum: Ærumeiðingar eða sönn ummæli?

Á síðustu árum hefur færst í aukana að meintir gerendur stefni þolendum, blaðamönnum og 3ju aðilum fyrir ásakanir þeirra eða umfjöllun um kynferðisofbeldi. Í erindinu verður gerð grein fyrir þeim fimm áfrýjunardómum þar sem meintir gerendur stefndu þolendum fyrir ærumeiðingar. Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi: Hvernig hafa íslenskir dómstólar dæmt í meiðyrðamálum sem byggja á ásökunum stefndu um meint kynferðisofbeldi stefnenda? Hvaða þemu einkenna dómana? Aðferðin er þemagreining. Niðurstöður sýna að í engu málanna hafa þolendur verið dæmdir fyrir meiðyrði eða gert að greiða stefnendum bætur og ýmist hafa stefnendum eða ríkinu verið gert að greiða þolendum málskostnað. Í einu máli var stefnandi kona en í fjórum voru stefnendur karlar. Stefndu voru allar konur. Vörn stefndu var í flestum tilvikum byggð á tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, og að ummæli þeirra hafi verið sannleikanum samkvæm. Í flestum málanna, og á grundvelli lægri sönnunarkröfu, tekur áfrýjunardómurinn undir með stefndu og telur að þær hafi leitt nægar líkur að réttmæti ummæla sinna. Í þremur málanna töldu stefndu að með ummælum sínum hafi þær verið að taka þátt í mikilvægri samfélagsumræðu um kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum, og í tveimur þeirra tekur dómurinn beinlínis undir með stefndu. Út frá niðurstöðunum má álykta að lögsóknir meintra gerenda gegn þolendum kynferðisofbeldis vegna ærumeiðandi ummæla sé liður í þeirri samfellu óréttlætis sem þolendur eru beittir.

Hildur Fjóla Antonsdóttir

Lykilorð: ærumeiðingar, kynferðisofbeldi, dómar.

### 1.6.2 Samanburður á komum kvenna á bráðamóttöku Landspítala vegna áverka í kjölfar heimilisofbeldis eða annars konar ofbeldis

Bakgrunnur: Heimilisofbeldi er eitt af heimsins stærstu lýðheilsuvandamálum. Birtingarmynd er marskonar og kemur meðal annars fram í aukinni notkun þolenda ofbeldisins á heilbrigðiskerfinu. Tilgangur: Að henda reiður á og bera saman áverkakomur kvenna sem koma vegna heimilisofbeldis og vegna annars konar ofbeldis. Slíkar niðurstöður gætu verið klínískt mikilvægar þegar þolendur ofbeldis leita á heilbrigðisstofnun. Aðferð: Gögnum var safnað afturvirkt úr sjúkraskrárkerfum Landspítala (LSH) um allar komur kvenna á bráðamóttöku (BMT) LSH á rannsóknartímabilinu 2004-2019 með líkamlega áverka eftir ofbeldi. Hópnum var skipt í tvennt; a) koma vegna heimilisofbeldis (HO), b) koma vegna annars konar ofbeldis (AO). Niðurstöður: Meirihluti HO mála átti sér stað í heimahúsi (86%) og þar var oftast núverandi maki að verki (55%). Algengast var að einn gerandi væri á bak við HO líkamsárásir gegn konum (95%). Konur sem komu með líkamlega áverka eftir AO voru líklegri til að mæta á BMT um helgar ($p=0.003$) og HO konur líklegri til að koma milli kl 08:00-16:00 ($p<0.001$). Algengasta tegund áverka kvenna í HO hópi voru yfirborðsáverkar staðsettir á andliti, höfði og á hálsi og á efri útlimum (61%). Ályktun: Tegund og staðsetning áverka gefur ekki skýra vísbendingu um hvort um sé að ræða HO eða AO. Árangursríkara væri að styðjast við atriði eins og staðsetningu atviks, komutíma á BMT og fjölda gerenda.

Drífa Jónasdóttir
Tinna L. Ásgeirsdóttir
Eiríkur Ö. Arnarsson
Eleni Ashikali
Þórdís K. Þorsteinsdóttir
Brynjólfur Mogensen

Lykilorð: heimilisofbeldi, áverkar, bráðamóttaka.

### 1.6.3 Ég er ekki skrímsli: Um áhrif skrímslaorðræðunnar á sjálfsmynd gerenda ofbeldis í nánum kynnum og sýn þeirra til eigin verka

Ofbeldi karla í garð kvenna í nánum kynnum er samfélagslegt mein sem mikilvægt er að uppræta. Erindi þetta er framlag til rannsókna sem spyrja femíniskra spurninga um hlut karla í ofbeldi gegn konum og leita skýringa á því hvernig ofbeldi þrífst og er viðhaldið í nútíma samfélagi. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Hvernig sjá gerendur ofbeldisverk sín og hvernig finnst þeim þau endurspegla hverjir þeir eru og hvað þeir standa fyrir? Erindið byggir á sex djúpviðtölum við gerendur ofbeldis í nánum kynnum. Aðferðir hrif-orðræðu voru notaðar

við greininguna. Aðferðin gerir það kleift að skoða hvernig fyrirframgefnar ályktanir um t.d. karlmennsku og ofbeldi vekja með okkur ólík hrif sem ýmist hreyfa við eða hamla getu okkar til þess að bregðast við. Niðurstöður sýna að heterónormatíf orðræða um karlmennskur var viðmælendum mikilvæg til þess að skilja ofbeldisverk sín. Þá var skrímslaorðræðan viðmælendum hugleikin, en hún birtist í frásögnum allra viðmælenda en á ólíkan máta eftir félagslegri stöðu þeirra. Annars vegar sáu þátttakendur af millistétt skrímslið sem form af útskúfun, þeir samsvöruðu sig ekki skrímslinu og kölluðu eftir nýjum leiðum til þess að túlka/ræða ofbeldið. Þátttakendur af lægri stéttum hins vegar upplifðu skrímslið sem tímabundið stjórnleysi, þeir bentu á að til væru stærri skrímsli en þeir og leituðu gjarnan ytri þátta (t.d. æska, lífsstíll) til þess að útskýra hegðun sína og stjórnleysi.

Katrín Ólafsdóttir

### 1.6.4 „Þegar hann snýr baki í mig fokka ég á hann“: Kynferðisleg valdbeiting á vinnustað og viðbrögð kvenna

Í fyrstu bylgju metoo hreyfingarinnar birtust rúmlega 600 frásagnir sem lýstu kynferðislegri valdbeitingu á vinnustað. Í erindinu er fjallað um upplifun, og þá sérstaklega líkamleg og andleg viðbrögð, kvenna við kynferðislegri valdbeitingu á vinnustað og hvaða aðferðum þær beita til þess að takast á við valdbeitinguna. Metoo frásagnirnar voru þemagreindar og helstu niðurstöður eru í fyrsta lagi þær að konur upplifa að þrengt sé að tilveru þeirra og tilverurétti. Þær efast um eigin dómgreind og upplifun af veruleikanum. Valdbeitingin tekur sér bólfestu innra með þeim og gerir það að verkum að þær upplifa sig fastar í tíma og rúmi. Í öðru lagi þá leitast konur við að standa vörð um tilverurétt sinn með ýmsum ráðum. Þær nota tækifærin sem bjóðast til að sýna fram á og beita gerendamætti sínum jafnvel þó þeim takist ekki að hreyfa við kynbundnum valdatengslum. Samantekið þá sýna metoo frásagnirnar hversu viðtekin kynferðisleg valdbeiting á vinnustað er og um leið hversu brýnt er að breyta kynbundnum valdatengslum og að afnema yfirráðaréttur karla yfir líkömum kvenna.

Annadís Greta Rúdólfsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

Lykilorð: metoo, kynferðisleg valdbeiting, vinnumenning.

## 1.7 Byggðafræði I: Ungt fólk í dreifðum byggðum

### 1.7.1 Líðan unglinga í dreifbýli

Á Íslandi hafa lengi verið skiptar skoðanir um kosti og galla þess að búa í dreifbýli. Annars vegar horfa menn til hins rómantíska einfaldleika fámennisins og hins vegar til allra tækifæranna sem felast í þéttbýli. Þetta á ekki síst við þegar kemur að börnum og unglingum og spurningunni um það hverjar séu kjöraðstæður fyrir þau að vaxa og þroskast í. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvernig líðan barna og unglinga mælist á mismunandi landsvæðum og skoða hugsanlega áhrifaþætti. Notuð voru gögn úr rannsókninni Heilsa og lífskjör skólabarna (Health Behaviour in School-Aged Children — HBSC). Frá árinu 2006 hefur þessi rannsókn verið lögð fyrir á Íslandi og í síðustu fyrirlögn veturinn 2017—2018 og fengust svör frá 7.159 nemendum. Niðurstöður mælinga á depurð voru mjög mismunandi milli landshluta, en voru einnig breytilegar eftir kyni og aldri. Ekki var hins vegar að sjá skýran mun á tíðni depurðar eftir búsetu í dreifbýli eða þéttbýli. Þannig sögðust 3,7% nemenda í 6. bekk á Austurlandi finna daglega fyrir depurð, samanborið við 10,9% á Norðurlandi vestra og 5,9% á Höfuðborgarsvæðinu. Meðaltalið fyrir landið allt í þessum aldurshóp var 6,4%. Tíðni daglegrar depurðar jókst með hækkandi aldri þegar horft er til alls landsins og var 9,1% í 10. bekk. Í þeim aldurshópi mældist hún lægt á Norðurlandi vestra (3,1%), en hæst á Norðurlandi eystra (14,5%). Greinilegt er að búseta hefur áhrif á líðan barna og unglinga en tengist flóknari fyrirbærum en búsetuþéttleika.

Ársæll Arnarsson

Lykilorð: búseta, unglingar, líðan.

### 1.7.2 Participation and well-being of young immigrants in rural areas in Iceland

Prior studies indicate that first generation immigrant youth often face challenges regarding their well-being and inclusion in the receiving society. This particularly applies to young immigrants living in rural areas who have been found to often intend to migrate to urban areas. The number of immigrants in Iceland has increased significantly in recent years and today immigrants of all ages are living in Iceland. Drawing on a survey conducted amongst migrants in Iceland in 2018 (N=2,139), I investigate differences in satisfaction with life, experiences of discrimination, and social inclusion in the receiving society amongst immigrants of different ages in Iceland. I further highlight the characteristics of immigrant youth living in rural areas of Iceland (18-25 years old), investigating their motivations moving to Iceland, overall satisfaction with life in Iceland, and involvement in the local community. Additionally, this paper investigates migration intentions of immigrant youth regarding their intended length of stay in the municipality in which they live and intended length of stay in Iceland. Based on this analysis, I make suggestions for policy makers and social services regarding the needs of immigrant youth in rural areas of Iceland.

Lara Wilhelmine Hoffmann

Lykilorð: immigration, rural, youth.

### 1.7.3 Staða og líðan ungra karlmanna í landsbyggðarsamfélagi

Í fyrirlestrinum verður fjallað um rannsóknarverkefnið „Staða og líðan ungra karlamanna í landsbyggðarsamfélagi" en verkefnið var styrkt af Atvinnu- og rannsóknarsjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2021. Meginmarkmið verkefnisins var að kanna á hvaða hátt samfélagsleg gildi og orðræða hefði áhrif á frammistöðu og líðan ungra karlmanna í því samfélagi sem þeir búa og hvernig það birtist í námsgengi þeirra, líðan og framtíðaráformum.

Um var að ræða; í fyrsta lagi öflun gagna með einstaklings- og rýnihópaviðtölum í Sveitarfélaginu Hornafirði og í öðru lagi var lögð fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu rafræn spurningakönnun en sá verkþáttur var styrktur af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Þeir þættir sem leitast var við að fá svör við voru upplifun ungs fólks, einkum ungra karlmanna, á samfélaginu, viðhorf til náms, eigin frammistöðu og árangurs í námi og líðan auk upplifunar ungs fólks á viðhorfi samfélagsins til kynjanna.

Megin niðurstaða rannsóknarinnar var að samfélagsleg gildi og orðræða um ríkjandi karlmennsku hefur áhrif á líðan ungs fólks, sérstaklega unga karlmenn. Sú orðræða birtist m.a. í þeirri samfélagslegu kröfu að ungir karlmenn eigi að vinna mikið hvort sem þeir eru í námi, íþróttum eða ekki og eigi jafnframt að standa sig vel á öllum sviðum. Þeir viðhalda orðræðunni með því að reyna að standa undir þeim væntingum sem til þeirra eru gerðar, þó þeir séu ekki sammála þeim.

Óskar Kristjánsson
Anna Guðrún Edvardsdóttir

Lykilorð: ungir karlmenn, líðan, samfélag.

### 1.7.4 „Hvað ef ég vil vera hér?“

Nýheimar þekkingarsetur hefur á undanförnum árum unnið að innlendum sem og fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum þar sem málefni ungs fólks hafa verið til umfjöllunar. Vinna setursins hófst árið 2015 með fjölþjóðlegu samstarfsverkefni sem fjallaði um atgervisflótta ungs fólks frá dreifðari byggðum. Frá því hafa verkefni setursins náð til um 150 ungmenna á Hornafirði. Helstu samstarfsaðilar hafa verið Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS), nemendafélag FAS, Ungmennaráð Hornafjarðar og Grunnskóli Hornafjarðar.

Í verkefnum sínum hefur setrið framkvæmt viðhorfskannanir meðal ungmenna auk þess að standa fyrir jafningjafræðslu, valdeflandi námskeiðum og viðburðum fyrir hópinn. Viðhorf ungmenna hafa verið könnuð með einstaklingsviðtölum og rýnihópum. Meðal annars hefur verið fjallað um samfélagsþátttöku ungs fólks, sýn þeirra á tækifæri til menntunar og atvinnu, búsetuval og lýðræðisþátttöku.

Áhugaverður samhljómur hefur verið meðal ungmenna hvað varðar upplifun þeirra af samfélaginu, stöðu ungs fólks og þeirra þátta sem helst ákvarða viðhorf þeirra til framtíðar búsetu á staðnum. Kynntar verða helstu niðurstöður viðhorfskannanna og fjallað um mögulegar leiðir til að sporna við atgervisflótta ungs fólks af landsbyggðinni. Sérstaklega verður fjallað um tengsl tækifæra til menntunar og búsetuvals sem og tengsl námsvals og búsetu á landsbyggðinni.

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Lykilorð: ungt fólk, samfélagsþátttaka, búseta.

## 1.8 Byggðafræði II: Menntun og rannsóknir í landsbyggðunum

### 1.8.1 Skólaþjónusta og stuðningur við skólastarf á landsbyggðunum – áskoranir í dreifbýli

Í erindinu verður fjallað um nýlega rannsókn um umgjörð og starfshætti skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla en þar var dregin upp heildarmynd af því hvernig sveitarfélög standa að lögbundinni skólaþjónustu. Slík rannsókn hefur ekki áður verið gerð á Íslandi. Gögnum var safnað með 1) spurningakönnun sem send var til skólastjóra leik- og grunnskóla og forsvarsaðila skólaþjónustunnar í 72 sveitarfélögum á Íslandi, 2) viðtölum við forsvarsaðila skólaþjónustunnar í fimm völdum tilvikum og 3) greiningu á helstu stefnuskjölum um skólaþjónustuna sem birt eru á vef sveitarfélaga. Í málstofunni verða kynntar niðurstöður er varða framtíðarhlutverk skólaþjónustu og hvort breytinga sé þörf á núverandi skipulagi hennar, hvers konar ytra skipulag hentar skólaþjónustunni og hvernig fámenn sveitarfélög geta staðið undir lögbundinni skólaþjónustu.

Niðurstöðurnar verða skoðaðar í því ljósi að sveitarfélög eru misvel í stakk búin að uppfylla lagalegar skyldur sínar um skólaþjónustu. Í niðurstöðunum kemur fram sterk krafa um að líta á skólaþjónustu sem hluta af víðtækari þjónustu sem sveitarfélög eiga að veita og samþætta þannig skólaþjónustu við önnur þjónustukerfi í nærumhverfi skólanna. Rætt verður um hvar skórinn kreppir í skólaþjónustu á landsbyggðinni; uppfyllir skólaþjónustan alls staðar það hlutverk sitt að efla skóla sem faglegar stofnanir, styrkja menntun fyrir alla og stuðla að jafnræði til náms á landsvísu?

Rannsóknin var styrkt af Rannsóknarsjóði Háskólans á Akureyri og mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Hermína Gunnþórsdóttir
Birna María Svanbjörnsdóttir
Jórunn Elídóttir
Rúnar Sigþórsson
Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Trausti Þorsteinsson

Lykilorð: skólaþjónusta, dreifbýli, landsbyggðir.

### 1.8.2 Staða og hlutverk skólasamfélags við gerð samfélagsáætlana í brothættri byggð

Í fyrirlestrinum verður fjallað um verkefnið „Staða og hlutverk skólasamfélags við gerð samfélagsáætlana í brothættri byggð" en það var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2020. Meginmarkmið verkefnisins var að kanna aðkomu skólasamfélaga í brothættum byggðum við mótun og gerð samfélagsáætlana en við gerð þeirra er lögð áhersla á víðtækt íbúasamráð.

Verkefnið fól í sér öflun, greiningu og túlkun opinberra gagna er tengjast gerð samfélagsáætlana í brothættum byggðum og var ríkjandi orðræða greind með því að beita sögulegri orðræðugreiningu. Beiting slíkrar aðferðafræði er hentug þegar rýnt er í opinber skjöl og stefnumótunargögn þar sem markmiðið er að greina þá orðræðu sem fests hefur í sessi og hefur þannig áhrif á val aðgerða sem finna má í áætlunum samfélaganna og samþykkt hafa verið á íbúaþingum. Við greiningu og túlkun gagna vann leiðbeinandi náið með nemanum sem til verksins var ráðinn.

Valin voru tvö byggðalög; Skaftárhreppur, sem lokið hefur þátttöku sinni í verkefninu Brothættar byggðir og Þingeyri, sem enn er þátttakandi í því verkefni.

Megin niðurstaða greiningarvinnunnar var að orðræða um fólksfækkun og nauðsyn þess að fjölga ungu fjölskyldufólki ásamt orðræðunni um sérstöðu samfélaganna á sviði náttúru, menningar og sögu eru ríkjandi og miðar val aðgerða í samfélagsáætlunum að þeirri orðræðu. Ekki verður séð að leitast sé markvisst eftir skoðunum og viðhorfum skólasamfélagsins, þ.e. barna og ungmenna um framtíðarskipulag samfélagsins.

Anna Guðrún Edvardsdóttir

Lykilorð: skólasamfélög, samfélagsáætlanir, brothættar byggðir.

### 1.8.3 Um barnafræðslu og barnakennara við Húnaflóa 1887–1905

Óútgefnar skýrslur sveitakennara veita dýrmætar upplýsingar um bæði þau sem kenndu og ungmennin er nutu formlegrar fræðslu fyrir setningu fræðslulaganna 1907. Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um þessa tvo hópa og greina félagslega stöðu þeirra eftir því sem kostur er.Meðal niðurstaðna er að Strandasýsla og Húnavatnssýsla voru vel undir landsmeðaltali hvað skólasókn varðar. Minnst var hún norðan Steingrímsfjarðar, austan Hrútafjarðar og í ytri hluta Vindhælishrepps á Skaga. Allmikill munur var á milli sókna og/eða hreppa. Börn og systkini húsbænda voru 71% heildarinnar fræðsluárið 1894–1895 en fjölgaði í 78% áratug síðar. Hlutföll pilta og stúlkna voru tiltölulega jöfn og aldursbil nemenda breitt. Heimiliskennsla var ríkjandi

fræðsluform og fá börn gengu til kennslu milli bæja. Nafngreindir kennarar í fyrirliggjandi gögnum eru 102 og margir þeirra eru hvorki í Kennaratali eða öðrum prentuðum gögnum um kennara. Sagt verður frá niðurstöðum um þá einstaklinga sem nefndir eru, hver aldur þeirra og undirbúningsmenntun var og leitað verður svara við því hvað þessir einstaklingar gerðu að ævistarfi sínu. Allar niðurstöður eru kyngreindar og leitast er við að greina sam- og sérkenni með kennurum við Húnaflóa og kollegum þeirra annars staðar.

Bragi Guðmundsson

Lykilorð: barnafræðsla, sveitakennsla, sveitakennarar.

### 1.8.4 Áhrif háskólamenntunar á búferlaflutninga

Tækifæri til háskólamenntunar eru mikilvægur áhrifaþáttur búferlaflutninga hér á landi líkt og annars staðar á Vesturlöndum. Uppbygging svæðisbundinna háskólastofnana og síðar uppbygging fjarnáms hafa því verið snar þáttur í byggðastefnu margra landa. Á sama tíma eru mörg störf sem krefjast háskólamenntunar staðsett í borgum og tækifæri háskólafólks til að finna störf við hæfi í dreifðari byggðum því oft takmörkuð. Enn fremur oft reynst erfitt að manna stöður sem krefjast háskólamenntunar í dreifðari byggðum og starfsmannaskipti í slíkum stöðum oft mikil. Í þessu erindi verður byggt á opinberum gögnum og niðurstöðum spurningakannana til að meta áhrif háskólamenntunar á búferlaflutninga á Íslandi. Sérstaklega verður lagt mat á áhrif staðsetningar háskóla og aðgengis að fjarnámi á búsetuval fólks sem ólst upp í dreifðari byggðum. Jafnframt verða metin áhrif nálægðar við fjölbreyttari vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar á aðflutning háskólamenntaðs fólks, bæði þeirra sem ólust upp á viðkomandi svæðum en fluttu á brott til að afla sér menntunar og hinna ólust upp annars staðar en fluttu þangað á fullorðinsárum.

Þóroddur Bjarnason

Lykilorð: háskólamenntun, landsbyggðir, búferlaflutningar.

## 1.9 Disability, Gender and Justice

### 1.9.1 Divided Movements: How reproductive rights have unified and fractured the collective activism of the feminist and disability movements

By most accounts, feminism and disability rights in both theory and activism, are symbiotic. Founded on similar principles of choice, autonomy and control, as well as based on a critical analysis of the body, the disability rights and feminist movements have benefitted enormously from their intersecting theoretical and human rights activism. Despite such harmony in theory, feminists with disabilities have felt historically marginalized from the mainstream women's movement, specifically around the reproductive rights issues of prenatal testing, abortion and fetal impairment. This has created growing divisions and mistrust between the movements. Taking this to a national context, this study aims to examine recent changes in reproductive rights legislation in Iceland and Ireland which have highlighted the tensions between national feminist and disability movements. Based on data collected through qualitative interviews with leading members from both groups, the paper will highlight areas of commonality and tension, and how these are reflected in national policy. It will also discuss how the recent legislative shifts in reproductive rights in Iceland and Ireland have reinforced perceived disability discrimination within reproductive rights policy while simultaneously, sparking anxiety amongst the feminist movement of potential advocacy towards curbing reproductive rights.

Meghan Smith

Lykilorð: disability movement, feminist movement, reproductive rights.

### 1.9.2 Human rights, child protection and structural violence

Custody deprivation is a serious application of bureaucratic and legal power. Such actions are generally intended to be reserved for cases in which there is a significant risk to the health, well-being and development of children. However, research demonstrates that vulnerable or marginalised parents are also at a higher risk of child protection interference than other members of society. Careful attention needs to be paid to how child protection investigations are conducted, information is collected and assessed, and supports are implemented in light of societally based prejudices and stereotypes concerning certain groups which has the power to influence the outcome of cases. Our presentation is based upon the combined knowledge derived from the first-hand experience as a legal professional (first author), and the findings from multiple research projects involving the assessment of child protection cases (second author). The analysis here is framed in the context of respecting the human rights of parents with disabilities but also within the context of structural violence; that is to say, how actions and practices within child protection investigations intended to be objective and professional nevertheless can result in outcomes which are structurally 'violent' for parents and their children.

Helga Baldvins Bjargardóttir
James G. Rice

Lykilorð: disabled parents, custody deprivation, prejudice and stereotypes.

### 1.9.3 Maintaining Family Unity as Parents with Intellectual Disability: A Case Study

Introduction and purpose: Countless studies show that parents with Intellectual disability face more significant barriers in keeping and raising their children than most other parents. Disproportional child protection involvement and child removal not always based on poor parenting abilities, but rather discriminatory approaches have been reported worldwide. However, little is known about parents who have successfully maintained their family unity, and what surrounding factors enable them to thrive. The purpose of the study is to identify the aspects that have enabled parents with intellectual disability to preserve their family unity, looking both to individual characteristics and the context surrounding the family.

Method: This is a qualitative case study. Data was collected through in-depth interviews with parents with intellectual disabilities, their family members, support personnel and documents from social services.

Results: Preliminary findings suggest that the parents and their children are nested within web of capability enhancers enabling the parents to keep their family intact and overcome barriers. Strong family support, a cooperative and flexible support system, and advocates, such as right protection officers and lawyers are imperative along with certain individual traits of the parents to enable them to maintain their family unity.

Sara Stefánsdóttir

Lykilorð: parenting, intellectual disability, family unity.

### 1.9.4 Violence and Disabled Women: Access to Justice

Even though it is framed as a human rights concern violence against disabled women remains largely invisible and rarely acted upon by authorities. Limited research has focused on access to justice for disabled women who have been subject to violence. There is little knowledge and understanding about the reporting and prosecution of violence against disabled women internationally and in both Iceland and UK, where the research presented here is carried out. The on-going research seeks to contribute to a new and holistic understanding of the lived experience of disabled women as well as those supporting them throughout detection, reporting and prosecuting violence. Using an interdisciplinary approach, the research will help to bridge the gap in knowledge between legal obligations, such as those embedded in the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities, and how these rights materialize in the lives of those they are intended to affect, protect and empower. The presentation draws on the empirical data already collected which include qualitative interviews and document analysis. Focusing on one court case, the emerging findings on access to justice for disabled women will be discussed. This includes a focus on the meaning of 'justice' and what 'justice' entails for the disabled woman and for others involved with her case.

Eliona Gjecaj

Lykilorð: violence, disabled women, justice.

## 1.10 Er móða á kynjaglerаugunum?

### 1.10.1 Fjármálalæsi kynjanna

Við skoðum kynjamun á fjármálalæsi. Þó að flestar rannsóknir bendi til þess að konur séu síður fjármálalæsar en karlar, þá er það oft rakið til félagslegra þátta. Við spyrjum því hvort kynjamunur á fjármálalæsi sé til staðar á Íslandi, mesta jafnréttislandi í heimi. Ef fjármálalæsi er byggt á félagslegum viðmiðum ætti mismunur kynjanna á fjármálalæsi að vera minni í löndum eins og Íslandi þar sem konur búa við meira jafnrétti en margar aðrar þjóðir en slíkt hefur komið fram í rannsóknum, bæði eigindlegum og megindlegum. Aðferðarfræði þessarar rannsóknar er byggð á eigindlegri aðferðarfræði og notast var við aðhvarfsgreiningu. Framkvæmd fór þannig fram að við tókum úrtak íslenskra íbúa og stjórnuðum fjölda þátta eins og menntun, aldur, sambúðar form þ.e. hvort viðkomandi var giftur og tekjur viðkomandi. Teljast verður að niðurstaða okkar kom talsvert á óvart en þrátt fyrir sterkt jafnrétti kynjanna á Íslandi, þá eru konur með vera fjármálalæsari en karlar. Næsta skref yrði að finna út ástæðuna fyrir því að konur, jafnvel á hinu jafnréttissinnaða Íslandi, eru verr fjármálalæsar en karlar. Mögulega liggur ástæðan í því að þrátt fyrir að Ísland sé jafnréttissinnað, þá er enn langt í land hvað varðar jafnrétti kynjanna á ýmsum sviðum, einkum þeim sem tengjast fjármálalæsi.

Sigurður Guðjónsson

Lykilorð: fjármálalæsi.

### 1.10.2 Getur ráðningarferli að fyrirmynd hins opinbera jafnað hlut kvenna í forstjórastöðum skráðra félaga?

Mikill munur er á stöðu kynjanna hvað stjórnunarstöður varðar, eftir því hvort litið er til einkageirans eða hins opinbera. Konur virðast eiga mun erfiðara uppdráttar í æðstu stöður hjá skráðum félögum, þar sem ein kona er forstjóri. Rannsóknin leitar skýringa á því hvers vegna konur eru síður forstjórar í skráðum félögum. Sjónum er beint að því hvort þær reglur sem gilda um ráðningar í opinber störf gæti verið til þess fallnar að auka hlut kvenna í forstjórastöður skráðra félaga. Lagður var spurningalisti fyrir tvo hópa, konur í Félagi kvenna í atvinnulífinu, sem telur 1100 konur og fyrir félagsmenn í Exedra sem er hópur kvenna úr atvinnulífinu, stjórnmálum og opinbera geiranum og telur 225 konur. Einnig er stuðst við gögn um auglýsingar stjórnendastarfa hjá hinu opinbera og í einkageiranum, um 115 störf var að ræða og 3823 umsækjendur. Helstu niðurstöður eru þær að konur eiga auðveldara með að komast í æðstu stöður hjá hinu opinbera en í einkageiranum og að ráðningarferlið er nefnt sem helsta skýringin, ferlið væri mun gegnsærra og faglegra hjá hinu opinbera. Þá var bent á að skylda ætti skráð félög til að auglýsa æðstu stjórnendastöður.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Þóra H. Christiansen
Ásta Dís Óladóttir

Lykilorð: ráðningarferli, hæfnisnefndir, kynjamunur.

### 1.10.3 Stuðla fjárfestingar með kynjagleraugum að jafnari kynjahlutföllum?

Fjárfestingar með svokölluðum kynjagleraugum (e. Gender-lens investing) hafa vaxið mikið á síðastliðnum árum, eða úr um 15 milljónum króna á árinu 2014 í rúmlega 640 milljarða króna 2021. Markmiðið með slíkum fjárfestingum er að ýta undir jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Fjárfestingar með kynjagleraugum eiga sér oftast stað í gegnum fjármálagerninga eða sjóði og hafa laðað til sín hundruði milljarða, meðal annars frá fjárfestum á borð við stærstu lífeyrissjóði heims. Þá er því spáð að fjárfestingar með kynjagleraugum muni aukast í um 2500 milljarða króna á næstu árum. Í málstofunni verður gerð grein fyrir nýrri rannsókn þar sem sjónum er beint að því hvort fjárfestingar með kynjagleraugum hafi bein áhrif á kynjahlutföll í stjórnum og framkvæmdastjórnum skráðra fyrirtækja.

Nú hafa 138 sjóðir á heimsvísu lýst því yfir að markmið þeirra sé að fjárfesta með kynjagleraugum og greint verður frá nýrri rannsókn á fyrirtækjum á Bandaríkjamarkaði og á Norðurlöndunum sem fjárfest hefur verið í með þessum hætti. Auk þess sem sýnt verður hvernig nota má hugbúnaðarlausn og reitunarkerfi GEMMAQ, sem safnar rauntíma upplýsingum um kynjahlutföll meðal fyrirtækja, til þess að meta áhrif fjárfestinga miðað við kynjahlutföll í áhrifastöðum hverju sinni.

Freyja Vilborg Þórarinsdóttir

### 1.10.4 Á ég að gera það? Hverjir geta beitt áhrifum sínum í því skyni að jafna tækifæri karla og kvenna til þess að gegna æðstu stjórnunarstöðum?

Ísland er að mörgu leyti fyrirmyndarland þegar kemur að jafnréttismálum. Íslendingar hafa leitt lista Alþjóðaefnahagsráðsins 12 ár í röð og hafa náð hvað mestum framförum og lokað kynjabilinu um tæp 90%. Þá varð Ísland annað land heims á eftir Noregi að setja kynjakvóta á stjórnir félaga. Löggjöfin mætti ákveðinni mótspyrnu og ýmsir óttuðust að kynjakvótar myndu grafa undan samkeppnishæfni og vali á grundvelli verðleika. Í september 2021 eru 20 fyrirtæki skráð á Nasdaq Iceland og þrátt fyrir að stjórnir fyrirtækja falli undir reglugerðir um kynjakvóta er staða forstjóra skráðra félaga 19-1 körlum í vil. Markmið rannsóknarinnar er að kanna sýn kvenna á hvernig hægt sé jafna leikinn og draga úr kynjamuninum, ýta undir jöfn tækifæri fyrir karla og konur til að gegna æðstu stjórnunarstöðum. Með því að beita blönduðum aðferðum var gögnum safnað frá 189 kvenkyns leiðtogum fyrirtækja með könnun, og tekin viðtöl við 22 konur sem sitja í stjórnum allra félaganna. Niðurstöður sýna að breytinga er þörf, og bent á mögulegar leiðir; að setja kynjakvóta á framkvæmdastjórnarstöður, að lífeyrissjóðir setji ákvæði í eigendastefnu sína um kynjahlutföll og að stjórnir móti sér stefnu um hlutfall karla og kvenna í stöðum innan fyrirtækjanna.

Ásta Dís Óladóttir

Lykilorð: kynjakvótar, jöfn tækifæri, skráð félög.

## 1.11 Farvegir þjóðsagna og menningararfs I

### 1.11.1 Frá miðri 19. öld fram til nútímans: Sameining gagnagrunna innan þjóðfræða

Síðustu tvo áratugi hefur hlutverk stafrænna hugvísinda orðið veigameira innan rannsókna í hugvísindum og félagsvísindum. Gagnasöfn hafa byggst upp, innviðir verið þróaðir og nýir möguleikar í rannsóknum hafa opnast með tilkomu tölvutækninnar. Hér á landi hafa byggst upp stór gagnasöfn innan þjóðfræðinnar á síðustu árum. Í erindinu verður fjallað um tvö mikilvæg söfn, Ísmús og Sagnagrunn, og sýnt hvernig samsteypa þeirra breytir nálgun á þjóðfræðiefni frá miðri 19. öld fram til nútímans. Söfnin eiga um margt sameiginlegt þótt ýmislegt skilji þau að. Ísmús er gagnagrunnur yfir íslenskan músík- og menningararf og veitir aðgang að hljóðritasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en meginuppistaða þess er viðtöl sem tekin voru við fólk upp úr miðri síðustu öld en geymir einnig upptökur frá þessari öld. Sagnagrunnur er uppflettigrunnur með áherslu á landfræðilega dreifingu sagna í prentuðum þjóðsagnasöfnum. Þar má finna efni allt frá Íslenzkum þjóðsögum og ævintýrum Jóns Árnasonar frá 1862 til yngri safna sem komu út eftir miðja 20. öld. Ásamt þjóðfræðiefni geymir Ísmús upplýsingar um tónlistarsögu þjóðarinnar. Undanfarið ár hefur verið unnið að nýrri útgáfu af Ísmús hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í samstarfi við Tónlistarsafn Íslands. Í þeirri útgáfu sem kynnt verður í erindinu hefur söngnum úr Sagnagrunni verið bætt við og mun sú samsteypa bjóða upp á mun öflugri leit en áður í þessum stóru þjóðfræðigagnasöfnum.

Trausti Dagsson

Lykilorð: stafræn hugvísindi, þjóðsögur, gagnasöfn.

### 1.11.2 Svo miklu meira en drottningarleikur: Breytt hlutverk Fjallkonunnar í samtímanum

Þjóðlegur klæðnaður íslenskra kvenna hefur lengi verið eitt augljósasta tákn þjóðernisins og áþreifanlegur menningararfur. Fjallkonan, sem íklæðist honum, er eitt helsta tákn þjóðhátíðardags Íslendinga en um stöðu hennar í sögu og samtíð er margt á huldu. Hér er sagt frá fyrstu niðurstöðum yfirstandandi rannsóknar á ferli Fjallkonunar gegnum rómantískar upphafsmyndir, skrautlegt sýningarhald, pólitískar ákvarðanir og til stöðu hennar sem þjóðartákns, náttúruverndarvættar og persónulegrar fyrirmyndar. Uppruni hennar er settur í sögulegt samhengi, sem tákn landsins innan tengslaneta Sigurðar Guðmundssonar, og síðar tákn ríkisvalds í höndum íslenskrar valdastéttar. Viðtals- og vettvangsrannsóknir á meðal Fjallkvenna nútímans, og þeirra fjölmörgu sem að þeim koma, sýna svo fjölþætt hlutverk hennar í dag. Þær lýsa ólíkri reynslu af því að vera „prinsessa“ eða „drottning í einn dag“ en jafnframt þunga og ábyrgð „fullþroska manneskju“ í gervi hennar. Þá verður varpað ljósi á ólíkar birtingarmyndir Fjallkvenna og þau, oft mótsagnakenndu, hreyfiöfl sem búa að baki þeim. Með vísun í hugmyndir Jean Baudrillard um þróun ímynda verður vegferð hennar um hálfa aðra öld tekin til gagnrýninnar umræðu. Þannig ræðum við hugsanlega stöðu hennar sem táknmyndar sem vísar öllu jafna á sjálfa sig og myndar þar með eigin, mun sveigjanlegri, veruleika óháð uppruna sínum.

Anna Karen Unnsteinsdóttir
Karl Aspelund
Kristinn Schram

Lykilorð: fjallkonur, þjóðbúningar, menningararfur.

### 1.11.3 "A woman was home alone": When accounts of unusual occurrences become folk legends. A case study of polar bear narratives

Folk legends of "real life" events offer knowledge that goes beyond the event itself. They shine light on attitudes, beliefs and values held by those who tell them. In this case study of Icelandic polar bear narratives, we explore how folk ideas, beliefs and narrative motifs have been imposed on accounts of polar bear visits from 1918 to the present day. Through this analysis, we aim to challenge the boundaries between popular history and folk narrative, as well as provide insights into the role of gender, humour, identity and notions of the "other" in the legend-making process. The sources analysed are diverse in nature and include interviews and participant observation undertaken during the summer of 2020. Through comparative narrative analysis of the sources we conclude that these narratives assume characteristics of pre-established folk traditions. While certain motifs are identifiable in accounts spanning the whole period studied, other attitudes and beliefs expressed are confined to a particular time or place. The research also shows how the structure of some narratives is altered as narrators demonstrate a preference for humour and absurdity.

Aðalheiður Alice Eyvör Pálsdóttir
Kristinn Schram

Lykilorð: þjóðfræði, þjóðsagnafræði, pósthúmanismi.

### 1.11.4 „Hérna er heimalestur, núna eigið þið bara að sinna þessu“. Reynsla foreldra af heimalestri

Íslendingar kalla sig gjarnan bókmenntaþjóð og lögð er áhersla á læsi sem grunnfærni og hæfni við menntun barna. Á sama tíma leggur menntakerfið mikla ábyrgð á foreldra vegna lestrarþjálfunar barna án þess að taka tilliti til ólíkra aðstæðna foreldra til að takast á við þetta hlutverk í daglegu lífi.

Í þessu erindi verður sjónarhorninu beint að foreldrum í þeim tilgangi að greina upplifun þeirra og reynslu af heimalestri barna. Um er að ræða eigindlega rannsókn sem byggir á tíu hálfstöðluðum djúpviðtölum við foreldra barna í 1.-6. bekk grunnskóla. Foreldrarnir eru með ólíkan bakgrunn og lesa mismikið með börnum sínum. Þær niðurstöður sem hér eru kynntar eru hluti af yfirstandandi doktorsrannsókn í þjóðfræði þar sem áherslur á lestur og lestrarmenningu í íslensku samfélagi eru teknar til skoðunar með aðferðum gagnrýninnar orðræðugreiningar.

Helstu niðurstöður sýna að flestir foreldrar voru þeirrar skoðunar að lestur væri mjög mikilvægur, en fundu fyrir stressi yfir kröfum um að sinna heimalestri daglega. Foreldrar upplifðu líka að fyrirkomulag heimalesturs gæti haft neikvæð áhrif á lestraráhuga barna sinna þar sem það væri of þvingað og formfast.

Þar sem rannsóknin leiðir m.a. í ljós að mikill munur er á hvort foreldrum reynist auðvelt eða erfitt að uppfylla kröfur skóla um heimalestur verða niðurstöðurnar ræddar út frá sjónarmiðum um jafnrétti barna til náms.

Anna Söderström

Lykilorð: lestur, lestrarmenning, heimalestur.

## 1.12 Farvegir þjóðsagna og menningararfs II

### 1.12.1 Af jaðrinum mitt inn í hringiðu Covid viðbragða: Japanska hafmeyjan sem verndaði Japan

Yfirnáttúrulegar verur í japanskri menningu hafa oft þótt skondnar og áhugaverðar, en samt sem áður iðulega fjarstæðukenndar og fjarlægar nútíma reynsluheimi. Öðru máli er að hins vegar að gegna með hafmeyjuna Amabie, sem öðlaðist skyndilega mikla frægð þegar fyrsta Covid bylgjan reið yfir Japan.

Skyndilega mátti sjá ímynd hennar á allskyns matvörum, áfengi, á aðvörunarveggspjöldum heilbrigðisþjónustunnar og svo mætti lengi telja. Sérstaklega var hún áberandi á samfélagsmiðlum þar sem fólk deildi endalaust af myndum af þeirra eigin upplifun af Amabie, oft handteiknuðum og í fjöldamörgum útfærslum.

Í þessum fyrirlestri verður farið yfir ‚raun' sögu Amabie í rituðum heimildum, hvað það er í japönsku samfélagi sem gerði innreið hennar svo greiða, hví bæði Búddahof og Shintóhof kepptust við að framleiða verndarbleðla sem voru síðan stimplaðir með rauðu bleki og háæruverðugum stimplum hofanna. Hvernig hún varð á stuttum tíma tákn verndar gegn Covid, bæði formlega og óformlega, og hvernig sú vernd endurspeglaði ákveðna sögulega tengingu við eldri plágur og hugmyndina um ‚útlönd' sem og ‚útlendar veirur'.

Gunnella Þorgeirsdóttir

Lykilorð: þjóðfræði, Japan, COVID-19.

### 1.12.2 Sagnir um álagabletti, bannhelgi og þjóðtrú

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis aute irure dolor in reprehenderit in voluptate velit esse cillum dolore eu fugiat nulla pariatur. Excepteur sint occaecat cupidatat non proident, sunt in culpa qui officia deserunt mollit anim id est laborum."

Jón Jónsson

Lykilorð: þjóðtrú, þjóðsögur, bannhelgi.

### 1.12.3 Þulur, konur, börn: rannsókn á flutningi á þulum síðari alda

Í fræðilegri umfjöllun hafa þulur síðari alda (íslensk þjóðkvæði frá u.þ.b. 15.–20. öld) haft sterk tengsl við konur sem flytjendur og börn sem áheyrendur, eða a.m.k. allt frá skrifum Jóns Árnasonar (Lbs 587 4to VII). Í doktorsritgerð minni, Íslenskar þulur síðari alda (2020), er látið reyna á þessi tengsl með athugun á: (1) frumheimildum þulna (handritum frá 18.–20. öld og hljóðupptökum frá 20. öld), m.a. í hvaða samhengi heimildarmenn/safnarar setja þulur og hvort þeir nota orðið þulur eða annað tegundarheiti; (2) heimildarmönnum að þulum og (3) ummælum heimildarmanna um þuluflutning. Rannsóknin sýnir að flestir þuluflytjendur eru vissulega konur, en karlmenn hafa þó alltaf verið allnokkur hluti þuluflytjenda (um ¼—<U+2153>). Áheyrendur eru ekki aðeins börn, heldur einnig fullorðnir. Á 20. öld virðast börn vera helsti markhópurinn við þuluflutning, en um fyrri tíð er erfitt að dæma. Af rituðum heimildum má álykta að á 19. öld hafi heimildarmenn fremur skipað þulum í hóp með lengri frásagnarkvæðum en barnagælum. Helsta hlutverk þulna síðari alda virðist því hafa verið almenn afþreying, en gagnvart börnum gegna þær jafnframt huggunar- og þó einkum fræðsluhlutverki. Þessar niðurstöður má túlka þannig að þótt þulur hafi tengsl við konur sem flytjendur og börn sem áheyrendur og gegni vissu hlutverki í barnauppeldi þá einkenni þau tengsl vart þulur síðari alda umfram ýmis önnur þjóðkvæði.

Yelena Sesselja Helgadóttir

Lykilorð: þulur síðari alda, flutningur þjóðkvæða, konur.

### 1.12.4 „Lifandi listaverk sem ber að varðveita": íslenski fjárhundurinn í fortíð og samtíð

Talið er að íslenski fjárhundurinn hafi komið hingað til lands með fyrstu landnámsmönnum. Um miðja síðustu öld var litið orðið um hreinræktaða fjárhunda og stofninn nálægt útrýmingu en fyrir hugsjónastarf tókst að bjarga honum og í dag þrífst öflugt samfélag í kringum íslenska fjárhundinn. Þrátt fyrir þessa löngu samfylgd hefur samband fólks og íslenska fjárhundsins verið lítið rannsakað. Í erindinu verður sagt frá söfnun samtímaheimilda og frásagna um sambýli fólks og íslenska fjárhundsins sem fram fór sumarið 2021 með aðferðafræði

þjóðfræðisöfnunar og eigindlegum rannsóknaraðferðum. Tekin voru djúpviðtöl við fólk sem á og ræktar íslenska fjárhunda og sérstök áhersla lögð á að safna sögum um hundana sem og upplifun og reynslu af sambýli þeirra og manna. Afrakstur rannsóknarinnar er varðveittur í þjóðfræðisafni Árnastofnunar. Viðtölin varpa ljósi á breytt hlutverk íslenska fjárhundsins í samtímanum sem og merkingarbær tengsl fólks við hunda. Íslenski fjárhundurinn er ekki lengur aðeins fjárhundur nýtilegur til bústarfa heldur orðinn að heimilishundi, vini og félaga. Tengslin eru oft og tíðum djúpstæð og varpa ljósi á samband manns og dýra í stærra samhengi. Að auki gefa niðurstöður til kynna að íslenski fjárhundurinn sé orðinn hluti af þjóðarímynd og álitinn menningararfleifð sem þurfi að varðveita. Í erindinu verður varpað ljósi á þessa merkingu og umbreytingu, m.a. út frá kenningum um menningararf sem ferli merkingarmyndunar.

Ingibjörg Sædís Bergsteinsdóttir
Vilhelmína Jónsdóttir

Lykilorð: íslenskur fjárhundur, menningararfur, þjóðfræðiefni.

## 1.13 Fjölmiðlun á krossgötum I

### 1.13.1 Afstaða blaða- og fréttamanna til ólíkra leiða við endurskoðun siðareglna

Markmið: Í erindi höfundar verður fjallað um ólík sjónarhorn íslenskra blaða- og fréttamanna til þess hvernig siðareglur stéttarinnar eigi að vera. Af umræðu um siðareglurnar síðustu 10 til 15 ár að dæma er ekki ríkjandi samstaða innan stéttarinnar og mjög ólíkar tillögur hafa komið fram. Engin sátt hefur náðst um breytingar og engin þekking legið fyrir um hvaða tillögur hafi mestan stuðning.

Aðferð: Erindið er byggt á niðurstöðum Íslandshluta hinnar alþjóðlegu rannsóknar World Journalism Studies (WJS), en rannsóknin fór fram hérlendis í júní sl.. Netkönnun náði til þýðis allra virkra blaða- og fréttamanna á Íslandi, 442 talsins og svarhlutfall 50.5%. Svarendur tóku afstöðu til fjögurra þeirra meginleiða sem mest hafa komið upp í faglegri umræðu undanfarin ár en einnig var spurt um gildi siðareglna og siðanefndar fagstéttarinnar.

Niðurstöður: Í erindinu verður fjallað um þá niðurstöðu að yfir helmingur svarenda valdi sem sína leið að einfalda siðareglur Blaðamannafélags Íslands (BÍ) og afnema efnisatriði er byggja á huglægu mati, en áhersla lögð á „konkret“ atriði eins og hagsmunaárekstra og ritstuld. Aðrar tillögur nutu nokkru minni stuðnings. Höfundur setur þetta í samhengi við niðurstöður um afstöðuna til siðferðilegs sveigjanleika og undir hvaða kringumstæðum réttlætanlegt getur talist að beita óhefðbundnum vinnubrögðum.

Friðrik Þór Guðmundsson

Lykilorð: siðareglur, siðanefnd, vinnubrögð.

### 1.13.2 Fake News and Free Speech

„Fake news“ and „alternative facts“ challenge our understanding of the media as the fourth estate. Refuting from the assumption of an objective truth towards assuming that all is mere interpretation seems to make the whole concept of the fourth estate crumble.

John Stuart Mill's argument was built on the idea, that if in an open debate, with truth and error colliding, truth will emerge. and this truth will help us according to Mill to build the best possible society. Nothing seems to indicate that in our time, were everyone sits to a certain extend in his or her echo-chamber and where the exchange of opinion between these echo-chambers seems to be more like wrestling match than truth finding, that the exchange of argument leads to build a better society.

In order to have an exchange of arguments which lead to something like truth, you would need that both sides have an interest in it. But as Baudrillard has pointed out this is a misconception. In this presentation, I will pursue a critical exegesis of the arguments for free speech in order to better define the challenges caused by „Fake news“ and „alternative facts“.

Markus Herman Meckl

Lykilorð: free speech, fake news.

### 1.13.3 Journalism Standards Codes in a Digital Age: Lessons from the United Kingdom

As the news media landscape expands and fragments in the digital era, the issue of standards codes governing the conduct of newsgathering and the content of news is becoming increasingly salient. New entrants to news markets often lack incentives to join standards regimes, and industry-led self-regulation can lack the power to police standards without full compliance from members who compete directly with unregulated digital outlets. However, the existence of a reliable standards code is insufficient to ensure that the rights and responsibilities of news organisations are balanced relative to those of the public. As it is now the policy of the Union of Icelandic Journalists to revise and update its Code of Conduct, lessons can be learned from other countries. The United Kingdom offers a unique case study of the effects of a mismatch between the theory and reality of self-regulation. This presentation will appraise the disjuncture between the adequacy of the standards framework followed by the majority of the UK's newspapers and the outcomes of the regulatory regime charged with policing code breaches and draws generalizable lessons on the need for transparent and effective regulation that is inclusive of the needs of journalists and the public and which is applicable to the digital media environment.

Gordon Ramsay

Lykilorð: journalism, media, regulation.

### 1.13.4 Opinberir starfsmenn í hlutverki blaðamanns

Samhliða vaxandi erfiðlekum í rekstri hefðbundinna fjölmiðla, fækkun blaðamanna og þrengri umgjörð sem þeim er búin hefur vaxið upp kröftug starfsemi almannatengla og upplýsingafulltrúa hjá stofnunum og fyrirtækjum sem starfa við það að koma upplýsingum til fjölmiðla eða inn í almannarýmið almennt. Opinberar stofnanir hafa í vaxandi mæli fetað þessa slóð, sem vekur upp ýmis álitaefni varðandi grundvallar stöðu og hlutverk fjölmiðla annars vegar og svo opinberra starfamanna hins vegar. Í þessu erindi verða einkum reifuð tvö álitamál sem þessu fylgja út frá fræðilegu og lagalegu samhengi. Annars vegar hvernig stofnanir, s.s. lögregla og heilbrigðisstofnanir, hafa gert tilraun til að taka til sín dagskrárvald fjölmiðla með því að fóðra fjölmiðla á fréttatilkynningum og fullskrifuðum „fréttum“ og jafnvel torvelda aðgang að starfsfólki sem hægt væri að sækja upplýsingar til. Þannig hefur stofnunum að hluta til tekist að stjórna hvað og hvernig fréttir af þeirra málasviði eru sagðar. Hins vegar getur miðstýring upplýsingagjafar hjá opinberum stofnunum falið í sér hömlur á tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna. Í erindinu verða þessi tvö álitamál krufin, annars vegar út frá fræðilegu sjónarhorni um hlutverk fjölmiðla, m.a. eins og það er skilgreint í fjölmiðlalögum og hins vegar út frá lögum um opinbera starfsmenn, trúnaðarskyldur þeirra og tjáningarfrelsi.

Ingibjörg Sigríðar Elíasdóttir
Birgir Guðmundsson

Lykilorð: opinberir starfsmenn, dagskrárvald, blaðamennska.

## 1.14 Fjölmiðlun á krossgötum II

### 1.14.1 Ekki benda á mig: Sjónarmið blaðamanna um samfylgd fjölmiðla og stjórnmála

Samfylgd fjölmiðla og stjórnmálaafla eða hugmyndafræði (political parallelism) á Íslandi á tímum markaðsmiðlunar hefur verið skoðaður fræðilega á umliðnum árum, einkum með því að rannsaka afstöðu og notkun stjórnmálamanna á einstökum miðlum og boðmiðlunarleiðum. Í ljós hefur komið að mikill meirihluti stjórnmálamanna og stór hluti almennings líka, telur hefðbundna fjölmiðla taka pólitíska afstöðu í fréttum sínum og stjórnmálamenn hafa ekki mikla tiltrú á fagmennsku eða óhæði blaðamanna. Hins vegar hefur til þessa skort upplýsingar um hvernig blaðamenn sjálfir líta á samfylgd fjölmiðla og stjórnmála eða hugmyndafræði og í þessu erindi verða kynntar fyrstu niðurstöður úr íslenskum hluta alþjóðlegu WJS könnunarinnar varðandi þetta atriði. Sú rannsókn var framkvæmd vorið 2021 og var netkönnun sem náði til allra virkra blaða- og fréttamanna landsins og spurningar byggðu í aðalatriðum á alþjóðlegri forskrift verkefnisins. Félagsvísindastofnun sá um framkvæmd könnunarinnar. Spurningar og niðurstöður eru sambærilegar við kannanir sem gerðar hafa verið meðal almennings og stjórnmálamanna og þær því settar í slíkt samhengi til samanburðar. Frumniðurstöður benda til þess að sjónarmið blaðamanna rími vel við sjónvarmið stjórnmálamanna, en athygli vekur að blaðamenn á flestum miðlum kannast miklu síður við að samfylgd sé með stjórnmálastefnum eða hagsmunum á þeim miðli sem þeir vinna á sé hjá öðrum miðlum.

Birgir Guðmundsson

Lykilorð: samfylgd fjölmiðla og stjórnmála, pólitísk boðmiðlun, blaðamennska.

### 1.14.2 Fjölmiðlastyrkir – íslenska útgáfan

Fyrir skemmstu veittu stjórnvöld styrki til einkarekinna fjölmiðla samkvæmt nýlega samþykktum breytingum á lögum um fjölmiðla, en á fyrra ári fengu rekstraraðilar úthlutað sérstökum styrkjum vegna tekjutaps af völdum Covid-19. Í umræðu um málið innan þings og utan var ljóst að sitt sýndist hverjum um ágæti þessa. Sumum þótti ekki nóg að gert á meðan aðrir óttuðust að vegið væri að frjálsri fjölmiðlun. Í erindinu er gerð grein fyrir fjölmiðlastyrkjum í bráð og lengd, fyrirkomulagi þeirra, hvaða markmiði þeim er ætlað að ná og helstu röksemdum með og á móti fjárhagslegum ívilnunum stjórnvalda til einkarekinna fjölmiðla. Sýnt er fram á að fyrirkomulag beinna styrkveitinga til einkarekinna fjölmiðla hér á landi er afar frábrugðið því sem hefur viðgengist á Norðurlöndum og almennt í Evrópu og að aðkoma þess opinbera að þróun og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins hefur verið með öðrum hætti en víðast í nágrannalöndum okkar. Leiddar eru líkur að því að þessi sérstaða stafi af sérkennum íslensks fjölmiðlamarkaðar sem hefur ætíð einkennst af mikilli samþjöppun og ríkum hagsmunatengslum við atvinnulíf og stjórnmál.

Ragnar Karlsson

Lykilorð: fjölmiðlastyrkir, fjölmiðlar, Ísland.

### 1.14.3 Viðhorf íslenskra blaða- og fréttamanna til streitu og álags á tímum heimsfaraldurs

Þær frumniðurstöður sem hér eru kynntar eru lítið brot af rannsókn á íslenskum blaða- og fréttamönnum sem framkvæmd var með netkönnun vorið 2021 en tilgangurinn var að skoða starfsumhverfi blaða- og fréttamanna. Þátttökuhlutfall var 50,5%. Rannsóknin er hluti af alþjóðlegri rannsókn á blaða- og fréttamönnum um allan heim, Worlds of Journalism Study, og tekur Ísland nú þátt í annað sinn. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna hvaða áhrif COVID-19 hefði haft á starfshlutfall blaða- og fréttamanna, og viðhorf þeirra til streitu og álags. Niðurstöður benda til að 67% blaða- og fréttamanna hér á landi vinni 50-59 klukkutíma á viku og að helmingur þeirra sinni starfinu heiman frá sér í 10-19 klukkutíma á viku. 70% unnu fulla vinnu á ótímabundnum ráðningarsamningi en 14% höfðu orðið fyrir breytingu á starfshlutfalli frá febrúar 2020. Þar af höfðu 63% verið í fullri vinnu áður. Hins vegar leiðir greining á kynjamuninum í ljós að konur eru hlutfallslega mun líklegri en karlar til að vera í hlutastarfi og hafa orðið fyrir breytingu á starfsaðstæðum sínum. Hlutfallslega fleiri konur sögðust einnig hafa upplifað streitu á síðustu sex mánuðum fyrir könnunina; þær höfðu líka frekar áhyggjur af líkamlegri og andlegri heilsu sinni, og að missa starf sitt á næstu 12 mánuðum. Einn af hverjum fjórum blaðamönnum telur að hann vilji ekki starfa í faginu eftir fimm ár.

Guðbjörg Hildur Kolbeins

### 1.14.4 Ógnir og óvissa í blaða- og fréttamennsku á Íslandi

Blaða- og fréttamenn og fréttamiðlar hér landi og um heim allan glíma við fordæmalausa og margþætta kreppu. Þessi kreppa er að mörgu leyti talin getað ógnað sjálfri tilvist blaða- og fréttamennskunnar sem samfélagslegri stofnun. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir nokkrum niðurstöðum úr íslenskum hluta alþjóðlegrar rannsóknar, the Worlds of Journalism Study, en markmið hennar er að kortleggja þær ógnir og óvissu sem blaða- og fréttamenn standa frammi fyrir og að öðlast betri skilning á því hvernig þeir bregðast við og laga sig að breytingum. Rannsóknin er lögð fyrir í yfir 100 löndum en þetta er í annað sinn sem Ísland tekur þátt í henni. Í erindinu verður áhersla lögð á starfsaðstæður og —öryggi íslenskra blaða og fréttamanna. Stuðst verður við niðurstöður úr spurningakönnun sem var send á alla starfandi blaða- og fréttamenn á Íslandi fyrr á árinu. Einnig verður byggt á niðurstöðum úr hálfstöðluðum viðtölum sem tekin voru við íslenska blaða- og fréttamenn á þessu ári, þar sem kafað var dýpra í ýmsa þætti sem spurt var um í spurningakönnuninni. Úrvinnsla gagnanna stendur yfir en í erindinu verður varpað ljósi á fyrstu niðurstöður úr rannsókninni er snúa að ógnum og óvissu í störfum blaða- og fréttamanna á Íslandi.

Jón Gunnar Ólafsson
Valgerður Jóhannsdóttir

Lykilorð: fréttamennska, starfsaðstæður, fréttamenning.

## 1.15 Frumkvæði, tækifæri og jafnrétti í atvinnulífi og á öðrum sviðum

### 1.15.1 Algild hönnun: Mýta eða möguleiki

Algild hönnun (e. universal design) er pólitískt hugtak sem byggir á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í samfélaginu. Lögð er áhersla á að koma til móts við mannlegan margbreytileika, þ.e. fólk með mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir. Fötlun er hluti af þessum breytileika líkt og aðrir eiginleikar eða tímabil í lífi fólks. Áherslur algildrar hönnunar beindust lengi vel að manngerðu umhverfi, svo sem skipulagi, arkitektúr og hönnun. Í auknum mæli er nú einnig litið til félagslegs umhverfis, stefnumótunar, verklags og viðhorfa. Ennfremur hefur áhersla á notagildi umhverfis, vöru og þjónustu aukist. Síðustu ár hafa mannréttindaáherslur einkennt umfjöllun um hugtakið og með innleiðingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafa hérlend stjórnvöld lýst yfir stuðningi við algilda hönnun í íslensku samfélagi. Auk umfjöllunar um skrif fræðafólks á sviðinu er sjónum hér beint að stefnumótandi skjölum um algilda hönnun. Einnig er lagt út af dæmum úr rannsókn höfundar og samstarfsfólks. Þótt hér sé fyrst og fremst fjallað um hugtakið í tengslum við fötlun hefur það mun víðtækari skírskotun.

Snæfríður Þóra Egilson
Sigrún Kristín Jónasdóttir

Lykilorð: efnislegt og félagsleg umhverfi, aðgengileiki, jafnræði.

### 1.15.2 Breytingar á kynjuðu mati á umsækjendum um störf dómara við Landsrétt og Hæstarétt?

Fyrir fimm árum birtu höfundar niðurstöður rannsóknar á dómnefndarálitum við skipun dómara í Hæstarétt Íslands í ljósi kynjafræði og femínískrar lögfræði. Niðurstaðan var að greina mátti kynjaða orðræðu og karllægt mat á umsækjendum og verkum þeirra. Árið 2017 voru 15 dómarar skipaðir við Landsrétt. Niðurstaða dómnefndar var að 15 umsækjendur væru hæfastir, tíu karlar og fimm konur. Dómsmálaráðherra skipti út fjórum karlanna fyrir tvo karla og tvær konur og samþykkti Alþingi tillögu ráðherra. Nýverið voru tvær konur skipaðar hæstaréttardómarar. Var því gerð framhaldsrannsókn þar sem rannsökuð voru dómnefndarálit vegna skipunar í Landsrétt og Hæstarétt frá 2016-2020. Markmiðið var að kanna hvort breyting hefði orðið á dómnefndarálitum eftir mikla gagnrýni á skipanir í Hæstarétt og Landsrétt. Rannsóknin tekur til kynjaðrar orðræðu álitanna og inntaks hæfnimatsins. Um er að ræða kynjafræðilega orðræðugreiningu þar sem byggt var á verklagsaðferðum Dr. Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar og Jean Carabines þar sem svokölluð þrástef voru greind en ekki síður hið ósagða. Hins vegar var beitt hefðbundinni lagalegri aðferð (e. doctrinal) við skýringu lagatexta í bland við femíníska lagalegar aðferðir í anda Tove Stang Dahl og gagnrýnnar lögfræði þar sem túlkun og beiting laga, í þessu tilfelli um mat á hæfni einstaklinga, eru skoðuð í ljósi femínískrar lögfræði.

Þorgerður J. Einarsdóttir
Brynhildur G. Flóvenz

Lykilorð: kynjuð dómnefndarálit, breytingar í orðræðu, skipun dómara.

### 1.15.3 Jafnréttishindranir og kynjaskekkjur: Brotthvarf og framgangur akademískra starfsmanna

Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að stuðla að jafnrétti á háskólastigi, en í framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023 er sjónum beint sérstaklega að háskólastöðum. Markmið rannsóknarinnar, sem unnin var í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, var að kanna brotthvarf kvenna úr vísinda- og fræðastarfi og ástæður þess að framgangur karla í háskólum er vanalega meiri en kvenna. Byggt á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingaviðtölum við stjórnendur var fyrirkomulag framgangsmála íslenskra háskóla kortlagt. Jafnframt er stuðst við tölfræðileg gögn sem varpa ljósi á þætti starfsemi háskólanna, s.s. rannsóknarvirkni, framgangsmál og brotthvarf starfsmanna. Helstu niðurstöður eru að þrátt fyrir að háskólasamfélagið hafi breyst umtalsvert á síðastliðnum áratugum, þá er staða kvenna og karla enn ójöfn í akademískum störfum. Byggt á kenningum Ackers um „stjórnarfyrirkomulag misréttis" (e. inequality regimes) færi ég rök fyrir því að margvíslegar jafnréttishindranir eru innbyggðar í framgangskerfin, sem á stóran þátt í að stuðla að og viðhalda kynjamisrétti í íslensku háskólasamfélagi. Í erindinu mun ég einnig fjalla um aðferðir og aðgerðir sem hafa burði til að stuðla að breytingum í jafnréttisátt.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir

Lykilorð: kynjajafnrétti, háskólar, framgangur.

### 1.15.4 „Að koma ull í tískuföt.“ Athafnakonur og frumkvöðlar í textíl á síðari hluta 20. aldar

Textíll og handverk hafa löngum verið kvennastörf og vinna kvenna og framlag á því sviði verið með margvíslegum hætti. Þar hefur aðgreiningin í einkasvið og opinbert svið verið óljós og jafnvel ekki alltaf átt við. Í gegnum söguna hafa konur séð heimilisfólki sínu fyrir fatnaði með prjóni og saumaskap, þær hafa stundað prjónaskap fyrir verslanir, og unnið við textíl í verksmiðjuvinnu. En konur hafa ekki síður stundað sjálfstæðan atvinnurekstur á þessu sviði. Í erindinu verður gerð grein fyrir tveimur athafnakonum á svið textíls á Íslandi. Önnur er Guðrún Vigfúsdóttir (1921-2015) sem rak vefstofu á Ísafirði og hin er Þórdís Bergsdóttir (f. 1929) sem rak Ullarvinnslu frú Láru á Seyðisfirði. Til að varpa ljósi á framlag þessara kvenna til textíliðnaðarins beitum við fræðilegum sjónarmiðum sem gagnrýna karllæg viðmið um frumkvöðlastarsemi sem jaðarsetja athafnasemi kvenna og framlag þeirra til atvinnusköpunar. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja bæði á fyrirliggjandi gögnum eins og fjölmiðlaumfjöllunum, skýrslum og bókum og viðtali við Þórdísi. Rannsóknin sýnir meðal annars að athafnasemi þeirra skapaði aukin atvinnutækifæri handa konum og færði störf kvenna sem unnin voru innan heimilisins út í hið opinbera rými.

Laufey Axelsdóttir
Þorgerður J. Einarsdóttir

Lykilorð: athafnakonur, frumkvöðlar, textíliðnaður.

### 1.15.5 „Saman vinnum við sigra“: Jafnréttisúttekt á tilkynningum sendum í nafni rektors Háskóla Íslands á tímum Covid 19

Niðurstöður ýmissa rannsókna benda á mikilvægi þess að standa vörð um jafnrétti kynjanna á fordæmalausum tímum eins og við upplifum nú þar sem hætta er á bakslagi. Í erindinu verða tilkynningar sendar í nafni rektors Háskóla Íslands til nemenda og starfsfólks í kórónuveirufaraldrinum greindar út frá jafnréttissjónarmiðum. Gögn rannsóknar samanstanda af 96 tilkynningum sem sendar voru á tímabilinu febrúar 2020 til maí 2021. Gögnin, um 34.000 orð, voru þema- og orðræðugreind. Helstu niðurstöður eru þær að karlar eru oftar en konur nafngreindir í tilkynningunum og oftar er vísað í þá. Það sendir ákveðin skilaboð varðandi mikilvægi og stöðu innan háskólasamfélagsins. Í tilkynningunum er að auki fjallað um æskilega eiginleika, líðan og hegðun starfsfólks. Þar sem staða karla og kvenna í samfélaginu er ólík þá hefur inntak tilkynninganna ólíka merkingu fyrir karla annars vegar og konur hins vegar. Tilgangur okkar með rannsókninni er því að vekja athygli á þessu og um leið að sýna fram á mikilvægi þess að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmiðum við alla stefnumótun, sama í hvaða formi hún birtist.

Gyða Margrét Pétursdóttir
Thamar M. Heijstra

Lykilorð: kynjajafnrétti, kórónuveirufaraldurinn, samþætting.

## 1.16 Gæðastræti Háskóla Íslands

### 1.16.1 Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á aðkoma nemenda að þróun náms og kennslu: Tilviksrannsókn

Í erindinu er fjallað um aðkomu nemenda að þróun náms og kennslu í háskóla. Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefninu Samstarf kennara og nemenda um aukin gæði náms og kennslu sem fékk styrk úr kennslumálasjóði árið 2020. Markmið hennar var að skoða með tilvikssniði hvort og þá með hvaða hætti nemendur hafa aðkomu að þróun náms og kennslu við Háskóla Íslands. Gagna var aflað með fjórum rýnihópaviðtölum með alls 15 nemendum, tveimur rýnihópaviðtölum með alls níu kennurum og fjórum einstaklingsviðtölum við stjórnendur. Niðurstöður gefa meðal annars til kynna að þátttakendur eru sammála um mikilvægi þess að rödd nemenda heyrist og að þau hafi aðkomu að þróun náms og kennslu. Formlegar leiðir kerfisins, s.s. ráð og nefndir, virðast nemendum lítt kunnugar og að mati stjórnenda eru þær ekki skilvirk leið. Fram kemur að þátttökumenningin stendur ekki styrkum fótum og er einstaklingsbundin fremur en almenn. Fram kemur jafnframt að þjónustuvæðing náms er sterkur þráður í máli þátttakenda. Greina má hjá nemendum, kennurum og stjórnendum að þau telji óformlegt samtal fýsilega leið til þess að kalla eftir rödd nemenda. Gildi rannsóknarinnar felst í að beina sjónum að nemendamiðuðu háskólastarfi og sýn ólíkra hópa á aðkomu nemenda að þróun náms og kennslu við Háskóla Íslands. Rannsóknin er jafnframt lóð á vogarskálar „samtalsins" um þróun náms og kennslu og framlag til rannsókna á sviði kennsluþróunar í háskólakennslu á Íslandi.

Lóa Guðrún Gísladóttir
Eygló Rúnarsdóttir

Lykilorð: aðkoma nemenda að þróun náms og kennslu, sýn nemenda, kennara og stjórnenda, Háskóli Íslands.

### 1.16.2 Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á gæði náms og kennslu: Tilviksrannsókn

Í erindinu er fjallað um gæði náms og kennslu í háskóla. Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefninu Samstarf kennara og nemenda um aukin gæði náms og kennslu sem fékk styrk úr kennslumálasjóði árið 2020. Markmið hennar er að skoða með tilvikssniði, sýn nemenda, kennara og stjórnenda við Háskóla Íslands á því hvað felst í gæðum náms og kennslu. Gagna var aflað með fjórum rýnihópaviðtölum með alls 15 nemendum, tveimur rýnihópaviðtölum með alls níu kennurum og fjórum einstaklingsviðtölum við stjórnendur. Niðurstöður benda til þess að nemendur, kennarar og stjórnendur séu um margt sammála um hvað felist í gæðum náms, svo sem að samskipti og samtal séu kjarni námssamfélagsins; mikilvægt sé að inntak náms svari kalli fagvettvangs; og að kennsluhættir séu í sífelldri þróun. Þá kom fram hjá nemendum að endurskoða þyrfti ýmsa kerfislæga þætti svo sem að auka þyrfti aðgengi að upplýsingum um fyrirkomulag námskeiða og kennsluáætlunum áður en námskeið hefjast. Bætt verklag gæti dregið úr úrsögnum og síðbúnum innritunum í námskeið í upphafi annar, nemendum og kennurum til hagsbóta. Gildi rannsóknarinnar felst í því að kalla eftir sjónarmiðum ólíkra hagsmunahópa um hvort og hvaða aðkomu nemendur hafa að þróun háskólanáms og kennslu. Rannsóknin er framlag til rannsókna á sviði kennsluþróunar í háskólakennslu á Íslandi og þá sér í lagi lóð á vogarskálar „samtals" um þróun náms og kennslu þar sem áhersla er á að efla möguleika og virka þátttöku háskólanema.

Eygló Rúnarsdóttir
Ragný Þóra Guðjohnsen

Lykilorð: gæði náms og kennslu, sýn nemenda, kennara og stjórnenda, Háskóli Íslands.

### 1.16.3 Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á mati á gæðum náms og kennslu: Tilviksrannsókn

Í erindinu er fjallað um mat á gæðum náms og kennslu í háskóla. Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefninu Samstarf kennara og nemenda um aukin gæði náms og kennslu sem fékk styrk úr kennslumálasjóði árið 2020. Markmið hennar er að skoða með tilvikssniði sýn nemenda, kennara og stjórnenda á mati á gæðum náms og kennslu við Háskóla Íslands. Einkum er sjónum beint að kennslukönnun þar sem kallað er eftir mati nemenda á námi og kennslu. Gagna var aflað með einstaklingsviðtölum við fjóra stjórnendur, tveimur rýnihópaviðtölum með alls níu kennurum og fjórum rýnihópaviðtölum með alls 15 nemendum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að nemendur, kennarar og stjórnendur telji kennslukönnun gegna hlutverki við að meta þætti sem snúa að námi og kennslu. Hún sé ákveðið stoðtæki fyrir stjórnendur og opnu spurningarnar séu til þess fallnar að styðja kennara í umbótastarfi. Á hinn bóginn séu ýmsir ágallar á þessu matsformi, bæði tæknilegir og þættir sem snúa að inntaki spurninganna, jafnréttissjónarmiðum og þátttökuhlutfalli. Að auki kom fram sú áhersla viðmælenda að samhliða kennslukönnun þyrfti að meta námið á fjölbreyttari vegu. Einkum var rætt um mikilvægi þess að auka samtal kennara og nemenda um þróun náms. Gildi rannsóknarinnar felst í því að kalla

eftir sjónarmiðum ólíkra hópa námssamfélagsins um mat á gæðum náms og kennslu. Rannsóknin er jafnframt framlag til rannsókna á sviði kennsluþróunar í háskóla.

Ragný Þóra Guðjohnsen
Védís Grönvold

Lykilorð: mat á gæðum náms og kennslu, sýn nemenda, kennara og stjórnenda, Háskóli Íslands.

## 1.17 Gosið í Geldingadölum: Brugðist við nýju landslagi

### 1.17.1 Hrif, eldgos og drónar

Eldgosið í Geldingadal á Reykjanesi, sem hófst í mars 2021, hefur dregið að sér fólk í tugþúsunda tali til að verða vitni að ægifegurð eldsumbrotanna. Myndavélar hafa verið óspart notaðar og ekki síst drónar, en á fyrstu vikum eldgosins fóru drónamyndir á samfélagsmiðlum eins og eldur í sinu um heimsbyggðina. Í þessum fyrirlestri munum við ræða um það aðdráttarafl sem myndatökur af eldgosinu með drónum hefur og setja í samhengi við ímyndunarafl þeirra sem tóku slíkar myndir. Rannsóknin byggir á orðræðugreiningu á opnum viðtölum við um tuttugu myndasmiði þar sem áherslan er á að grípa hrif þeirra við notkun á drónum í að búa til myndir af jarðeldunum og vellandi hraunbreiðunum í Geldingadal. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að drónamyndir af eldgangi og náttúruhamförum leggja grunn að nýjum frásagnarhætti á mannöld.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Iðunn Andrésdóttir

Lykilorð: eldgos, drónar, hrif.

### 1.17.2 Jarðvist ferðamennsku: Um eldsumbrot og framtíð ferðamennsku

Í þessu erindi þjónar eldgosið í Geldingadölum sem útgangspunktur fyrir hugleiðingar um framtíð ferðamennsku á tímum óvissu- og neyðarástands. Aðdráttarafl eldgossins er ótvírætt. Á þeim rösku fimm mánuðum síðan eldgosið hófst hafa meira en 245 þúsund manns lagt leið sína að gosstöðvunum sem þýðir að þessi áður lítt þekkti staður, Geldingadalir, er á skömmum tíma orðinn einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins og undirstrikar hvernig ferðamennska byggir á og er háð kröftum og hræringum jarðar. Á sama tíma gengur ferðaþjónusta í gegnum alheimskrísu af völdum kórónuveirufaraldursins sem um stundarsakir hefur dregið athyglina frá annarri og alvarlegri vá fyrir framtíð ferðaþjónustu í formi hnattrænna loftslagsbreytinga. Ferðaþjónusta stendur að margra mati á krossgötum. Áframhaldandi vöxtur er ósjálfbær við núverandi aðstæður og fræðifólk jafnt sem hagaðilar greinarinnar velta fyrir sér leiðum til að byggja upp ábyrga ferðaþjónustu í takt við náttúru og samfélag. Í erindinu byggjum við á gögnum sem safnað var meðal ferðamanna við gosstöðvarnar sumarið 2021 til að lýsa aðdráttarafli eldsumbrotanna í huga ferðafólks sem og dæmum um margvíslegar athafnir ferðafólks á gosstöðvunum. Með hliðsjón af kenningum um ferðamennsku á mannöld og nálægðarferðamennsku drögum við fram fjölbreyttar birtingarmyndir jarðvistar ferðamennsku og hvaða lærdóm má draga um möguleika og áskoranir ábyrgrar ferðamennsku til framtíðar.

Gunnar Þór Jóhannesson
Katrín Anna Lund

Lykilorð: eldgos, jarðsamband, ferðamennska.

### 1.17.3 Á móti hraunstraumnum

Skömmu eftir að gosið í Geldingadölum hófst fór af stað vinna sem miðaði að því að hefta framrás hraunsins og/eða breyta rennsli þess. Hugmyndir voru settar fram um varnargarða sem ætlað var að verja mannvirki á borð við vegi, fjarskiptastrengi og háspennulínur. Í erindinu verður fjallað um þessi viðbrögð við gosinu, hvernig slík áform verða til, hvernig þeim er komið í framkvæmd og skoðað hvernig þau varpa ljósi á samband manns og náttúru. Hugleitt verður hvort og hvernig skyndilegir atburðir af þessu tagi kalla á annars konar vinnubrögð en almennt tíðkast í umgengni við náttúru og landslag. Felur það að hanna slíka varnargarða og koma þeim upp í flýti í sér óhóflega trú á getu mannsins til að grípa inn í náttúruleg ferli, eða er það einfaldlega eðlilegt og jafnvel óhjákvæmilegt viðbragð við atburði sem vissulega getur haft afdrifaríkáhrif á innviði landsins og jafnvel lífsafkomu fólks? Mikilvægt er að skilja forsendur þess sem þarna var gert. Gosið sjálft er enn í fullum gangi og er af mörgum talið marka upphaf nýrrar goshrinu á Reykjanesskaga. Skaginn sjálfur og landslag hans hefur breytt um merkingu með vissum hætti. Íbúar byggðarlaganna á Reykjanesi, sem og landsmenn allir, þurfa að íhuga hvers konar viðbrögð eru réttmæt og ábyrg gagnvart náttúruvá sem enginn fær umflúið að fullu.

Edda R. H. Waage
Karl Benediktsson

Lykilorð: landslag, náttúruvá, eldgos.

## 1.18 Hagsveiflan og heimilin

### 1.18.1 Hvernig hefur þúsaldarkynslóðin það?

Í rannsókninni eru notuð skattagögn frá 1989 til 2019, ásamt gögnum um menntun hvers skattgreiðanda, til þess að bera saman hag þúsaldarkynslóðinnar (e. millennials), sem er skilgreind sem þeir sem fæddir eru á árunum 1981 til 1996, og fyrri kynslóða þegar þær voru á sama aldursbili. Við sýnum þróun hlutfallslegra ráðstöfunartekna aldurshópsins frá 25 til 34 ára yfir tímabilið. Samanburðarhópurinn samanstendur af öllum skattgreiðendum sem eru yfir 20 ára aldri og þiggja ekki örorkubætur. Aðferðafræðin byggir á myndrænni lýsingu meðaltala fyrir tekjur og aðfallsgreiningu sem beitt er til þess að finna orsakir þróunar hlutfallslegra ráðstöfunartekna ungu kynslóðarinnar. Ráðstöfunartekjur unga fólksins hafa hækkað hægar frá árinu 1993 en meðalráðstöfunartekjur, hlutfallið hefur lækkað úr 0.98 í 0.79 frá 1993 til 2019. Í ljós kemur kynjamunur, hlutfallsleg laun ungra karla hafa lækkað úr 1.3 árið 1989 í 0.81 árið 2019 á meðan hlutfallsleg laun ungra kvenna hafa hækkað úr 0.62 í 0.75. Þessa þróun má rekja til annars vegar hlutfallslega meiri fjölgunar kvenna með háskólagráðu og hins vegar lækkunar hlutfallslegra ráðstöfunartekna háskóla-menntaðs ungs fólks. Að lokum er sýnt fram á að erfiðara er fyrir ungt fólk að kaupa fyrstu fasteign en áður þegar tilliti er tekið til vaxta, fasteignaverðs og ráðstöfunartekna.

Axel Hall
Andri S. Scheving
Benedikt Axel Ágústsson

### 1.18.2 Áhrif hagsveiflu á skilnaði og hjónabönd á síðustu tuttugu árum

Við notum gögn úr skattframtölum til að rannsaka tíðni þess að fólk fari í og úr sambúð í uppsveiflu efnahagslífsins og kreppunni sem hófst árið 2008. Niðurstöður eru þær að þegar vel gekk í efnahagslífi, ráðstöfunartekjur hækkuðu og einnig eign heimila frá 2004 til 2008, þá jókst tíðni sambandsslita og færri hófu sambúð en færri sambandsslit urðu eftir fall bankanna og fleiri hófu nýja sambúð. Svipaða sögu er hægt að segja um uppsveifluna sem fylgdi fjölgun ferðamanna. Framkvæmd er probit greining fyrir alla skattgreiðendur 2004-2019 til þess að skýra líkurnar á að einhleypir fari í sambúð og fólk í sambúð fari hvort sína leið með breytum um fjölda barna, aldur, fasteignaverð, ráðstöfunartekjur heimila, hreina eign heimila og tekju- og aldursmun sambúðarfólks. Niðurstöður benda til þess að efnahagslegt góðæri auki líkur á sambandsslitum og minnki líkur á að einhleypir fari í sambúð.

Gylfi Zoega
Þórólfur Matthíasson
Andri S. Scheving

### 1.18.3 Áhrif menntunar á sparnað og neyslu yfir ævina

Í rannsókninni eru notuð gögn úr skattframtölum sem ná til allra íslenskra skattgreiðenda árin 2005-2019 til að lýsa ferli sparnaðar og neyslu yfir ævina. Með þessu móti er prófuð ævitekjukenning Milton Friedman (1957) og Franco Modigliani (1963) og nýlegri kenningar um neysluhegðun. Í ljós kemur að neysla eykst framan af ævinni, nær hámarki um miðbik ævinnar og lækkar síðan. Þetta skýrist að hluta af kostnaði við barnauppeldi og þróun tekna yfir ævina. Niðurtöðurnar stangast á við kenningar þeirra Friedman og Modigliani en samkvæmt þeim er neysla jafnari yfir ævina. Framlag rannsóknarinnar umfram aðrar svipaðar erlendar rannsóknir á neysluhegðun er einkum það að beita tölfræðilegum aðferðum, meginlegri aðferðafræði, til þess að prófa hvort munur sé á neysluhegðun þeirra sem hafa háskólapróf og þeirra sem hafa styttri skólagöngu. Niðurstöður benda til þess að háskólamenntaðir jafni neyslu meira yfir ævina og auki ekki neyslu sína eins mikið þegar tekjur hækka tímabundið frá einu ári til annars, spari hlutfallslega meira af viðbótartekjum. Tölfræðilegum prófum er beitt til þess að greina orsakir þess að háskólamenntaðir hegða sé á annan hátt en þær má rekja til þess að tekjur þeirra þróast með öðrum hætti yfir ævina og þær eru að meðaltali hærri.

Sigurður P. Ólafsson
Svend E. Hougaard Jensen
Þorsteinn S. Sveinsson
Gylfi Zoega

## 1.19 Heilsa, velferð, börn og ungmenni

### 1.19.1 Cigarette smoking and usage of waterpipe among school-attending adolescents in Bissau, Guinea-Bissau

The world is in the midst of a tobacco epidemic. While the prevalence rates are currently lower in sub-Saharan Africa compared to other parts of the world, the usage of tobacco products is on the rise, with tobacco companies targeting this emerging market. The study aimed to describe and analyse tobacco and water pipes usage in the capital Bissau, Guinea-Bissau. In June 2017, a survey with a locally adapted 'Planet Youth' questionnaire was conducted in Bissau. In total, 2,039 students aged 14-19 years completed the questionnaire (52% girls). The Chi-square test was used ($p<0.05$), and odds ratios (OR) were calculated with 95% confidence intervals (CI) to evaluate statistical significance. Out of 1845 adolescents who responded, 1573 (85%) had never smoked cigarettes during their lifetime; girls were less likely to have smoked cigarettes than boys ($p=0.0001$; OR 0.50, 95% CI 0.39-0.66). Nine girls reported daily smoking (1%) compared to 35 boys (4%) ($p=0.0001$; OR 0.24, 95% CI 0.12-0.50). Out of 1832 adolescents, 1511 (83%) had never used waterpipe during their lifetime, with no gender difference ($p=0.6754$) in usage.

The low prevalence of daily smoking gives a unique opportunity to initiate preventive activities among adolescents in Bissau, with particular attention to gender differences. Usage of waterpipes, increasingly seen in the setting, might be the gateway drug to creased cigarette smoking among adolescents.

Geir Gunnlaugsson
Thomas Andrew Whitehead
Aladje Baldé

Lykilorð: Africa, sub-Sahara, surveys and questionnaires, substance abuse.

### 1.19.2 Exploring the impact of Covid-19 on Icelandic adolescents with participatory research

Adolescence is an important time where our personalities grow and our sense of self becomes more established. During the Covid-19 pandemic, the government interventions have impacted children and young people's daily routines, such as with closing of schools, limiting activities of after-school programmes, sporting events, and other types of social gatherings. Due to this adolescents have been obliged to adjust to a new reality whilst negotiating important elements such as peer-relationships, their own individuality, and personhood. This presentation is a part of a larger PhD project which aims to give insight into the experiences of adolescents in Iceland with participatory research in hope of impacting future government policy-making against global health threats. It will report on an ongoing collaboration with two focus groups; one comprising eight adolescents aged 14-17 who identify as queer, and another with a wider age-range in a social centre in the capital area. By creating a space for them to express themselves both as individuals and as a group, together we explore the ongoing impact of the pandemic by using creative outlets of singing, dancing, and poster-making in order to materialise and visualise their experiences, which have been shown to be both positive and negative.

Eva Jörgensen

Lykilorð: children and youth, COVID-19, health understanding.

### 1.19.3 The provider role and perspective in the denial of family planning services to women in Malawi

Family planning (FP) has been a development priority for decades, yet barriers to access persist, including prospective clients being turned away from facilities without a method. The aim of the study was to assess the provider role and perspective in client turnaway in three districts of Malawi. In 2019, data collectors surveyed 57 FP providers from 30 health facilities in three districts in Malawi. They conducted in-depth interviews (IDIs) with eight of the 57 providers. All 57 surveyed providers reported being comfortable providing FP to married women with children and married adolescents under 18 years old with children. Conversely, 12% of providers expressed discomfort providing FP to married adolescents under 18 without children. The most frequently mentioned reason for turnaway by providers during IDIs was due to client pregnancy, or suspicion of client pregnancy. Heavy workload was noted, as well as the need for training on all methods. Providers were generally supportive of FP for anyone desiring to use it and who was medically eligible, but their support waned for nulliparous clients, regardless of age or marital status, based on fears of future infertility. Further education and sensitization of the community on how contraceptive methods work, including that they are not

abortifacients and training on all methods could all help to reduce client turnaways.

Jill Peterson

Lykilorð: family planning, Malawi, provider.

### 1.19.4 Tónagull po polsku — researching the impact of family music classes on the wellbeing of Polish immigrant families of young children in Iceland

Family music programs involving parents in music making with their infants and toddlers are popular around the world. The purpose of this project is to investigate how such programs could help immigrant families strengthen parenting skills and bonding through participation in musical activities. The Polish minority is the largest immigrant population in Iceland. Still, there have been very few consistent programs for Polish families of young children under school age. Tónagull is a popular family music method developed in Iceland designed to fit the needs of families with children 0-3 years old. A Polish language version was launched in the fall of 2019. A nearly identical methodical framework of the Polish and Icelandic version presents an opportunity to create mixed language groups within which all participants feel comfortable regardless of their mother tongue. The research seeks to understand what motivates participants to join the program and in what ways the classes benefit immigrant families. The study uses mixed methods including questionnaires and semi-structured interviews, analysed using reflexive thematic analysis. Preliminary results indicate that the program provides a unique resource and support to immigrant parents in their endeavour to raise their children in a new home country while preserving their original language and culture.

Helga Rut Gudmundsdottir
Adam Switala

Lykilorð: immigrants, childhood, culture.

### 1.19.5 Viðhorf barnaverndarstarfsmanna til þátttöku barna í ákvarðanatöku

Á síðustu áratugum hafa lagaleg réttindi barna til þátttöku í málefnum sem þau varða aukist umtalsvert. Niðurstöður rannsókna benda til þess að almennt hafi þátttaka barna aukist en ekki hafi tekist jafnvel að ná til þeirra barna sem búa við félagslega flóknar aðstæður og þau fái því síður tækifæri til að láta rödd sína heyrast. Barnaverndarstarfsmenn sinna því mikilvæga hlutverki að styðja börn sem til þeirra leita til virkrar þátttöku í eigin málum. Markmið erindisins er að kanna hvort viðhorf starfsmanna samræmist samtíma hugmyndum um bernskuna og hæfni barna til þátttöku. Því er spurt: Hvert er viðhorf þeirra til barna og hvað einkennir viðhorf þeirra til þátttöku barna í málefnum um eigið líf? Helstu niðurstöður benda til þess að viðhorf barnaverndarstarfsmanna samræmast oft ekki samtíma hugmyndum um bernskuna og niðurstöðum rannsóknum um hæfni barna til þátttöku.

Mikilvægt er að fagmenn sem starfa með börnum séu meðvitaðir um hvað raunveruleg þátttaka felur í sér og að börn komi að ákvörðunum sem teknar eru í málum þeirra.

Hervör Alma Árnadóttir

Lykilorð: matsrannsóknir, velferðarþjónusta, náttúrumeðferð.

## 1.20 Hvernig skapar forysta tækifæri til árangurs á vinnustað við krefjandi aðstæður? Forysta, fjölbreytileiki, árangur og ánægja í starfi.

### 1.20.1 Farsæl forysta á hamfaratímum

Langvinnum heimsfaraldri COVID-19 fylgja krefjandi áskoranir fyrir kven- og karlleiðtoga hérlendis sem á heimsvísu. Líf fólks, veruleiki og skipulag samfélaga og stofnana eftir að heimsfaraldrinum lýkur, byggir á ákvörðunum og viðbrögðum leiðtoga meðan á honum stendur. Fyrirliggjandi rannsóknir varðandi farsæl viðbrögð og ákvarðanatöku leiðtoga á hamfaratímum voru teknar saman með kerfisbundinni fræðilegri aðferð samkvæmt sex stiga ferli Jesson o.fl. (2011). Inntöku- og útilokunarskilyrði og PRISMA flæðirit vörðuðu kerfisbundna leit í gagnasöfnunum ProQuest, PubMed, Scopus og Web of Science að rannsóknum um efnið útgefnum á ensku á tímabilinu 2011-2021, sem skilaði 2.241 grein. 153 rannsóknir stóðust nánari greiningu og af þeim stóðst 51 grein inntökuskilyrði, þar af voru 29 eigindlegar, 15 megindlegar og 7 notuðu blandaða aðferð. 22 voru framkvæmdar í heimsfaraldri COVID-19 og 29 við ýmsar aðrar hamfarir. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að farsæl forysta á hamfaratímum grundvallist á þremur stoðum: 1) sjálfsvitund; 2) tengslum; 3) framkvæmd, sem endurspeglast í fimm samverkandi stjórnunarlegum viðbrögðum: Efla stöðugt eigin þekkingu sem annarra og hafa starfshlutverk allra skýr; Koma á og viðhalda skarpri framtíðarsýn og tilgangi; Hafa yfirsýn; Ákvarðanataka í samræmi við aðstæður hverju sinni; Setja fram viðbúnaðar- og viðbragðsáætlanir. Líkanið Farsæl forysta á hamfaratímum er lagt fram, sem gefur leiðtogum tækifæri til hagnýtingar og undirbúnings þegar staðið er frammi fyrir fordæmalausum aðstæðum.

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir

Lykilorð: farsæl forysta, hamfarir, kerfisbundin fræðileg samantekt.

### 1.20.2 Forysta sem eflir vellíðan og forvarnir kulnunar í starfi

Þreyta og merki um kulnun í starfi er vaxandi vandi og mikilvægt að leiðtogar þekki leiðir til að efla forvarnir til að draga úr slíkri vanlíðan. Rannsóknir sýna að samskipti og áherslur leiðtoga hafa afgerandi áhrif á vellíðan starfsfólks. Yfirlit yfir stöðu þekkingar á sviðinu varpar ljósi á sannreynda þekkingu um heilbrigt starfsumhverfi og heilsueflandi forystu með samspili sálfélagslegra þátta sem tengjast vellíðan í starfi. Sú þekking byggir á rannsóknum frumkvöðla sem sýndu að sálfélagslegir þættir á vinnustað tengjast starfsánægju, vellíðan og geta virkað sem forvarnir kulnunar í starfi. Sjálfræði í starfi og áhrif á eigin störf geta verndað starfsmann gegn neikvæðum áhrifum álags og sama á við um félagslegan stuðning. Aðgangur að bjargráðum sem fylgja ábyrgðarskyldu geta verndað gegn vanlíðan í starfi sem og skýr sýn á tilgang starfa sem tengist innri starfshvötum sem efla starfsánægju og sama gildir um umbun sem er í takt við framlag. Í erindinu verður kynnt tillaga að líkani sem byggir á sannreyndri þekkingu um heilsueflandi forystu með heildrænni nálgun sem eflir heilbrigt starfsumhverfi og vellíðan þar sem áhersla er á 1) sjálfræði og gagnkvæman stuðning; 2) persónulegan styrk og innri starfshvöt og 3) sameiginlegan tilgang og skýra ábyrgðarskyldu.

Sigrún Gunnarsdóttir

Lykilorð: heilsueflandi forysta, vellíðan í starfi, kulnun í starfi.

### 1.20.3 Hámenntaðar konur af erlendum uppruna: hvernig yfirstíga þær hindranir á íslenskum vinnumarkaði?

Rannsóknir á dekkri hliðum fjölbreytileikans sýna að konur af erlendum uppruna þurfa oft að takast á við hindranir á vinnumarkaði vegna uppruna síns, kyns, tungumálaörðugleika, útlendingafordóma og kynþáttafordóma. Þörf er því á rannsóknum á leið þeirra til æðstu metorða á vinnumarkaði. Sjónum var beint að konum af erlendum uppruna sem hafa lokið háskólamenntun og staða þeirra í atvinnulífinu skoðuð út frá skörun eiginleika eins og þjóðernis, kynþáttar og kyns. Markmiðið var að dýpka skilning á upplifun þeirra af hindrunum og hvað hefur gagnast þeim sem náð hafa langt í starfi. Tekin voru djúpviðtöl við tvo hópa innflytjendakvenna sem allar eru háskólamenntaðar í fögum á borð við endurskoðun, lögfræði, menntavísindi og tölvunarfræði. Annar hópurinn var í milli- eða yfirstjórnendastöðum í sínu fagi en hinn hópurinn hafði ekki náð að yfirstíga hindranir og nýta menntun sína að fullu í starfi og voru sumar í störfum fyrir ófaglærða þrátt fyrir háskólamenntun. Niðurstöðurnar sýna að konurnar upplifa að sem konur og útlendingar af öðrum kynþætti en flestir Íslendingar standi þær höllum fæti og upplifðu þær kynþáttafordóma; sérstaklega frá körlum. Reynsla þessara tveggja hópa dregur fram hve yfirmenn spila stórt hlutverk í framgangi þeirra, bæði sem hjálp og sem hindrun. Lykilatriði í að ná árangri reyndist í mörgum tilfellum vera að hafa tækifæri til tengslamyndunar og samstöðu með öðrum konum.

Þóra H. Christiansen
Erla S. Kristjánsdóttir

Lykilorð: fjölbreytileiki, konur, samstaða.

### 1.20.4 Skilningur, stuðningsnet og heilbrigt líferni: Íslenskir kvenstjórnendur og höndlun vinnutengdrar streitu

Rannsóknir hafa sýnt fram á að konur í stjórnunarstöðum þurfa gjarnan að feta grýttari vegslóða en karlkyns kollegar þeirra og leiðin upp metorðastigann er oft hindrunum stráð. Á árinu 2021 eru konur enn í minnihluta stjórnenda og einungis ein kona stýrir fyrirtæki á markaði á Íslandi, þrátt fyrir að Íslandi vermi efsta sæti Global Gender Gap Index tólfta árið í röð. Í þessu erindi verður skyggnst inn í reynsluheim nokkurra íslenskra forystukvenna er lýtur að því hvernig þeim hafi í gegnum tíðina tekist að höndla streitu í tengslum við álag í vinnu og ábyrgð (ekki bara á vinnustað, heldur líka í einkalífi), hvaða þættir í þeirra nærumhverfi hjálpa þeim að takast á við þessar áskoranir og hverjar séu helstu hindranir og ógnanir varðandi velgengni þeirra og framgang. Frumniðurstöður sýna fram á að þættir á borð við tengslanet, stuðning heima fyrir, heilbrigt líferni og að vera „vel gift" hafa skipt sköpum að mati þátttakenda þessarar rannsóknar. Niðurstöður benda jafnframt til þess að karllæg vinnustaðamenning getur haft töluvert hamlandi árhrif á framgang kvenna í stjórnunarstöðum.

Sigrún Lilja Einarsdóttir
Einar Svansson

Lykilorð: konur í stjórnun, streita, kynbundnar hindranir .

### 1.20.5 „...erlend kona mun alltaf upplifa ójafnrétti..." Upplifun innflytjendakvenna í stjórnunarstöðum á áskorunum í starfi.

Rannsóknir á innflytjendakonum fer smám saman vaxandi en þá oftar með áherslu á þær sem fórnarlömb, en rannsóknir á reynslu kveninnflytjenda sem náð hafa langt í starfi eru takmarkaðar. Það er því tímabært að skoða upplifun háskólamenntaðra innflytjendakvenna sem hafa unnið sig upp í stjórnunarstöður á íslenskum vinnumarkaði og yfirstigið margbreytilegar hindranir þar sem flestir yfirstjórnendur eru karlar og ljósir á hörund. Það er mikilvægt að raddir þeirra heyrist sem hafa notið velgengni í starfi. Konur í hópi menntaðra innflytjenda mæta margvíslegum áskorunum og eru berskjaldaðar fyrir neikvæðum staðalímyndum, fordómum og ýmis konar mismunun. Markmið þessarar rannsóknar var að afhjúpa, útskýra og öðlast skilning á hvernig menntaðar innflytjendakonur af ýmsum kynþáttum upplifa að vera í stjórnunarstöðu á íslenskum vinnumarkaði og hvernig þær túlka mismunandi áskoranir í starfi í nýju landi. Tekin voru djúpviðtöl við háskólamenntaðar innflytjendakonur sem hafa unnið sig upp í stjórnunarstöður á Íslandi og yfirstigið margbreytilegar hindranir á vinnumarkaði. Notast var við fyrirbærafræði við öflun og greiningu gagna um reynslu og upplifun þeirra frá sjónarhorni innflytjendakvennanna sjálfra. Niðurstöður gefa til kynna að þrátt fyrir að konurnar séu áhrifamiklar, sterkar, áhugasamar og þrautseigar þá upplifa þær mismunum og skörun (intersectionality) fjölda hindrana vegna kyns, uppruna, þjóðernis, stöðu minnihlutahóps og tungumálaörðugleika.

Erla S. Kristjánsdóttir
Þóra H. Christiansen

Lykilorð: hámenntaðar innflytjenda konur, kynþáttur, hindranir.

## 1.21 Íþróttir: fjölbreytt sjónarhorn

### 1.21.1 Inntökuvígslur íþróttafélaga

Hjá mörgum íþróttafélögum tíðkast inntökuvígslur af einhverju tagi. Yfirleitt er nýliði þá látinn gera eitthvað sem honum er erfitt eða er niðurlægjandi. Sumar rannsóknir benda til þess að erfiðar inntökuvígslur auki fórnfýsi einstaklings gagnvart öðrum í viðkomandi félagsskap. Þú sannar þig gagnvart hinum með því að leggja eitthvað verulega á þig fyrir liðið eða félagsskapinn. Vígslur hafa líka af hefð haft það hlutverk að marka skil, hverjir eru fullgildir og hverjir ekki. Í þeim tilgangi að sjá hvort vígslur í innlend íþróttafélög hafi slíkar afleiðingar hafa verið tekin viðtöl við 14 núverandi og fyrrverandi þátttakendur í boltaíþróttum. Viðtölin voru síðan þemagreind og leitað að tilgangi vígslu, upplifun þátttakenda og hvort talið sé að vígslur hafi jákvæð áhrif á liðsandann. Megin niðurstöður eru þær að vígslurnar eru tilviljunarkenndar, skortir þann ramma sem inntökuvígslur þurfa að hafa til að ná (jákvæðum) tilgangi sínum. Ekki þurfa allir að gangast undir vígslu og vígslan markar ekki þau skil sem þær eiga að gera. Nýliði er „kjúklingur" þó vígsla hafi farið fram og þar til næsti nýliði kemur. Fæstir telja vígslurnar þjóna jákvæðum tilgangi í núverandi gerð en nokkuð var um óskir um rammaðar vígslur sem í reynd þýddu að viðkomandi væri fullgildur meðlimur hópsins.

Ingólfur Gíslason

Lykilorð: inntökuvígslur, íþróttir, fórnfýsi.

### 1.21.2 Krísa og krísustjórnun innan KSÍ

Institute for Crises Management hefur skilgreint krísu sem verulega truflun, sem veldur umfangsmikilli fjölmiðlaumfjöllun, sem hefur áhrif á hefðbundna starfsemi skipulagsheildar og einstaklinga. Hér á landi förum við ekki varhluta af síendurteknum aðstæðum, sem falla undir þessa skilgreiningu en umræðan hefur ekki verið gerð fræðileg skil hingað til innan háskólasamfélagsins og verið stjórnað af álitsgjöfum og almannatenglum. Markmiðið er að skoða nýlegt dæmi frá Knattspyrnusambandi Íslands sem skipulagsheild og einstaklingum, sem tengjast því máli. Aðferðafræðin er að fara yfir fræðasvið krísustjórnunar og kynntar helstu kenningar, aðferðir og rannsóknir á þessu sviði. Þar verða kynntar kenningar og rannsóknir Nassim Taleb um svarta svani (e. black swan) þ.e. ólíklega og ófyrirséða atburði og áhrif þeirra og hvernig má styrkja skipulagsheildir gegn þessum svörtum svönum.

Við framkvæmdina verður leitað svara við spurningum s.s. Hver var krísan? Hvernig var brugðist við henni? Hver voru áhrif á skipulagsheildina og einstaklingana? Hvaða lærdóm má draga? Þó atburðarásin í máli KSÍ kunni ekki vera alveg til lykta leidd þá er engu að síður niðurstaðan sú að hvorki skipulagsheildin né einstaklingarnir sem tengdust henni brugðust við með þeim hætti að draga úr krísuástandi og áhrifum hennar og koma á eðlilegri starfsemi sem fyrst.

Jón Snorri Snorrason

Lykilorð: krísa, krísustjórnun.

### 1.21.3 The clash of tradition and modernity in sporting field: the case of wrestling and football in Iran

Wrestling has been traditionally regarded as Iran's national sport. It has been considered a form of cultural expression and the marker of Islamic and Persian identity. Even though the juggernaut of globalization and neo-liberal economies in the 20th century has invented football the most popular and attractive sport globally, wrestling in Iran is still considered the stubborn rival of such spectator sport. This trend leads the author to argue how the distinctive cultural traditions, practical values and sporting success shaped the Iranian collective identity epitomized in wrestling. Thus, based on constructivist epistemological premises and drawing on Norbert Elias' figurational sociology, this study will present how different civilizations developed certain sports discourses with respect to their local cultural values and practices. I postulate the discourse around wrestling as local demand and, further, the socio-cultural development of sport organizations in general and football in particular, as a response to global force; in order to unravel how locally specific and global forces proposed innovation in sport to provide more harmony with the cultural realities and beliefs of the nation over time. More precisely, I argue that changing nature and the impact of sport are driven by socio-cultural and political forces generated by local and global dynamics, the contest of modernity and tradition, the conflicts between globalization and national identity.

Saeed Shamshirian

Lykilorð: sport, globalisation, national identity.

### 1.21.4 Áhrif fæðingardags á velgengni

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna áhrif aldurs innan árgangs á velgengni á fullorðinsárum. Fyrri rannsóknir hafa fundið slík áhrif meðal barna. Þeir sem eru fæddir snemma á árinu eru eldri en aðrir í sama bekk í skólakerfinu eða sama æfingahóp í ungliðastarfi í íþróttum sem getur gefið þeim ákveðið forskot. Hér er ekki horft til barna heldur fullorðinna og þannig reynt að meta hvort áhrif fæðingardags, ef einhver eru, fjara út með aldri. Í kaflanum er byggt á innlendum gögnum um fjóra hópa Íslendinga sem telja má árangursríka á einhverju sviði; stjórnmálamenn, landsliðsmenn í knattspyrnu, tekjuháa og útskrifaða úr háskóla. Niðurstöður sýna að í langflestum tilfellum virðist það forskot sem þeir sem fæðast snemma á árinu kunna að hafi notið í æsku hafa fjarað út þegar fullorðinsárum er náð. Engin almenn merki eru um að í þeim hópum sem hér eru skoðaðir sé einkum fólk fætt snemma á árinu. Þó má sjá einstaka fámenna undirhópa þar sem það kann að eiga við. Vísbendingarnar eru þó veikar og ekki óhætt að draga sterkar ályktanir af þeim, a.m.k. ekki án frekari rannsókna. Niðurstöður um forskot þeirra elstu innan árgangs í æsku geta haft talsvert hagnýtt gildi við skipulag skóla- og íþróttastarfs ungmenna. Hins vegar virðist ekki hið sama gilda á fullorðinsárum.

Gylfi Magnússon

Lykilorð: fæðingardagur, velgengni, íþróttir.

## 1.22 Loftslagsváin: Nauðsyn lagasetningar og hlutverk almennings og dómstóla við stefnumörkun og eftirfylgni

### 1.22.1 Eftirlitshlutverk almennings á sviði loftslagsmála

Árósasamningurinn tryggir almenningi þríþætt réttindi sem miða að því að vernda réttindi einstaklinga og komandi kynslóða til að lifa í ásættanlegu umhverfi. Í þessu ljósi verður vikið að eftirlitshlutverki almennings á sviði loftslagsmála með áherslu á réttindi sem almenningi eru veitt með Árósasamningnum. Sérstaklega verður fjallað um 3. mgr. 9. gr. samningsins og úrræði almennings til þess að framfylgja lögum, með áherslu löggjöf á sviði loftslagsmála, og hvort og hvernig má bregðast við aðgerðarleysi stjórnvalda. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði samningsins ber samningsaðilum að tryggja að almenningur hafi aðgang að stjórnsýslu- og dómstólameðferð til að geta krafist þess að aðgerðir og aðgerðaleysi af hálfu einstaklinga og stjórnvalda, sem ganga gegn ákvæðum landslaga um umhverfið, verði tekin fyrir. Þótt enn sé að ákveðnu marki óljóst hvernig skýra eigi ákvæðið hefur innihald þess smám saman skýrst, einkum vegna mála sem fjallað hefur verið um á vettvangi eftirfylgninefndar Árósasamningsins. Vikið verður að nokkrum þeirra mála ásamt dómaframkvæmd ESB-dómstólsins sem varða 3. mgr. 9. gr. samningsins. Ekki hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að innleiða framangreint ákvæði samningsins í íslenskan rétt.

Aðalheiður Jóhannsdóttir

Lykilorð: loftslagsmál, Árósarsamningurinn, almenningur.

### 1.22.2 Er eignarrétturinn fyrirstaða þegar kemur að loftslagsmálum?

Fjallað verður um um svigrúm löggjafans til þess að setja lög á sviði loftslagsmála sem fela í sér takmarkanir á stjórnarskrárvörðum réttindum, þ.m.t. eignarréttindum og atvinnufrelsi, í þágu langtímahagsmuna almennings og komandi kynslóða. Þegar gripið er til íþyngjandi aðgerða á sviði loftslagsmála kunna framangreind stjórnarskrárvarin réttindi að skerðast eða takmarkast að öðru leyti. Þá vaknar sú spurning hvort og á hvaða forsendum handhafar réttindanna geti krafist skaðabóta vegna skerðingar eða takmarkana á framangreindum réttindum. Viðfangsefnið verður m.a. skoðað í ljósi Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum og dómaframkvæmdar Hæstaréttar Íslands, auk þess sem höfð verður hliðsjón af úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá verður vikið að hugmyndafræðinni að baki eignarrétti og fanga m.a. leitað í réttarheimspeki og siðfræði með það að markmiði að svara því hver tilgangurinn hafi verið með eignarrétti í upphafi. Geta þau sjónarmið mögulega hjálpað til við að skilja hvernig loftslagsmál og eignarréttur geta lifað saman í sátt og samlyndi?

Víðir Smári Petersen

Lykilorð: loftslagsmál, eignaréttur, atvinnufrelsi.

### 1.22.3 Hlutverk dómstóla við stefnumörkun á sviði loftslagsmála

Á undanförnum árum hafa dómstólar í nokkrum ríkjum Evrópu tekið á nokkuð afgerandi hátt beinan þátt í stefnumörkun á sviði loftslagsmála. Meðal dómsmála sem vakið hafa mikla athygli er hollenska Úrgendamálið, sem fór fyrir hæstarétt Hollands 2019, og þýska KSG-málið, sem þýski stjórnlagadómstóllinn fjallaði um 2021. Í stórum dráttum var niðurstaða beggja dómstólanna sú að stefna stjórnvalda á sviði loftslagsmála skorti metnað og væri í andstöðu við grundvallarréttindi. Umrædd dómsmál verða sett í samhengi við nokkur ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og jákvæðar skyldur ríkja til þess að grípa til aðgerða á sviði umhverfismála. Jafnframt verður vikið að því álitaefni hvort mögulegt sé að gera sambærilegar kröfur og hafðar voru uppi í framangreindum málum fyrir íslenskum dómstólum. Þá verður lagt mat á hvort réttlætanlegt sé að dómstólar grípi fram fyrir hendur stjórnvalda á þessu sviði út frá sjónarmiðum um lýðræði og gæðum málsmeðferðar og stefnumótunar.

Kári Hólmar Ragnarsson

Lykilorð: loftslagsmál, dómstólar, mannréttindi.

## 1.23 Málstofa í markaðsfræði og þjónustustjórnun I

### 1.23.1 Hvað einkennir eftirminnileg slagorð íslenskra vörumerkja?

Slagorð er einn af grunnþáttum vörumerkja. Slagorð er stutt eftirminnileg setning sem fangar styrkleika vörumerkja og til aðgreiningar frá öðrum vörumerkjum. Því gegna slagorð mikilvægu hlutverki við að byggja upp vörumerkjavitund og ímynd með það að markmiði að endurspegla staðfærslu vörumerkisins. Markmið rannsóknarinnar var að leggja mat á hvað einkenni eftirminnileg slagorð íslenskra vörumerkja og hversu vel neytendur skilja merkinguna á bak við slagorðin og þar að leiðandi staðfærsluna. Rannsóknaraðferðin skilgreinist sem megindleg þar sem rafræn spurningakönnun er varðaði 22 slagorð vörumerkja á 13 mismunandi mörkuðum var lögð fyrir 1.160 manna úrtak. Mælitæki rannsóknarinnar tók mið af fræðilegum bakgrunni vörumerkjastjórnunar og fyrri rannsókna á slagorðum. Helstu niðurstöður sem snúa að vörumerkjavitund sýna að einkenni eftirminnilegustu slagorðanna er líftími þeirra og hæfni til að eldast með vörumerkinu, þau eru frumleg og hugmyndarík og staðfæra vörumerkið á einhvern hátt í huga neytenda. Niðurstöður rannsóknarinnar sem snúa að vörumerkjaímynd sýna að neytendur skilja betur merkingu slagorða sem eru einföld eða augljós en eftir því sem slagorð eru frumlegri eða hugmyndaríkari skildu færri merkinguna á bak við þau. Niðurstaðan er því að sjaldgæft er að slagorð íslenskra vörumerkja sé bæði eftirminnilegt og auðskilið á sama tíma.

Þórey Guðný Sigfúsdóttir
Ragnar Már Vilhjálmsson

Lykilorð: vörumerki, slagorð, staðfærsla.

### 1.23.2 Íshellaferðir út frá upplifunarhagkerfi Pine og Gilmore: Áhrif upplifunar á ánægju

Jákvæð upplifun ferðamanna er mikilvæg þeim fyrirtækjum sem vilja byggja upp gott umtal og ýta undir meðmæli. Rannsóknin snýst um að skoða upplifun ferðamanna í íshellaferðum á Íslandi þar sem fjórar víddir upplifunarhagkerfis (experience economy) eru nýttar í mælanlegt líkan til að kanna tengsl á milli breyta. Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt, annars vegar það að nota víddirnar fjórar til að skoða upplifun ferðamanna í íshellaferðum og hvort það séu tengsl á milli þeirra og ánægju og hvort gestir myndu mæla með þeim þar sem NPS meðmælaskor var nýtt til grundvallar. Spurningalisti var lagður fyrir ferðamenn (n=135) sem fóru í íshellaferð í Breiðamerkurjökli á tímabilinu nóvember 2019 til apríl 2020. Spurningalistinn var byggður á fyrri rannsóknum og innihélt tólf fullyrðingar sem voru hannaðar út frá upplifunarhagkerfinu. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að ekki hafa allar fjórar upplifunarvíddirnar áhrif á ánægju. Fræðsla og fagurfræði hafa jákvæð tengsl við ánægju viðskiptavina í íshellaferðum. Einnig var jákvæð fylgni milli ánægju viðskiptavina og NPS skors sem leiddi í ljós að ánægðir viðskiptavinir eru líklegir til að mæla með fyrirtækinu. Ekki voru nein tengsl á milli víddanna fjögurra og NPS skora. Hægt er að nota þessar niðurstöður til þess að draga ályktun um mikilvægi upplifunar viðskiptavina og hvaða víddir ætti að leggja mesta áherslu á.

Nejra Mesetovic
Brynjar Þór Þorsteinsson

Lykilorð: upplifunarhagkerfið, ánægja, meðmæli.

### 1.23.3 Þjónustugæði, ímynd og árangur

Markmið þessarar rannsóknar er að þróa aðferð til að meta að hve miklu leyti gæði þjónustu og ímynd geta útskýrt breytileikann í árangri og hvort annar þátturinn geti talist mikilvægari en hinn. Rannsóknin byggir á viðhorfskönnun meðal viðskiptavina viðskiptabanka á Íslandi vorið 2021 og þær bornar saman við tvær fyrri sambærilegar rannsóknir. Alls svöruðu 719 einstaklingar spurningakönnun sem lögð var fyrir en gild svör voru 480 (vigtuð út frá aldri og kyni). Spurningalistinn leggur mat á ímynd, þjónustugæði og árangur. Lýsandi þáttagreining sýndi fram á fjóra þætti, þjónustugæði 1, þjónustugæði 2, ímynd, og árangur, sem er háða breytan, en allir þættirnir höfðu viðunandi hleðslu ($a > 0,7$). Niðurstöður sýna að líkanið útskýrir 65% af breytileikanum í árangri ($r\ 2 = 0,65$) og að þátturinn þjónustugæði 1 hefur mest vægi ($ß = 0,44$) en sá þáttur einn og sér útskýrir 9% af breytileikanum í árangri ($P\ 2 = 0,09$). Þar á eftir kemur ímynd ($ß = 0,35$; $P\ 2 = 0,07$) og loks þjónustugæði 2 ($ß = 0,13$; $P\ 2 = 0,011$). Niðurstöður benda til þess að þættirnir þjónustugæði og ímynd útskýri hátt hlutfall breytileika í árangri og rétt eins og í samanburðarrannsóknunum þá virðast gæði hafa hærra vægi en ímynd. Mikilvægt er því að þróa aðferðina áfram og leggja fyrir í fleiri geirum atvinnulífsins.

Þórhallur Guðlaugsson

Lykilorð: þjónustugæði, ímynd, árangur.

## 1.24 Málstofa í markaðsfræði og þjónustustjórnun II

### 1.24.1 Do managerial qualifications matter when it comes to job satisfaction among employees?

The purpose of the research is to examine the relationship between the managerial qualifications in banks and the job satisfaction among employees. As the financial sector continues to grow globally and the financial products and services become more complex, banks are challenged with recruiting and retaining qualified managers and employees. A greater feed of professionals is needed to suffice increasing demand for skilled managers. Banks have been criticized for the lack of long-term investments when it comes to recruitment strategies. Not focusing on managers qualifications, that are both skilled in their work and able to motivate their employees that can lead to job satisfaction and increased quality of work amongst employees. The cases chosen for the research are large commercial banks in Iceland and Denmark. A qualitative study consisting of 10 pilot interviews and 40 semi-structured interviews is the data foundation. Comparison of recruitment processes in the financial sector and the impact on internal marketing within these countries is virtually non-existing. The research gives more certitude in evaluating the impact of recruitment strategies has on the organizational climate and job satisfaction, as the premise of national culture is applicable.

Unnar Freyr Theódórsson

Lykilorð: human resource management, service management, motivation.

### 1.24.2 Innri markaðsfærsla og samhæfing innri samskipta

Í erindinu verður sagt frá rannsókn sem snýr að samþættingu innri markaðsaðgerða og samskiptum stjórnenda og starfsfólks í ferðaþjónustu, í fyrstu bylgju COVID-19 á Íslandi, snemmsumars 2020. Innri markaðsfærsla snýr að miklu leyti að því að samþætta og samhæfa aðgerðir sem hjálpa starfsfólki að takast á við þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir hverju sinni og að allir gangi í takt. Fyrirtæki og stjórnendur þurfa að vera undirbúin þegar eitthvað bjátar á með skýra aðgerða- og samskiptaáætlun. Upplýsingar þurfa að vera til reiðu og þeim deilt áreiðanlega þegar þarf til starfsfólks og viðskiptavina. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við tíu einstaklinga sem allir hafa áralanga reynslu af störfum í ferðaþjónustu og að lágmarki þriggja ára starfsreynslu við greinina á Íslandi. Viðmælendur störfuðu í mismunandi geirum innan greinarinnar, bæði hjá smærri og stærri fyrirtækjum og keðjum. Niðurstöður benda til þess að samskiptaáætlun hafi ekki verið til staðar hjá fyrirtækjunum sem viðmælendur störfuðu hjá. Samskipti voru af afar skornum skammti, einkenndust af óáreiðanlegum upplýsingum og óreiðkenndum svörum. Skilaboð til starfsfólks voru mismunandi á milli stjórnenda, stönguðust í einhverjum tilfellum á við ytri samskipti á vefsíðum fyrirtækjanna og við það sem var sagt í fjölmiðlum. Stjórnendur nálguðust ekki starfsmenn af fyrrabragði, heldur brugðust við spurningum og áhyggjum sem fram komu.

Magnús Haukur Ásgeirsson

Lykilorð: innri markaðsfærsla, innri samskipti, samhæfing.

### 1.24.3 Vörumerkjastjórnun í stafrænum heimi: Fræðilegt yfirlit og tækifæri til nýrrar þekkingaröflunar

Vörumerki og vörumerkjastjórnun hafa verið skoðuð frá ýmsum hliðum og haldið fram að vel heppnuð staðfærsla vörumerkja á markaði sé lykillinn að samkeppnisforskoti þeirra. Vörumerki hafa verið skilgreind sem nafn, merki, tákn, umbúðir, hönnun eða annað sem einkennir þau og aðgreinir þau frá öðrum. Sterkustu vörumerkin eru vel þekkt og vel metin og árangursrík vörumerkjastjórnun snýst um að vörumerki séu stöðug og viðeigandi með skýra aðgreiningu. Hinn stafræni heimur felur í sér ýmsar nýjar áskoranir fyrir vörumerki eins og óhindraðan aðgang neytenda að upplýsingum, aukin krafa um lægra verð og þá eiga neytendur samskipti við vörumerki í gegnum marga og oft flókna snertifleti. Kerfisáhrif (network effect) gera það að verkum að lögmálið um einn sigurvegara (winner take all) eru ráðandi þáttur þar sem stafræn vistkerfi (digital ecosystems) eiga í samkeppni á markaði fremur en fyrirtæki. Þá er því haldið fram að stafræn vörumerkjastjórnum snúist í auknum mæli um að auka virði neytenda með því að bjóða upp á snurðulausa stafræna upplifun sem talin er skapa aðgreiningu og samkeppnisforskot fremur en annað. Margir halda fram að þessar nýju áskoranir kalli á breyttar aðferðir í vörumerkjastjórnun. Í erindinu verður farið yfir helstu kenningar þegar kemur að vörumerkjastjórnun í stafrænum heimi, ljósi varpað á helstu áskoranir og spurningar settar fram til að benda á knýjandi þörf fyri aukna þekkingu á þessu sviði.

Brynjar Þór Þorsteinsson

Lykilorð: vörumerkjastjórnun, stafræn, áskoranir.

## 1.25 Málstofa um ferðamál I: Ferðamennska, mannvirki og náttúra

### 1.25.1 Innviðir á miðhálendi Íslands: Óskir ferðaþjónustunnar

Miðhálendi Íslands er mikilvæg auðlind fyrir ferðaþjónustuna og eru þar ýmsir vinsælir áfangastaðir fyrir erlenda og innlenda ferðamenn. Ásýnd miðhálendisins hefur smám saman tekið breytingum en í gegnum tíðina hafa verið byggðir vegir og orkumannvirki en jafnframt skálar, göngustígar og önnur aðstaða fyrir ferðamenn. Uppbygging innviða hefur hins vegar áhrif á hvers konar ferðamennska byggist upp á svæðinu og hverjir ferðast þar um. Sumir ferðamenn vilja ferðast um lítt spillta náttúru með takmörkuðum mannvirkjun á meðan aðrir vilja meiri þægindi og þjónustu. Í ljósi mikilvægis ferðaþjónustunnar fyrir efnahag þjóðarinnar er mikilvægt að þekkja óskir greinarinnar varðandi frekari þróun innviða á miðhálendinu. Í þessari rannsókn eru kynntar niðurstöður úr rafrænni spurningakönnun sem lögð var fyrir ferðaskrifstofur og ferðasala dagsferða. Svör fengust frá um 380 fyrirtækjum sem samsvarar rúmlega 40% svarhlutfalli. Niðurstöðurnar staðfesta að miðhálendið er mikilvægur vettvangur fyrir íslenska ferðaþjónustu og óskar greinin eftir þátttöku í umræðu um skipulag og stjórnun miðhálendisins til framtíðar. Meirihluti svarenda telur að fjölga megi salernum og merktum gönguleiðum á hálendinu, en töluvert færri telja æskilegt að byggja hótel og sölustaði fyrir veitingar. Um helmingur telur að hálendisvegir ættu að fá betra viðhald en færri vilja að vegirnir verði uppbyggðir eða með bundnu slitlagi.

Margrét Wendt
Anna Dóra Sæþórsdóttir

Lykilorð: ferðaþjónusta, miðhálendið, innviðir.

### 1.25.2 The interrelationships of renewable energy infrastructure and tourism: Findings of a systematic literature review

Increasing renewable energy developments point to the need for investigating how renewable energy infrastructure (REI) affects tourism. This systematic literature review aims to map out the present knowledge on the interrelationships of REI and tourism, to identify the type and character of these interrelationships and the factors affecting them. Online databases Scopus and Web of Science were used for the search of relevant academic articles which were selected based on predefined selection criteria. Later a content analysis of descriptive information was conducted to identify emerging themes and articles were categorized accordingly. The findings of the review revealed that the topic receives increasing attention. The increase is the highest for the studies investigating the perceptions, attitudes, and behaviour of tourism stakeholders as well as for economic valuation studies, followed by landscape/environmental/land use planning studies, while the number of methodological and theoretical studies is still relatively low. The reviewed articles point to the heterogeneity of the tourism stakeholder attitudes towards REI, and consequently to a wide range of impacts on tourist experience, recreational opportunities, and tourism demand. REI and tourism not only rely on the same natural resources, but also on each other: tourism creates more demand for energy and needs renewable energy for reducing its $CO_2$ emissions, while high reliance on tourism affects economic benefits of REI in the area.

Edita Tverijonaite
Anna Dóra Sæþórsdóttir

Lykilorð: renewable energy, tourism, literature review.

### 1.25.3 Vindmyllur í byggð – bjargráð eða umdeildar búsifjar?

Aukinn áhuga á virkjun vinds til raforkuframleiðslu á Íslandi má greina í fjölda umsókna um virkjunarleyfi frá erlendum og íslenskum fyrirtækjum. Umræða um framtíðaruppbyggingu vindorkuvera sækir einnig í sig veðrið og átakalínur að mótast um þætti eins og staðsetningu og leyfisveitingarferli. Einungis hafa verið reistar tvær vindmyllur saman á tveimur stöðum, við Búrfell og í Þykkvabæ, því er reynsla af nábýli við stórar vindmyllur og vindorkuver lítil hérlendis. Í erindinu er rýnt í hvaða rök íbúar og landeigendur í Þykkvabæ og í dreifbýli þar sem áform eru um vindorkuver færa á móti eða með vindorkuverum í sinni sveit. Áherslan er á að greina þætti sem snerta lífsgæði búsetu og frístundadvalar á umræddum svæðum, auk viðhorfa til áhrifa á núverandi og framtíðar tekjumöguleika. Rannsóknin byggir á greiningu á athugasemdum almennings í skipulagsferli, innsendum greinum og viðtölum. Meðal helstu áhyggjuefna eru röskun á útsýni og kyrrð, sem dragi úr lífsgæðum og hafi mögulega áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu, frístundabyggðar og núverandi tekjur af veiðitengdri ferðamennsku á sumum svæðum. Hagnaður af uppbyggingu er talinn fara mest til einstakra landeigenda og

orkufyrirtækja, fremur en staðarsamfélagsins.

Magnfríður Júlíusdóttir

Lykilorð: vindorkuver, viðhorf íbúa, dreifbýli.

### 1.25.4 Viðhorf ferðaþjónustunnar til miðhálendisþjóðgarðs

Miðhálendi Íslands gegnir mikilvægu hlutverki fyrir ferðaþjónustuna. Náttúra þess er hins vegar viðkvæm og sums staðar eru uppi hættumerki um að ágangur ferðamanna sé orðinn of mikill. Svæðið er einnig mikilvægt til annarrar landnýtingar eins og t.d. beitar og orkuframleiðslu og eru ýmsir möguleikar til frekari nýtingar. Í lok árs 2020 lagði umhverfis- og auðlindaráðherra fram stjórnarfrumvarp um stofnun miðhálendisþjóðgarðs með það að markmiði að vernda náttúru svæðisins og jafnframt tryggja að ferðamenn geti áfram skoðað og notið þess. Í ljósi mikilvægi miðhálendisins fyrir ferðaþjónustuna er brýnt að þekkja afstöðu greinarinnar til nýtingar svæðisins, þar með talið til stofnunar þjóðgarðs. Í erindinu eru kynntar niðurstöður úr netkönnun sem gerð var meðal ferðaskrifstofa og ferðasala dagsferða. Svör fengust frá rúmlega 380 fyrirtækjum sem er rúmlega 40% svarhlutfall. Niðurstöðurnar sýna að ferðaþjónustan telur aðdráttarafl miðhálendisins felast í víðerni og fjölbreyttri náttúru. Skiptar skoðanir eru um hvort stofnun hálendisþjóðgarðs sé góð leið til þess að varðveita þessa eiginleika. Fleiri (44%) eru andvígir stofnun hálendisþjóðgarðs en hlynntir (40%). Þeir sem eru neikvæðir gagnvart tillögunni óttast skertan aðgang að hálendinu og reglur sem hamla starfsemi fyrirtækjanna. Þeir sem eru jákvæðir í garð hálendisþjóðgarðs telja hann geta aukið aðdráttarafl svæðisins og stuðlað að aukinni náttúruvernd.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Lykilorð: ferðaþjónusta, miðhálendi, þjóðgarður.

## 1.26 Málstofa um ferðamál II: Áhrif heimsfaraldurs

### 1.26.1 Kófið tæklað — Rannsókn á bjargráðum í ferðaþjónustu

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur leitt til mikillar niðursveiflu í hagkerfinu og er ferðaþjónusta sú atvinnugrein sem mun fara sem verst út úr þessu ástandi og mun líða fyrir það næstu árin, þar á meðal hér á landi. Sumarið 2021 fóru fram sex viðtöl við forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurlandi og fimm við aðila innan stoðkerfis ferðaþjónustunnar á svæðinu. Markmiðið með þessum viðtölum var annars vegar að fá skilning á aðstæðum ferðaþjónustufyrirtækja á tímum Covid-19 og þeim þáttum sem skipt hafa máli við að takast á við afleiðingar faraldursins og hins vegar að meta hvaða hlutverk nýsköpun hefur gegnt í ástandinu. Horfa má á nýsköpun sem nýjungar innan fyrirtækis sem er ekki endilega í formi vörusköpunar. Niðurstöður benda til að úrræði stjórnvalda hafi komið sér afar vel fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurlandi og haldið þeim á floti. Á þá vegu má segja að þau hafa fengið tækifæri til að stunda nýsköpun sem flest hafa aðlagað að nýjum markhóp: Íslendingum, sem hafa verið þeim verðmætir viðskiptavinir á þessum krefjandi tímum. Samráð við aðra í sömu stöðu og samstarf hafa einnig verið veigamiklir þættir í að gera fyrirtækjunum kleift að sjá ljósið og takast á við krísuna.

Kristófer Orri Guðmundsson
Ragnhildur Pétursdóttir

### 1.26.2 Seigla í íslenskri ferðaþjónustu — Viðbrögð við krísu

COVID-19 faraldurinn og ferðatakmarkanir af þeim sökum hafa haft mikil áhrif á íslenska ferðaþjónustu og mörg fyrirtæki voru nánast án tekna á árinu 2020. Árið 2020 var 76% samdráttur í komu erlendra ferðamanna til Íslands, og er Ísland meðal þeirra landa í Evrópu sem hafa orðið fyrir mestum samdrætti ferðaþjónustunnar vegna heimsfaraldurs Covid-19. Ferðaþjónusta varð mikilvægasta útflutningsgrein Íslands eftir fjármálahrunið 2008. Fjöldi ferðamanna á heimsvísu jókst úr hálfri milljón árið 2010 í 2,3 milljónir árið 2019 en árleg aukning var á bilinu 19-39%. Árið 2018 var Ísland í þriðja efsta sæti, á eftir Mexíkó og Spáni, allra OECD-ríkja varðandi hlutfall af ferðaþjónustu af heildarframleiðslu. Núverandi faraldur og afleiðingar ferðatakmarkana hafa því bitnað hart á landinu efnahagslega. Þessi kynning mun styðjast við yfirstandandi rannsókn á aðlögunarhæfni og seiglu íslenskra ferðaþjónustu. Farið verður yfir áhrif COVID-19 faraldursins á lítil- og meðalstór fyrirtæki í ferðaþjónustu, auk þess verður tæpt á helstu aðferðum þeirra við að takast á við faraldurinn. Gögnin munu samanstanda af fyrirliggjandi opinberum gögnum, viðtölum við stjórnendur og aðstandendur ferðaþjónustu sem og dagbókarfærslum ferðaþjónustuaðila.

Íris H. Halldórsdóttir

Lykilorð: ferðaþjónusta, COVID-19, seigla.

### 1.26.3 Skemmtiskipaferðamennska á Ísafirði á óvissutímum

Ísafjörður er vinsæll áfangastaður skemmtiferðaskipa og hefur komum skipa fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Yfir sumarmánuðina leggjast stór skip við höfn og fer farþegafjöldi oft yfir íbúafjölda bæjarins. Árið 2019 komu 125 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar með um 97.700 farþega, en árið 2020 komu hins vegar engin skip sökum heimsfaraldurs Covid-19. Í þessu erindi verða kynntar fyrstu niðurstöður vettvangsrannsóknar sem framkvæmd var á Ísafirði sumarið 2021. Markmið vettvangsrannsóknarinnar var að kanna starfshætti hagsmunaaðila og umgjörð skemmtiskipaferðamennsku á Ísafirði nú þegar Ísafjörður er farinn að taka á móti skipum að ný. Fylgst var með móttöku skipafarþega í landi og rætt við ferðaþjónustuaðila á staðnum. Fyrstu niðurstöður sýna að mikil samstaða er meðal hagsmunaaðila þó svo að óvissa ríki um framtíð skemmtiskipaferðamennskunnar á Ísafirði. Vettvangsrannsóknin er liður í fjölþjóðlegu rannsóknarverkefni sem snýr að skemmtiskipaferðamennsku á norðurslóðum og nefnist Sustainable Arctic Cruise Communities: From practice to governance. Markmið rannsóknarinnar er að kanna svæðisbundna stjórnun og stýringu á sex áfangastöðum skemmtiferðaskipa og þróa verkfærakistu sem gæti mögulega nýst móttökusvæðum á norðurslóðum. Rannsóknarsvæðið er Noregur, Rússland, Svalbarði, Ísland og Grænland, og einblínt er á Ísafjörð fyrir íslenska hlutann.

Ása Marta Sveinsdóttir

### 1.26.4 Sumarið 2020 er eitt besta ferðasumar sem ég man eftir! – Ferðahegðun og upplifun Íslendinga á tímum COVID-19

Engin atvinnugrein hefur fengið á sig jafn harðan skell og ferðaþjónustan af völdum COVID-19 á heimsvísu. Ferðatakmarkanir í upphafi árs 2020 höfðu óneitanlega mikil áhrif á íslenska ferðaþjónustu þar sem flugsamgöngur nánast lögðust af. Sumarið 2020 dró úr vexti heimsfaraldursins og gripu íslensk stjórnvöld til þess ráðs að hvetja Íslendinga til þess að ferðast innanlands. Ferðaþjónustufyrirtæki kepptust við að lækka verð og stjórnvöld gáfu Íslendingum 5.000 kr. ferðagjöf sem hvatningu til ferðalaga innanlands. Þrátt fyrir að Íslendingar hafi ferðast innanlands síðustu ár var fyrirséð að breyting yrði á ferðahegðun þeirra vegna mikilla takmarkana á landamærum. Í lok árs 2020 var lögð fram rafræn spurningakönnun þar sem markmiðið var að kanna breytta ferðahegðun Íslendinga og upplifun þeirra á ferðalögum innanlands. Niðurstöður sýna aukningu í ferðalögum innanlands milli ára og að almennt hafi svarendur verið ánægðir með ferðalög sín, sérstaklega ef horft er til fækkunar erlendra ferðamanna á Íslandi. Svarendur töldu að ferðaþjónustan hafi ekki verið tilbúin til þess að taka á móti Íslendingum þar sem erfitt reyndist að fá upplýsingar um þjónustu á íslensku. Niðurstöðurnar gefa jafnframt til kynna að Íslendingar séu ekki vanir því að vera ferðamenn í eigin landi.

Elva Dögg Pálsdóttir

Lykilorð: ferðahegðun, upplifun, ferðalög innanlands.

### 1.26.5 Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu á tímum Covid-19

Kórónuveirufaraldurinn hefur breytt öllum forsendum ferðaþjónustunnar sem hefur orðið fyrir meiri röskun vegna veirunnar en flestar aðrar atvinnugreinar. Faraldurinn gæti breytt til frambúðar hvernig fólk ferðast og sömuleiðis haft áhrif á hegðun og viðhorf ferðamanna og íbúa. Í erindinu er sjónum beint að upplifun íbúa í byggðum landsins af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimsfaraldri. Gagna var aflað veturinn 2020-2021 á fimm stöðum; Akureyri, Mývatnssveit, Ísafirði, Höfn í Hornafirði og 101 Reykjavík. Tekin voru eigindleg viðtöl við íbúa (3 rýnihópaviðtöl á Akureyri og 44 einstaklingsviðtöl á hinum stöðunum) og megindleg spurningakönnun var lögð fyrir úrtak íbúa á hverjum stað. Rannsóknin leiddi í ljós að áhrif brotthvarfs ferðamanna úr samfélagi heimamanna voru mismunandi eftir stöðum. Fækkun ferðamanna virtist hafa litil áhrif á Ísafirði en á hinum stöðunum var breytingin mun sýnilegri í samfélaginu. Aðhvarfsgreining á megindlegum gögnum rannsóknarinnar sýndi á öllum stöðum að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga sem störfuðu í ferðaþjónustu voru neikvæðari en á tekjur einstaklinga í öðrum atvinnugreinum. Niðurstöðurnar benda til þess að Covid-19 faraldurinn hafi dregið fram mikilvægi ferðaþjónustu í atvinnulífi svæðanna.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir

## 1.27 Málstofa um ferðamál III: Samfélag og menning

### 1.27.1 Fjöldi ferðamanna og ferðaleiðir þeirra

Flestir ferðamenn sem koma til landsins koma og fara í gegnum Leifsstöð. Þar byrjar og endar ferðalag nær allra erlendra ferðamanna. En hvaða staði heimsækja þeir? Hvernig haga þeir ferðum sínum? Hvernig breytist fjöldi og ferðahegðun eftir árstíma? Það er mikilvægt að vita vegna verndunar og skipulags áfangastaða. Einnig til að skipuleggja ferðamennsku á landsvísu, til að mynda vegna skipulags ferðaleiða og tenginga á milli áfangastaða. Verkefnið sem hér er kynnt hefur notað bifreiðateljara á áfangastöðum til að meta fjölda ferðamanna. Sagt verður frá aðferðafræði talninganna, meðal annars frá tveimur leiðum til að kvarða teljarana, annars vegar með handtalningu og hins vegar sjálfvirkt, með radar. Radarinn mælir meðal annars fjölda bifreiða og stærð þeirra. Stærðin á bifreiðunum skiptir máli þegar fjöldi ferðamanna er reiknaður út frá fjölda bifreiða því fleiri farþegar eru í rútum en litlum einkabílum. Í kjölfarið verða talningagögnin notuð til að sýna hvaða áfangastaði ferðamenn heimsækja á mismunandi árstímum. Að lokum verður fjallað um hvernig verkefnið hefur nýtt talningarnar frá áfangastöðunum, samhliða gögnum Vegagerðarinnar um fjölda bifreiða á hringveginum, til að greina ferðaleiðir um landið. Upplýsingar um fjölda er grunnforsenda þess að hægt sé að grípa til aðgerða til að dreifa ferðamönnum jafnar um landið.

Gyða Þórhallsdóttir

Lykilorð: fjöldi ferðamanna, ferðaleiðir, á íslensku.

### 1.27.2 Hvaða minjar eru merkilegar? Viðhorf íbúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar til minjastaða

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig heimamenn sjá og meta minjastaði í sínu nánasta umhverfi. Rannsóknin er unnin af Rannsóknamiðstöð ferðamála fyrir Minjastofnun Íslands. Um er að ræða tilviksrannsókn þar sem Hofstaðir í Mývatnssveit eru nýttir sem dæmi en svæðið sem rannsóknin nær yfir er Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit. Í rannsókninni er lögð áhersla á að öðlast innsýn í samfélagslegt gildi minjastaða fyrir heimamenn og kanna hvort, og þá hvernig, minjastaðir geti gagnast íbúum þessa tiltekna svæðis. Rannsókninni er skipt í þrjá hluta og byggist á blönduðum rannsóknaraðferðum. Viðtöl voru tekin við fimm hagaðila á svæðinu sem valdir voru með markvissu úrtaki sem fulltrúar sveitastjórnar, ferðaþjónustunnar og Vatnajökulsþjóðgarðs. Í framhaldi af viðtölunum var haldinn rýnihópsfundur með fimm heimamönnum af svæðinu. Viðtölin og rýnihópsfundurinn fóru fram vorið 2021. Þriðji hluti rannsóknarinnar byggist á rafrænni spurningakönnun sem send verður til íbúa svæðisins haustið 2021. Í erindinu verður farið yfir tildrög og markmið rannsóknarinnar ásamt helstu niðurstöðum. Fyrstu niðurstöður sýna að heimamenn telja töluvert sögulegt gildi felast í minjastöðum síns svæðis en meira mætti gera til að nýta þá og að miðla þurfi betur þeirri rannsóknarvinnu sem unnin hefur verið á svæðinu til þessa. Viðmælendur eru því jákvæðir á frekari uppbyggingu minjastaða eins og á Hofstöðum en segja jafnframt að huga þurfi vel að uppbyggingu innviða, náttúruvernd og minjavernd við slíkar framkvæmdir.

Vera Vilhjálmsdóttir

Lykilorð: minjastaðir, viðhorf heimamanna, samfélag.

### 1.27.3 Þar sem malarvegurinn byrjar — Tengsl staðarmyndunar og hreyfanleika á jaðrinum

Í erindinu Þar sem malarvegurinn byrjar verður fjallað um yfirstandandi rannsókn á tengslum staðarmyndunar, hreyfanleika og ferðamennsku á jaðarsvæðum og því hvernig slíkir staðir verða til í gegnum hreyfanleika og skapandi athafnir hversdagsins. Rannsóknarsvæðið er Melrakkaslétta, fámennt byggðalag á norðausturhorni landsins. Svæðið er eitt þeirra sem hvað síst varð vart við veldisvöxt íslenskrar ferðaþjónustu á undanförnum árum. Rannsóknin byggir á eigindlegum rannsóknaraðferðum og styðjast við hugmyndir seinni gerendanetskenninga. Í því felst að leitað er þráða sem í samofnum og hreyfanlegum kerfum byggi — eða geti byggt — tiltekna samfélagslega þætti, hér með áherslu á þræði ferðaþjónustu í dreifbýli. Meginþungi rannsóknar hefur til þessa legið í vettvangsathugun og hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum við íbúa og hús- og landeigendur á svæðinu. Jafnframt hefur verið beitt samræðuaðferð, þá við heimamenn sem og gesti rannsóknasvæðis. Í erindinu verður gerð grein fyrir helstu forsendum og framvindu rannsóknarinnar auk þess sem farið verður yfir fyrstu niðurstöður og vísbendingar og grein gerð fyrir áætlunum um næstu skref.

Yfirskrift rannsóknarinnar er Samvera á jaðrinum? Melrakkaslétta á ferð og er hún einn hluti rannsóknaverkefnisins Hreyfanleiki á jaðrinum — skapandi ferli staða sem styrkt er af Rannsóknasjóði Íslands.

Þórný Barðadóttir

Lykilorð: ferðamál, hreyfanleiki, jaðar.

## 1.28 Málstofa um stjórnsýslukærur

### 1.28.1 Hvað er fjallað um í úrskurðum úrskurðarnefndar um upplýsingamál?

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum rannsóknar á úrskurðum úrskurðarnefndar um upplýsingamál en nefndin hefur kveðið upp liðlega 1000 úrskurði frá því hún tók til starfa. Lýst verður hvernig úrskurðaframkvæmdin var flokkuð eftir málaflokkum, eftir stjórnvöldum sem í hlut áttu, eftir eðli þeirra upplýsinga sem um var að ræða (þar á meðal eftir því hvort upplýsingarnar vörðuðu einkamálefni einstaklinga), svo og eftir niðurstöðum úrskurðanna þar sem nefndin ýmist staðfesti kærðar ákvarðanir um aðgang að gögnum eða breytti þeim að hluta eða í heild. Varpar rannsóknin ljósi á inntak framkvæmdar upplýsingalaganna og í rannsóknarniðurstöðunum er fólgin þekking sem skapar tækifæri til að rannsaka frekar þá þætti sem einkum hefur reynt á í úrskurðaframkvæmd nefndarinnar, þar sem leitað er atbeina hennar í þágu aðgangs borgaranna að upplýsingum.

Kári Allansson

### 1.28.2 Kerfi um endurskoðun á ákvörðunum um aðgang að gögnum

Í erindinu verður fjallað um þau kerfi sem byggst hafa upp um endurskoðun ákvarðana um aðgang að gögnum á grundvelli upplýsingalaga á Norðurlöndunum, með áherslu á að bera íslenska kerfið saman við kerfi hinna Norðurlandanna. Við setningu upplýsingalaga nr. 50/1996, sem eru forveri gildandi upplýsingalaga, var ákveðið að sá sem fengið hefur synjun á beiðni um aðgang að gögnum á grundvelli laganna gæti kært slíka ákvörðun til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Því skipulagi var haldið við setningu nýrra upplýsingalaga nr. 140/2012. Í þessu felst að til miðlægrar úrskurðarnefndar er hægt að kæra beint ákvarðanir allra þeirra sem falla undir upplýsingalög, enda feli þær í sér synjun á aðgangi að gögnum. Þetta kerfi er sérstakt því úrskurðarnefndin endurskoðar t.d. ákvarðanir ráðuneyta, en almennt verða stjórnvaldsákvarðanir þeirra aðeins bornar undir dómstóla til endurskoðunar. Í erindinu verða þannig dregin fram þau sjónarmið sem búa að baki því að styðjast við annars vegar miðlæga úrskurðarnefnd og hins vegar aðra valkosti við endurskoðun á ákvörðunum um aðgang að gögnum.

Hafsteinn Þór Hauksson

Lykilorð: stjórnsýsluréttur, upplýsingalög, úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

### 1.28.3 Yfirlit yfir kæruheimildir í íslenskri stjórnsýslu

Í erindinu verður fjallað um stjórnsýslukæru sem réttarúrræði og það hlutverk sem það þjónar í stjórnsýslukerfinu. Þá verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknar á kæruheimildum í íslenskum lögum. Lýst verður þessari heildstæðu rannsókn á öllum íslenskum lagaákvæðum um stjórnsýslukærur, fjölda kæruheimildanna, flokkun þeirra og samanburði. Nýnæmi rannsóknarinnar felst einkum í þýðingu þess að fyrir liggi glöggar upplýsingar um kæruheimildir í íslenskum lögum. Upplýsingar um umfang kæruheimilda og fjölbreytileika þeirra hafa þýðingu meðal annars fyrir opinbera stefnumótun og lagasetningu. Slíkar upplýsingar hafa einnig ríka þýðingu fyrir þá aðila máls sem telja sig hafa hagsmuni af því að kæra stjórnvaldsákvarðanir. Hið sama gildir við úrlausn mála í réttarframkvæmd þegar til þess kemur að túlka þarf og beita lagareglum um kæruheimildir því þá þarf að vera unnt að bera þær saman. Loks liðka niðurstöður rannsóknarinnar, um kortlagningu kæruheimilda með skipulegum hætti, fyrir frekari rannsóknum á kæruheimildum í íslenskum stjórnsýslurétti.

Trausti Fannar Valsson

Lykilorð: stjórnsýsluréttur, stjórnsýslukæra, kæruheimild.

## 1.29 Menntun er skemmtun

### 1.29.1 Hvernig skemmtilegt og hrifnæmt nám leggur grunn að alvöru menntun- Ígrundun um þróun útimenntunar á háskólastigi

Nám í háskóla hefur verið gagnrýnt fyrir að mennta hugann en gefa minni gaum að tilfinningum og að virkja nemendur í námi. Útimenntun hefur verið liður í námi í tómstunda- og félagsmálfræði frá upphafi og hún nýtt til að styðja nemendur í að læra um sjálfan sig, tengsl sín við aðra og náttúruna. Rannsóknir á náminu benda til þess að það efli vitund um samfélagslega ábyrgð og sjálfsbærni mun meira en almennt gerist innan Háskóla Íslands. Í erindinu verður stuðst við myndbanda-dagbækur sem höfundur hefur haldið síðustu ár, sem varpa ljósi á hvernig útimenntun birtist í nokkrum námskeiðum. Fjallað verður um þætti sem reynst hafa mikilvægir við framkvæmd útimenntunar eins og að skapa tóm til að vera, rækta leikgleði, nýta þær upplifanir og aðstæður sem skapast, vinna reynslumiðað og skapa andrúmsloft sem styður nemendur við að stíga fram. Gott skipulag náms er mikilvægt en gæta þarf að því að gefa rými fyrir kaos og taka fagnandi ýmsu því veseni sem fylgir því að vera úti. Námsbrautin stefnir á að þróa útimenntun frekar innan Háskóla Íslands og erindið er liður í þeirri viðleitni.

Jakob Frímann Þorsteinsson

### 1.29.2 Nemendur í tómstunda- og félagsmálafræði: Vettvangsnám á tímum heimsfaraldurs

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sem gerð var meðal nemenda í tómstunda-og félagsmálafræði. Í erindinu er gerð grein fyrir upplifun nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði af vettvangsnámi á tímum heimsfaraldurs. Við skipulagningu á vettvangsnámi nemenda vorið 2021 þurfti að bjóða upp á mismunandi lengd vettvangsnámstímabils, val á vettvangsstað og síðan önnur verkefni sem komu í staðinn fyrir vettvangsnám þar sem því var ekki við komið vegna aðstæðna nemenda.

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á upplifun nemenda á þeim breyttu aðstæðum sem þeir stóðu frammi fyrir í vettvangsnámi sínu vegna heimsfaraldurs.

Nemendum sem stunduðu nám á öðru ári í tómstunda- og félagsmálafræði vorið 2021 var send rafræn könnun (Survey Monkey), sem hægt var að svara á netinu. Úrtakið var 20 nemendur. Í könnuninni var, m.a. spurt hvort viðkomandi hefði þurft að breyta áætlunum sínum og hversu mikil áhrif þessar breytingar hefðu haft á skipulag námsins og upplifun nemenda af vettvangsnáminu.

Niðurstöðurnar benda, m.a. til að nemendur, kennarar, verkefnisstjóri og leiðbeinendur á vettvangi hafi þurft að sýna mikinn sveigjanleika þegar kom að skipulagningu vettvangsnámsins og að ófyrirséðar breytingar með skömmum fyrirvara hafi valdið nemendum nokkru óöryggi.

Niðurstöðurnar verða nýttar til þróunar á vettvangsnámi nema í tómstunda- og félagsmálafræði.

Steingerður Kristjánsdóttir

### 1.29.3 Sýn reyndra starfsmanna í opnu æskulýðsstarfi á fræðilegan bakgrunn starfseminnar

Í þessu erindi leitar höfundur svara við þeirri spurningu hver sé sýn reyndra starfsmanna í opnu æskulýðsstarfi (félagsmiðstöðva) á fræðilegum bakgrunni starfseminnar. Rannsóknin er hluti af doktorsrannsókn höfundar og byggir á eigindlegu rannsóknarsniði. Um er að ræða tilviksrannsókn þar sem fræðilegur bakgrunnur starfseminnar og þær hugmyndir sem þar liggja að baki eru kannaðar. Rannsóknin byggir tólf djúpviðtölum við reynda starfsmenn (minnst tíu ára starfsreynsla) sem auk þess gegna áhrifastöðum á vettvangi.

Viðmælendur eru allir með háskólamenntun á sviði tómstunda- og félagsmálafræða, leikskólafræða eða kennaramenntunar.

Niðurstöður eru þær að viðkomandi deila að mestu leyti sameiginlegri sýn á starfsemina hvað markmið, innihald og starfsaðferðir varðar. Sýn þessara starfsmanna á fræðilegum bakgrunni starfseminnar er hins vegar ólík. Tómstunda- og félagsmálfræðingar nefna gjarnan kenningar G.H. Mead um hið félagslega sjálf og táknbundin samskipti auk kenninga um hópa og þróun þeirra. Leikskólakennarar nefna þroskakenningar Piaget. Kennarar nefna kenningar Dewey um reynslunám. Þær kenningar bar á góma í öllum viðtölum óháð menntun en af mismunandi þunga. Helstu niðurstöður eru að þeir viðmælendur sem ekki hafa menntun á sviði tómstunda- og félagsmálafræða tileinka sér kjarna viðkomandi menntunar, yfirfæra þá þekkingu og nýta í æskulýðsstarfinu. Sýnin mótast af mismunandi menntun, þó með þeim fyrirvara að kenningar Deweys eru ákveðin samnefnari.

Árni Guðmundsson

## 1.30 Menntun, kennsla og Covid-19

### 1.30.1 Conceptualizing 'inclusive education' in the diversifying educational contexts of Iceland, Finland, and the Netherlands: Results and implications of a multilingual systematic review

The concept of inclusive education has a complex history in Iceland and elsewhere. Consequently, common and scholarly definitions of the concept are often neither concise nor uncomplicated. A systematic review (published in 2021) investigated thematic areas and contexts in which the term 'inclusive education' has been applied in academic research in three Northern European countries: Iceland, Finland, and the Netherlands. A methodical, multilingual approach was used to review the available literature in the local languages over the past decade, from 2007 to 2018. Particular attention was paid to (1) general definitions and meanings associated with inclusive education, (2) whether micro-level classroom interactions were considered, (3) which socio-political contexts were considered, and (4) which social categories were associated with inclusive education in the published research. The results of the systematic review revealed that conceptualizations of inclusive education were dominated by categorizations of disability/special needs in all three countries. Additionally, influential modes of exclusion related to social class, gender, ethnicity, and geography were rarely considered. The review process and results will be presented, followed by a discussion of sociological, pedagogical, and research implications of these results, with an emphasis placed on the role of educators here in Iceland.

Charlotte E. Wolff

Lykilorð: inclusive education, systematic review, educational equity.

### 1.30.2 Covid-19 og framhaldsskólinn: Raddir nemenda

Um miðjan mars 2020 var skólahúsum landsins skellt í lás og nemendur héldu námi sínu áfram eftir rafrænum leiðum. Þúsundir framhaldsskólanema sátu við tölvuna heima til vors. Hið sama var að mestu uppi á teningnum um haustið en á vormisseri 2021 mættu nemendur loks aftur í skólann og sátu grímuklæddir við stök borð. Því vakna spurningar um áhrif Covid-19 farsóttarinnar á nám nemenda, líðan þeirra og upplifun af framhaldsskólaárunum.

Nú stendur yfir þriggja ára rannsókn undir stjórn höfunda, styrkt af Rannís, á áhrifum farsóttarinnar á íslenska framhaldsskóla. Rætt hefur verið við fjölmarga hagaðila í ólíkum framhaldsskólum og kannanir lagðar fyrir á landsvísu. Þetta erindi byggir á opnum svörum í viðamikilli spurningakönnun sem lögð var fyrir nemendur í fjórum ólíkum skólum á vorönn 2021 (N=1.306) og djúpviðtölum við nemendur í þremur þeirra (N=12) sem tekin voru í nóvember 2020 til júní 2021. Fyrstu niðurstöður sýna að nemendurnir áttu margir erfitt með fóta sig í breyttu námsumhverfi og fannst andleg líðan sín verri en áður. Nemendurnir lýsa því hvernig þeir upplifðu viðhorf bæði kennara og samfélagsins alls til sín. Einnig ræða þeir breytt samskipti og velta fyrir sér hverjar afleiðingar þetta ástand kunni að hafa. Niðurstöðurnar vekja áleitnar spurningar um velferð íslenskra framhaldsskólanema og skólastigið sem jöfnunartækifæris, auk þess að styrkja enn frekar hugmyndir um félagslegt hlutverk framhaldsskólaáranna.

Súsanna Magrét Gestsdóttir
Guðrún Ragnarsdóttir

Lykilorð: COVID-19, framhaldsskólinn, ungmenni.

### 1.30.3 Effects of the COVID-19 Pandemic on Learning and Teaching: a Case Study from Higher Education in Iceland

Since December 2019, the COVID-19 pandemic has drastically changed the reality of several sectors. The educational sector around the world managed to adjust to the physical impossibility to teach and interact face-to-face with the students. The conditions implied by the pandemic resulted in the so-called Emergency Remote Teaching (ERT), which effects and impact are still being documented. This research focuses on the impact of ERT on the study patterns of undergraduate students in an Icelandic university. The analysis includes three main components: (1) Students' interaction with the Learning Management System (LMS), (2) Assignment submission rate, and (3) Teachers' perspective. These components were analysed and compared for three different years, for 2018, 2019 and 2020, and numerous variables were created and studied. The results show differences in study patterns depending on the year of study; first and third-year students struggled more than second-year students. Furthermore, the variables reflecting the effect of changes due to the pandemic and teachers' decisions were identified. This research frames the first insights of the 'new normality' in higher education in Icelandic universities. The conclusions give insights into educational purposes, supporting teachers to provide academic

resources that adequately address their students' needs depending on their year of study and their new study patterns.

Nidia Guadalupe López Flores
María Óskarsdóttir
Anna Sigríður Islind

Lykilorð: COVID-19, study patterns, emergency remote teaching.

### 1.30.4 Gildi stjörnufræði og annarra geimvísinda í almennri menntun barna og unglinga

Stjörnufræði hefur frá fornu fari verið rannsóknarsvið sem mannkynið hefur fengist við, var í sögu mannkynsins fyrsta viðfangsefni vísinda og um margra alda skeið eina svið náttúruvísinda sem var hluti af klassískri menntun. Stjörnufræði ásamt öðrum geimvísindum er hefðbundin hluti af menntun í þeim löndum sem við berum okkur saman við og var til skamms tíma einnig hluti af almennri menntun hér á landi. Með síðustu námskrá fyrir grunnskóla hér á landi sem gefin var út í áföngum á árunum 2011 til 2013 varð hins vegar breyting á og stjörnufræði og önnur geimvísindi þurrkuð úr námskránni. Því er ekki úr vegi að staldra við og velta fyrir sér hvort sú ákvörðun hafi verið skynsamleg og hvað rök geti hafa legið að baki. Jafnframt að skoða hvort og þá hvaða gildi stjörnufræði og önnur geimvísindi hafi í almennri menntun. Nú er ljóst að beint hagnýtt og hagrænt gildi geimvísinda er ekki mikið fyrir íslenskan almenning og íslenskt samfélag. Á hinn bóginn hafa geimvísindi einstaklega mikið mennta- og menningarlegt gildi enda byggist skilningur mannkynsins á umheiminum, stöðu manneskjunnar í alheiminum og kviknun og þróun lífs og samhengisins í veröldinni á þekkingu á sviði geimvísinda. Jafnframt hafa í gegnum tíðina hugmyndir úr geimvísindum orðið listamönnum að yrkisefni og þannig glætt mansandann. Geimvísindi ættu því að vera mikilvægur þáttur í almennri menntun á Íslandi.

Haukur Arason

Lykilorð: námskrá, náttúrufræðimenntun, stjörnufræði.

### 1.30.5 Hvað tapast þegar nám færist úr staðkennslu í fjarkennslu? Félagsfræðileg greining

Krafa um aukna fjarkennslu í menntakerfinu, án staðbundinnar viðveru nemenda, er áberandi í umræðunni í dag. Covid ástandið, með tilheyrandi takmörkunum á samskiptum og samneyti nemenda í raunheimum, hefur aukið þunga kröfunnar um frekari fjarkennslu til muna þar sem tæknilausnir netsins hafa gert kennurum kleift að miðla upplýsingum til nemenda óháð stað og stund. Slíkir kennslu- og námshættir eru ansi þægilegir og er því freistandi að taka þá upp í mun meiri mæli en áður og virðist menntakerfið vera á fleygiferð við að taka upp frekari fjarkennslu, á kostnað staðkennslu í rauntíma. En mikilvægt er að þróun fjarkennslu í menntakerfinu eigi sér ekki stað án umræðu um kosti og galla slíkrar þróunar. Eitt vandamál við fjarkennsluformið er neikvæð áhrif þess á skólastemninguna. Þeim stundum þar sem nemendur upplifa eitthvað sameiginlega fækkar, sem og þeim tækifærum sem þeir hafa til að tengjast og læra hver af öðrum, og verða fyrir áhrifum frá hinu stærra akademíska samfélagi sem þeir tilheyra. Þessi grein nálgast viðfangsefnið útfrá kenningum og sjónarhornum félagsfræðinnar sem lítur að nám sem félagsmótun og skóla sem samfélag, og beinir sjónum að því hvað kann að tapast með yfirfærslu frá staðkennslu í fjarkennslu.

Viðar Halldórsson

Lykilorð: nám, fjarkennsla, stemning.

## 1.31 Námsrými fyrir fjölbreytta nemendur og nemendahópa í kennaramenntun

### 1.31.1 Að skapa námsrými fyrir kennara til að þróa faglega sjálfsmynd sína í skóla fyrir alla

Um allan heim vinna kennarar í auknum mæli með fjölbreyttum nemendahópum sem kallar á að þeir hafi tækifæri til að takast á við kenningar um menntun fyrir alla og ígrunda stefnumörkun og starfshætti. Í erindinu er fjallað um rannsókn á námskeiði á framhaldsstigi sem kennt er á Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Námskeiðið snýst um tvö meginþemu: Kennslufræði fyrir margbreytilega nemendahópa og fagmennsku kennara sem unnið er með í gegnum hugmyndafræði nýsköpunar. Tilgangur rannsóknarinnar er að gefa innsýn í hvernig kennaramenntun getur brugðist við og undirbúið kennara til að líta á sjálfa sig sem umboðsmenn breytinga, með þau gildi, þekkingu og viðhorf sem stuðla að árangri hvers nemanda. Markmiðið var að draga fram mikilvæg málefni við undirbúning og áframhaldandi starfsþróun kennara sem starfa í skóla fyrir alla. Rannsóknarspurningin var: Hvers konar námsumhverfi í kennaramenntun hvetur kennaranema til að taka afstöðu og ábyrgð gagnvart menntun fyrir alla? Rannsóknin byggir á starfstengdri sjálfsrýni og niðurstöður gefa til kynna að skipulag námskeiðsins og áherslan á fagmennsku og kennslufræði nýsköpunar hefur haft áhrif á viðhorf kennaranema og lausnamiðaða nálgun þeirra við að skapa námsrými fyrir fjölbreyttan nemendahóp.

Anna Katarzyna Wozniczka
Edda Óskarsdóttir
Hafdís Guðjónsdóttir

Lykilorð: námsrými, fagleg sjálfsmynd, menntun fyrir alla.

### 1.31.2 Kennaramenntun í fjölmenningarsamfélagi

Aukning innflytjenda á Íslandi undanfarin ár hefur leitt til fjölgunar nemenda með ólíkan bakgrunn. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvernig kennaranemar á Menntavísindasviði eru búnir undir kennslu nemenda af erlendum uppruna og með annað móðurmál en íslensku. Rannsóknarspurning: Hvernig undirbúa kennaramenntendur við Menntavísindasvið kennaranema undir kennslu í fjölmenningarlegum námshópum?

Markmið rannsóknarinnar er að bera kennsl á leiðir til að þróa og innleiða fjölbreytt, skapandi vinnubrögð í kennaramenntun þar sem áhersla er lögð á fjöltyngi og nemendamiðaða nálgun sem byggir á auðlindum nemenda.

Rannsóknin byggir á rýnihópaviðtölum við kennslu- og menntunarfræðikennara. Rætt var um áherslur, kennsluaðferðir og fræðilegan bakgrunn kennslufræðinámskeiða við sviðið. Niðurstöður voru greindar með þemagreiningu og var horft til þess hvernig fjölmenningarleg menntun birtist í námskeiðunum.

Niðurstöður gefa til kynna að hugmyndir kennara um kennslu nemenda með ólíkan menningarlegan bakgrunn voru ólíkar og einnig þekking þeirra á kennsluháttum sem styðja við nám allra nemenda. Sumir höfðu lítinn gaum gefið að því hvernig kennaranemar geta lært að kenna fjölbreyttum nemendahópi en margir hafa leitað leiða til þess. Víða er beitt skapandi vinnubrögðum og upplýsingatækni notuð til að kennaranemar geti notað ólíka nálgun í eigin námi og öðlist einnig hæfni til að nýta fjölbreytt vinnubrögð í vettvangsnámi og eigin kennslu.

Jónína Vala Kristinsdóttir
Gunnhildur Óskarsdóttir
Hafdís Guðjónsdóttir
Samúel Lefever

Lykilorð: kennaramenntun, fjölmenning, fjölbreyttir kennsluhættir.

### 1.31.3 Starfstengd sjálfsrýni tveggja háskólakennara við mótun námssamfélags doktorsnema og leiðbeinenda

Doktorsnám spilar stórt hlutverk við undirbúning að akademísku starfi. Í því ferli eru ákveðin atriði sem skipta sköpum fyrir framgang námsins, eins og þátttaka í námssamfélagi, tengsl við leiðbeinendur og aðstæður doktorsnema til að stunda námið. Tilgangur rannsóknarinnar er að kortleggja áhrifaþætti í námssamfélagi doktorsnema og leiðbeinenda og greina þá sem styðja við námsframvindu þeirra. Við höfum góða reynslu af sameiginlegri hópleiðsögn meistaranema og við vildum skapa slíkt námssamfélag fyrir doktorsnema okkar. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig námssamfélagi doktorsnemar kalla eftir og hvernig okkur tekst að koma til móts við þær óskir. Rannsóknin byggir á aðferðafræði starfstengdrar sjálfsrýni þar sem gögnin tengjast starfi okkar í námssamfélaginu eins og undirbúningsfundum, fundadagskrám, MÚSarmiðum, og upptökum funda. Námssamfélagið byrjaði í upphafi árs 2021 og höfum við leiðbeinendurnir og fimm doktorsnemar hist

einu sinni í mánuði á ZOOM. Við höfum greint ákveðnar áskoranir í sameiginlegu hópleiðsögninni og mótun námssamfélagsins. Við sjáum merki um að doktorsnemarnir eru hikandi við að hagnýta sér námsrýmið sem fundirnir bjóða uppá. Einn neminn nýtti það til að æfa fyrir áfangamat og fannst það dýrmæt reynsla. Fram hafa komið óskir um að fá tækifæri til að vinna í skrifum á fundunum og deila með hinum doktorsnemunum.

Hafdís Guðjónsdóttir
Svanborg R Jónsdóttir

Lykilorð: námssamfélag, námsrými, starfstengd sjálfsrýni.

### 1.31.4 Undirbúningur kennaranema fyrir að kenna nemendum með fjölbreyttan tungumálabakgrunn

Vaxandi fjöldi barna með fjölbreyttan tungumálabakgrunn í íslenskum skólum hefur kallað á meðvitund um einstaka stöðu þeirra í námi og hvað það þýðir fyrir menntun kennara. Í erindinu er fjallað um rannsókn á skipulagi kennaranáms í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Tilgangur rannsóknarinnar var að öðlast skilning á því hvernig kennaramenntunin við háskólana undirbýr og styður kennaranema til að vinna með nemendum með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Markmiðið var að velta upp þeim áherslum sem lagðar eru í kennsluskrá. Rannsóknarspurningin er: Hvernig eru kennaranemar undirbúnir í sínu námi til að kenna fjöltyngdum nemendum og í hverju liggja tækifæri og áskoranir?

Hér er um að ræða eigindlega rannsókn sem byggir á skjalagreiningu og rýnihópaviðtölum. Gagnaöflun fór fram með því að rýna í a) fyrirliggjandi stefnuskjöl (lög, aðalnámskrá, skýrslur, leiðbeiningar fyrir kennara og b) með rýnihópum með nýútskrifuðum nemendum þar sem þeir voru spurðir hvort og hvernig þeim finnst þeir vera undirbúnir til að kenna fjöltyngdum nemendum. Niðurstöður gefa til kynna að það er munur á milli háskólanna á áherslum er varðar undirbúning kennaranema og kennaranemarnir sjálfir segja að þeir séu hugmyndafræðilega vel undirbúnir en að þá skorti hugmyndir um útfærslu hugmyndanna í framkvæmd.

Edda Óskarsdóttir
Hermína Gunnþórsdóttir

Lykilorð: fjöltyngdir nemendur, kennaramenntun, stefnumörkun.

### 1.31.5 Vinna við meistaraprófsverkefni – prófsteinn á fagmennsku kennara

Eftir meistarapróf til kennsluréttinda eiga kennarar að hafa öðlast góða fræðilega sérþekkingu, geta nýtt helstu rannsóknaraðferðir í uppeldis- og menntunarfræðum, tekið þátt í faglegri umræðu og rökstutt skoðanir á málefnum með fræðilegri þekkingu og rannsóknarniðurstöðum. Til ársins 2020 var skylt að ljúka meistaranáminu með umfangsmiklu lokaverkefni. Frá hausti 2020 hefur Menntavísindasvið boðið upp á meistaranám til kennsluréttinda án þess að gera lokaverkefni, svokallað MT nám í samræmi við ný lög um kennaramenntun. Markmið rannsóknarinnar er að skoða áhrif meistaranáms sem lýkur með rannsóknarverkefni á fagmennsku og starfshætti kennara. Rannsóknarspurningin er: Hvaða áhrif hefur vinna við meistaraprófsverkefni á starfshætti og faglega sjálfsmynd útskrifaðra meistaranema?

Við erum fimm leiðbeinendur sem höfum skapað námssamfélag meistaranema. Á árunum 2012–2021 tóku samtals 107 meistaranemar þátt í hópleiðsögn okkar og luku meistaraprófi. Við sendum spurningarkönnun til þessara nemenda og tókum rýnihópaviðtöl. Fyrstu niðurstöður benda til að flestir þátttakenda upplifa valdeflingu við vinnu meistaraprófsverkefnis og telja sig eiga auðveldara með að taka afstöðu, útskýra vinnubrögð sín og fylgja þeim eftir. Nokkrir sögðust frekar hafa valið MT leiðina ef hún hefði verið í boði en telja þó að þeir hafi haft meira gagn af því að vinna rannsóknartengt lokaverkefni en að taka fleiri námskeið.

Karen Rut Gísladóttir
Anna Katarzyna Wozniczka

Lykilorð: kennaramenntun, meistaraprófsverkefni, fagmennska.

## 1.32 New Directions in Arctic Studies

### 1.32.1 The Arctic in Japan´s Foreign Policy

In 2015 Japan published its first offical Arctic Policy after joining the Arctic Council with observer status in 2013, along with China, India, Singapore and South Korea. Due the often stated „reactive character" of Japan´s foreign policy (deriving from Calder´s „reactive state" paradigm), Japan´s recent Arctic agenda could easily be interpreted as opportunistic participation in the Asian „race to the North", and a simple analysis of Japan´s foreign policy documents would support such a view. It is important, however, to look closer to understand the background and motives for the Asian nations´ interest in the Arctic. Through a closer study, including discourse analysis, of central foreign and science policy documents, the paper demonstrates Japan´s long and deep official commitment to an Arctic – and Antarctic agenda. The paper further argues that geographical 'mental maps' of the Arctic region have been firmly established in Japan, although narrowly confined to certain academic circles and not appearing in the realm of foreign policy until recent years.

Kristín Ingvarsdóttir

### 1.32.2 The Role of Arctic Science Diplomacy in China-Nordic Relations

The aim of the article is to analyse the different use of science diplomacy in Arctic cooperation and its role in the development of China-Nordic Arctic relations. Focusing on the different forms of Nordic bilateral and multilateral interaction mechanisms in the Arctic through the role of science diplomacy in the "triple-helix" between science, industry, and governance in the context of China's Arctic strategy, which aims to build both bilateral relationships with individual Nordic countries and regional cooperation. The contribution of science diplomacy needs to be expanded in dealing with the complex challenges facing the Arctic region, including developments such as increased impact of climate change, more engagement from Asian countries in Arctic affairs and escalating geopolitical tension. In the Royal Society's report "New Frontiers in Science Diplomacy: Navigating the Changing Balance of Power" (2010) there are three policy strands highlighted, which science diplomacy can contribute to: 1. Providing foreign policy objectives with scientific advice ("science in diplomacy"); 2. Facilitating international science cooperation ("diplomacy for science"); 3. Using science cooperation to improve international relations between countries ("science for diplomacy"). All three modes of Science Diplomacy are evident in Arctic cooperation and the article aims to analyse the scope of science diplomacy in China-Nordic Arctic relations, placing the relations within the context of science diplomacy and a developing "Global Arctic" debate.

Egill Þór Níelsson

### 1.32.3 True North? Why the World Needs Arctic Studies

Evidence of the rapid and unprecedented changes taking place in the Arctic region is now a regular feature of the media landscape. However, both inside and outside academia, 'mental maps' of the Arctic region generally remain firmly rooted to past, outsider, and natural science-oriented narratives. This paper examines the constraints of existing 'mental maps' in light of the 'new' Arctic environment and considers the possibilities of an Arctic-centred scholarly approach, with a research agenda in its own right, firmly situated in the social sciences. The paper further argues that such an approach would achieve various positive outcomes, including recognition of the Arctic as a region worthy of study in and of itself; conceptual coherence; and a greater sense of identity, and therefore visibility, for Arctic scholars.

Page Wilson

## 1.33 Nýsköpun og viðskiptaþróun

### 1.33.1 Allt klárt fyrir nýsköpun? Virkjun stjórnunarhátta nýsköpunar í upphafi COVID-19 faraldursins

Sköpun og notun nýrrar vísinda- og tækniþekkingar er flókið ferli með óvissri útkomu. Að því koma ólíkir aðilar sem hafa mismunandi markmið, svo sem háskólar, hið opinbera, einkafyrirtæki og ýmis hagsmunasamtök. Betri skilningur á því hvernig stjórnunarhættir (e. governance), þ.e. hvernig hvatt er til nýsköpunar og komist hjá óæskilegum áhrifum hennar, tengjast útkomu ferlisins er bæði áhugaverður frá fræðilegu sjónarhorni og mikilvægur til að takast á við þær samfélagslegu áskoranir sem þjóðir heimsins standa frammi fyrir. Í upphafi COVID-19 faraldursins skapaðist þörf fyrir að skapa og nota nýja vísinda- og tækniþekkingu, bæði læknisfræðilega þekkingu til að þróa bóluefni og meðferðarúrræði og þekkingu sem tengist beitingu hefðbundinna sóttvarnarráðstafanna við þessar sérstöku aðstæður. Markmið rannsóknarinnar er að greina viðbragð við COVID-19 á Íslandi með það fyrir augum að auka skilning á samspili stjórnunarhátta og útkomu nýsköpunar sem byggir á nýrri vísinda- og tækniþekkingu. Greiningin takmarkast við fyrstu bylgju faraldurins og nær aðeins til beitingu sóttvarnarráðstafanna. Notast er við opinber gögn til að greina þáttakendur og atburðarrás á þremur sviðum: skimun, smitrakning og samskipti við almenning. Á grundvelli niðurstaðna eru dregnar ályktanir um forsendur árangursríks samstarfi ólíkra aðila og rætt hvernig niðurstöður frá þessum sérstöku aðstæðum nýtast til frekari rannsókna.

Rögnvaldur J. Sæmundsson

Lykilorð: stjórnunarhættir nýsköpunar, COVID-19, vísinda- og tækniþekking.

### 1.33.2 Notkun hermilíkana til rannsókna á samspili nýsköpunar og tækniþróunar

Mikilvægi tækniþróunar og nýsköpunar fyrir hagþróun og hagvöxt hefur lengi verið þekkt. Gjarnan var litið svo á að tækniþróun og nýsköpun ætti sér stað utan hagkerfisins og áhrifin af þeim kæmu því að utan (e. exogeneous). Á síðustu árum og áratugum hefur verið vaxandi áhugi á því að skilja hvernig tækniþróun og nýsköpun á sér stað sem hluti af innra gangverki hagkerfisins (e. endogeneous) með sérstakri áherslu á samspilið þeirra á milli. Þetta hefur kallað á nýjar rannsóknaraðferðir, m.a. notkun hermilíkana, til að taka tillit til gagnverkandi áhrifa yfir lengri tíma. Markmiðið með þessari rannsókn er að taka stöðuna á notkun hermilíkana til rannsókna á samspili nýsköpunar og tækniþróunar. Kerfisbundin heimildaleit í Scopus gagnagrunninum var framkvæmd og niðurstöðurnar greindar með tilliti til hvaða þættir í samspilinu voru rannsakaðar með aðstoð hermilíkana. Þáttunum er skipt í fjögur þemu: uppbygging atvinnugreina, lífsferli vara og tækni, net þátttakenda og stefnumótun fyrirtækja. Fyrir hvert þema er farið nánar í eðli rannsóknanna og hvernig áherslur hafa breyst í áranna rás. Á grundvelli greiningarinnar er rætt um takmarkanir við notkun hermilíkana við rannsóknir af þessu tagi og settar fram hugmyndir um frekari rannsóknir.

Árni Björn Gestsson
Rögnvaldur J. Sæmundsson

Lykilorð: samspil nýsköpunar og tækniþróunar, hermilíkön, kerfisbundin heimildaleit.

### 1.33.3 Researchers' involvement in Third Mission activities in Iceland

This presentation discusses preliminary results of our research about the participation of academics in the third mission (TM) of universities. Hereby, our aim is to assess the extent of commercial and technology transfer activities. Beyond that, we further analyse informal undertakings of academics, and communication and dissemination of scientific knowledge to wider society.Often research around the third mission and entrepreneurial universities has illuminated only certain disciplines such as engineering and natural sciences, but in our study, we collected data from academics of all disciplines. Therefore, a population survey was sent out to permanently employed academics at Icelandic universities in 2021. The questionnaire contained items about different TM activities, collaboration partners, outcomes, and barriers. Most common TM activities at Icelandic universities are holding lectures or debates, contract research/joint research, organising conferences and workshops, and joint teaching courses. Outcomes of these activities are not directly commercial but are more based on the "traditional" mission of universities, that is research and teaching.The results indicate that it is possible to improve the definition and categorisation of TM further as the term is still unclear for university management and policy makers but crucial for developing an entrepreneurial university model and for adapting a socio-economic role.

Verena Karlsdóttir
Magnús Þór Torfason
Thamar M. Heijstra
Ingi Rúnar Eðvarðsson

Lykilorð: third mission, entrepreneurial university, academic entrepreneurship.

### 1.33.4 Samfjárfestingar íslenskra og erlendra áhættufjárfesta í sprotafyrirtækjum

Fjármögnun sprotafyrirtækja er mikilvægur þáttur í umhverfi nýsköpunar. Mikilvægur liður í því umhverfi eru fjárfestingasjóðir sem sérhæfa sig í fjármögnun sprotafyrirtækja, svokallaðir vísisjóðir (e. VC Investors). Rannsóknir hafa sýnt að mikilvæg þekkingaryfirfærsla á sér stað í gegnum reynslu vísifjárfesta, meðal annars vegna samfjárfestinga fleiri en eins vísisjóðs í sama sprotafyrirtækinu. Samfjárfestingar vísisjóða í sprotafyrirtækjum, ásamt því að hver sjóður fjárfestir í fleiri en einu sprotafyrirtæki, valda því að til verður tengslanet þar sem sprotafyrirtæki geta lært hvert af öðru um hvað reynist best í lausnaþróun, markaðssetningu og fjármögnun. Í þessari rannsókn eru gögn úr Crunchbase, alþjóðlegum gagnagrunni um sprotafjárfestingar notuð til að skoða hvernig íslenskt sprotafjárfestingaumhverfi lítur út með hliðsjón af samfjárfestingum og hvernig það hefur breyst frá aldamótum. Niðurstöðurnar gefa til kynna að hlutfall þeirra fjárfesta þar sem fleiri en einn fjárfestir koma í sameiningu að fjárfestingu hafi hækkað töluvert á tímabilinu, sérstaklega á undanförnum fimm árum. Samfjárfestingum íslenskra og erlendra fjárfesta hefur einnig fjölgað, en þó er mjög algengt að einungis íslenskir eða einungis erlendir fjárfestar komi að hverri samfjárfestingu. Þar sem samfjárfestingar íslenskra og erlendra fjárfesta voru mjög fátíðar þar til nýverið, er erfitt að meta árangur af þeim. Þó eru ákveðnar vísbendingar um að sprotafyrirtækjum sem hljóta slíkar fjárfestingar vegni betur en þeim sem fá fjárfestingar þar sem einungis íslenskir fjárfestar taka þátt.

Magnús Þór Torfason

Lykilorð: sprotafjárfestingar, nýsköpunarumhverfi, tengslanet.

### 1.33.5 Ólík staða kynjanna í fjármögnun sprotafyrirtækja á Íslandi

Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi er mikilvæg fyrir efnahagslegan vöxt sem skilar auknum verðmætum til samfélagsins. Aðgengi frumkvöðla að fjármagni er oft ein lykilforsenda þess að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Fjármögnunarumhverfi á Íslandi hefur tekið miklum breytingum síðustu árin og fjármögnunarmöguleikar sprotafyrirtækja eru sífellt að aukast. Færri konur en karlar eru frumkvöðlar en það er hagur allra að kraftar beggja kynja fái að njóta sín. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif kyns í fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja á Íslandi. Áhrif kynjanna voru skoðuð út frá hlutföllum á milli kynjanna, breytingum á milli ára, upphæð og tegund fjármögnunar. Kynjaáhrifin voru bæði könnuð út frá þeim sprotafyrirtækjum sem hafa fengið fjármögnun og svo þeim sem fjármagna sprotafyrirtækin. Notast var við megindlega aðferðafræði þar sem notuð voru gögn úr gagnasafni Crunchbase sem er eitt af helstu gagnasöfnum um fjárfestingar fyrirtækja í heiminum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að fjármögnunarumhverfið einkennist af veigamiklum kynjamun þar sem karlar eru ríkjandi, bæði þegar kemur að frumkvöðlum innan sprotafyrirtækjanna og ákvörðunaraðilum um fjármögnun. Þá kom í ljós að kynjamunurinn er meiri þegar um fjárfestingu er að ræða en þegar fjármögnun er í formi styrkja. Einnig voru vísbendingar um að kvenkyns stofnendur væru líklegri til þess að fá fjármögnun frá kvenkyns ákvörðunaraðilum um fjármögnun.

Sandra Rós Bjarnadóttir
Magnús Þór Torfason

Lykilorð: nýsköpun, sprotafjárfestingar, kynjamunur.

## 1.34 Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt og framtíðaráskoranir

### 1.34.1 Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt: Þróun og viðhorf

Á síðustu áratugum hefur þörfin fyrir að efla skapandi færni og framtakssemi einstaklinga í nútíma samfélagi fengið aukið vægi. Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt (NFM) var gjarnan kynnt sem menntun sem þjónar efnahagslegum þörfum samfélagsins en á seinni árum einnig sem menntun sem eflir einstaklinginn sem skapandi og gagnrýninn þjóðfélagsþegn. Tilgangurinn með rannsókninni sem hér er kynnt er að meta stöðu námssviðsins í skólastarfi á Íslandi og greina hvað þarf til að efla það. Markmiðið er að varpa ljósi á viðhorf til NFM á tveimur skólastigum og hvernig þau hafa þróast á síðustu áratugum.

Árið 2004 voru staða og viðhorf til frumkvöðlakennslu í grunn- og framhaldsskólum könnuð. Í lok árs 2020 var gerð heildstæð könnun meðal kennara og skólastjórnenda, í grunn- og framhaldsskólum á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Framtíðarseturs Íslands um NFM. Rýnt var í þróun á viðhorfi skólafólks og stöðu nýsköpunar og frumkvöðlamenntar milli framangreindra kannana. Samanburður kannananna sýnir að skilningur skólafólks á NFM hefur þróast frá þröngum skilningi á NFM sem námsgrein sem snýst um fyrirtækjarekstur og viðskipti yfir í að vera námsreynsla sem eflir nemendur til nýsköpunar og framtakssemi á fjölbreyttum sviðum.

Svanborg R Jónsdóttir
Karl Friðriksson
Eyjólfur Eyjólfsson

Lykilorð: nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, nýsköpun og framtakssemi, viðhorf skólafólks.

### 1.34.2 Skilgreining, saga og þróun námssviðsins nýsköpunar- og frumkvöðlamennt

Í erindinu verður gefið yfirlit yfir sögu nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar (NFM) og skilgreining á því námssviði hvernig NFM hefur þróast sem námssvið síðan fyrir aldamótin 1900*. Þó ekki sé fullkomið samkomulag um hvað NFM innifelur, þá má greina tilteknin einkenni. Á ensku birtast ólíkar áherslur námssviðsins í mismunandi en skyldum hugtökum eins og entrepreneurship education, enterprise education og entrepreneurial education. Dæmi verða tekin um framkvæmd námssviðsins í skólastarfi.

Á íslensku eru ýmist notuð hugtökin nýsköpunarmennt, nýsköpunar- og frumkvöðlamennt eða frumkvöðlamennt eftir því hvaða áherslur námssviðsins á að draga fram og á hvaða skólastigi það er boðið. Aðferðir og námskeið og áfangar í NFM hafa verið í boði á háskólastigi, í listum, viðskiptafræði, tæknifræði og kennaramenntun meðal annars á Íslandi. Frumkvöðlamennt og eða nálgun NFM hefur verið í námskrám á framhaldsskólastigi á Íslandi en lítill hluti heildarfjölda nemenda notið slíkrar menntunar.

NFM kom fram í aðalnámskrá grunnskóla 1999 sem áherslusvið undir heitinu Nýsköpun og hagnýting þekkingar og á sama tíma var í svipuðum anda kynnt í bresku námskránni Craft, Design og Technology. Námssviðið þróaðist hér á landi sem kennsluhættir sem byggja á eflandi kennslufræði með eflingu sjálfskilnings einstaklinga og að glíma við raunverulegar þarfir og koma skapa lausnir fyrir sig og samfélagið.

Allyson Macdonald
Rósa Gunnarsdóttir

Lykilorð: nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, Öll skólastig, eflandi kennslufræði.

### 1.34.3 Straumar og munstur í menntun á grunn- og framhaldsskólastigi

Árið 2020 var gerð samanburðarkönnun að frumkvæði Framtíðarseturs Íslands um mögulegar viðhorfsbreytingar skólafólks á grunn- og framhaldsskólastigi vegna hugsanlegra breytingarafla í skólastarfi til ársins 2028, meðal annars vegna tilkomu COVID-19. Fyrri könnunin var gerð árið 2018 en þær eru báðar unnar í samstarfi við Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og KPMG. Markmiðið með könnunum er að skapa umræðu um viðhorf, tækni og hugsanlega strauma sem skólastarfið stendur frammi fyrir. Svarendur eru skólastjórnendur og kennarar.

Með könnununum vill Framtíðarsetur Íslands fá fram viðhorf skólafólks til nýjunga á sviði mennta, hvaða þætti hagaðilar í skólastarfi telja mikilvæga um framvindu náms og uppbyggingu þekkingar. Þó nokkur umræða hefur átt sér stað um framtíðarþarfir vinnumarkaðarins þegar kemur að hæfni starfsfólks og hugsanlega breyttar áherslur í menntun. Almennt má segja að litlar innbyrðis breytingar hafi orðið á gildi þeirra þátta sem spurt var um frá árinu 2018 til ársins 2020. Ef eitthvað er hefur gildi atriðanna í huga svarenda lækkað hvað varðar mikilvægi. Samræmi er þó milli kannananna innbyrðis. Helstu niðurstöður þeirra eru þær að skólafólk telur að

framtíðin verði í takt við nútímann, þ.e. að skólastofan haldi velli, starfhættir breytist lítið og tæknin muni hafa lítil áhrif á kennarastarfið fram til ársins 2028.

Karl Friðriksson
Svanborg R Jónsdóttir
Eyjólfur Eyjólfsson

Lykilorð: nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, nýsköpun og framtakssemi, viðhorf skólafólks.

## 1.35 (Ó)jöfn staða stjórnenda og doktorsmenntaðra á Íslandi, Kanada, Noregi, Svíþjóð og Möltu

### 1.35.1 Er kynbundinn launamunur meðal norrænna doktora? Samanburður þriggja landa

Norðurlöndin koma vel út í alþjóðlegum samanburði á jafnrétti kynjanna. Norræn fjölskyldupólitík þykir framsækin og miðar að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Þótt oft sé talað um norrænt velferðarkerfi þá eru velferðarkerfi Norðurlandanna að nokkru leyti ólík. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að bera saman laun doktorsmenntaðra kvenna og karla á Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Byggt er á langtímagögnum frá Hagstofum Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Horft er til tekna 25 – 60 ára einstaklinga árið 2014, sem höfðu lokið doktorsprófi á árunum 1997 til 2013. Spurt er hvort kynbundinn launamunur sé til staðar hjá þessum hópi í löndunum þremur, hvort fjöldi barna hafi áhrif á launin og hvort máli skipti hvort fólk vinni innan eða utan akademíunnar. Niðurstöðurnar sýna að talsverður kynbundinn launamunur er til staðar hjá þessum hópi í löndunum þremur, einkum þegar ekki hefur verið leiðrétt fyrir bakgrunnsþáttunum aldri, fjölda barna á heimilinu, lengdar foreldraorlofs, hjúskaparstöðu, útskriftarári og útskriftargrein. Ekki er um marktækan launamun að ræða hjá doktorsmenntuðum á Íslandi sem vinna innan akademíunnar, þegar búið er að leiðrétta fyrir áðurnefndum þáttum. Það sama gildir um doktorsmenntaða í Noregi sem vinna utan akademíunnar. Í fleiri tilfellum en færri hefur doktormenntun jákvæðari áhrif á launaþróun karla en kvenna.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Kolbeinn Hólmar Stefánsson
Karin Halldén
Kjersti Misje Østbakken

### 1.35.2 Kvenkyn til trafala? Stjórnendur á Íslandi og í Möltu

Á Vesturlöndum fer konum fjölgandi í áhrifastöðum í viðskiptalífinu. Þó er fjölskylduábyrgð enn talin hindrun meðal kvenna sem gerir það að verkum að þær eru síður álitnar álítlegir kandídatar í stjórnendastörf. Í erindinu verður skoðað á hvern hátt ólík fjölskyldustefna endurspeglar hvernig stjórnendur ræða möguleika kvenna til frama í viðskiptalífnu á Íslandi og í Möltu. Tekin voru viðtöl við 40 kven- og karlstjórnendur í löndunum tveimur á árunum 2014 og 2015 og þau greind út frá femínísku sjónarhorni. Frumniðurstöður gefa til kynna að pólítískar stefnur stjórnvalda og samfélagsleg gildi hafa áhrif á hvernig stjórnendur í löndunum tveimur líta á fjölskylduábyrgð sem hindrun. Á Íslandi hefur mæðrum og feðrum verið tryggður jafn réttur til fæðingarorlofs á meðan að réttur feðra til fæðingarorlofs á Möltu er mun minni en réttur mæðra. Íslenskir stjórnendur litu síður á fjölskylduábyrgð sem hindrun í samanburði við stjórnendur í Möltu. Þar samþykktu stjórnenedur frekar eðlishyggjurök um að mæður væru best til þess fallnar að taka ábyrgð á fjölskyldu. Sú ályktun er dregin að fjölskyldustefna hefur áhrif á viðhorf stjórnenda til jafnréttis á vinnumarkaði og innan heimilisins sem á bæði þátt í að breyta og viðhalda kynjuðum hugmyndum um hlutverk kvenna og karla í samfélaginu.

Ólöf Júlíusdóttir
Anna Borg

### 1.35.3 Kynjaður veruleiki daglegs lífs. Samanburður á samræmingu fjölskyldu og vinnu á meðal akademísks starfsfólks á Íslandi og í Kanada

Á undanförnum misserum hefur fólki sem lýkur doktorsprófi fjölgað hratt. Enn er það þannig að fleiri karlar en konur hafa lokið doktorsprófi þó saxast jafnt og þétt á kynjabilið. Að meðaltali eru konur eldri þegar þær ljúka doktorsprófi og þá er framgangur þeirra innan háskólanna almennt hægari og þær eru líklegri til þess að vera lausráðnar eða í tímabundnum stöðum og fleiri karlar eru prófessorar en konur. Þetta virðist vera nokkuð almenn tilhneiging þrátt fyrir ólíka menningu og velferðaкerfi á milli landa og misjafna stöðu karla og kvenna, en helst þó í hendur við þann kynjaða veruleika sem byggir á meira vinnuframlagi kvenna þegar kemur að ólaunaðri störfum innan heimila og umönnun barna. Rannsóknin byggir á samanburði á stöðu karla og kvenna sem starfa við háskóla í Reykjavík og í Victoria í Kanada. Markmið rannsóknarinnar er að draga fram hvernig karlar og konur lýsa og upplifa kynjaðan veruleika sinn í tengslum við samræmingu fjölskyldu og akademískra starfa. Tekin voru viðtöl við 26 akademískt starfsfólk í þessum borgum og benda niðurstöðurnar til þess að þrátt fyrir ólíka stöðu kynjanna á Íslandi og í Kanada, mismunandi stofnanastrúktúr og ólík velferðakerfi þá upplifi þátttakendur samræmingu fjölskyldulífs og vinnu ekki með svo ólíkum hætti.

Andrea Hjálmsdóttir

### 1.35.4 Tengsl fjölskyldustöðu og fæðingarorlofstöku við launaþróun doktorsmenntaðra á Íslandi

Ísland hefur komið vel út í alþjóðlegum samanburði á jafnrétti kynjanna. Þrátt fyrir gott gengi og metnaðarfull markmið stjórnvalda til þess að ná fullu kynjajafnrétti, ríkir enn kynbundinn launamunur á almennum vinnumarkaði. Því hefur verið haldið fram að aukin menntun kvenna sé lykilatriði í því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og afnema kynbundinn launamun. Menntunarstig kvenna hefur aukist mikið hér landi og hlutfall kvenna sem lýkur doktorsprófi hefur einnig verið í stöðugum vexti. Þrátt fyrir það hafa fáar rannsóknir verið gerðar á tengslum doktorsprófs við launaþróun kynjanna, einkum með tilliti til fjölskyldustöðu. Í ljósi þessa er markmið rannsóknarinnar að skoða launaþróun doktorsmenntaðra einstaklinga með tilliti til kyns og fjölskyldustöðu, einkum barneigna og fæðingarorlofstöku. Til greiningar voru nýtt langtímagögn frá Hagstofu Íslands frá árunum 1997 til 2017 og er þýðisramminn einstaklingar með 5 – 20 ára gamalt doktorspróf (N = 814). Hýrarkísktri aðhvarfsgreiningu var beitt á gögnin. Niðurstöður sýna fram á viðvarandi kynbundinn launamun meðal doktorsmenntaðra bæði 5 og 10 árum eftir útskrift. Þess utan kom í ljós að börn á heimili hafa jákvæð áhrif á tekjur karla meðan því er öfugt farið hjá konum. Hjá þeim verða áhrifin neikvæð 10 árum eftir útskrift.

Maya Staub
Kolbeinn Hólmar Stefánsson

### 1.35.5 Áskorun akademískra stjórnenda í danska háskólakerfinu – að finna jafnvægi á milli frelsis fræðimanna til rannsókna og rekstrarafkomu

Rannsóknir á styrkjum til rannsókna hafa sýnt að aukið fjármagn hefur ekki aðeins haft jákvæð áhrif rannsóknarstarf heldur einnig skapa áskoranir fyrir akademíska stjórnendur (rektor, sviðs- og deildarforseta). Rannsóknarsjóðir gera oftar en ekki kröfu um mótframlag og rannsóknarverkefnum fylgir rekstrarkostnaður, sem bindur hluta opinberrar fjármögnunar þeirra stofnana sem hýsa verkefnin. Rannsóknir hafa sýnt að þó að akademískir stjórnendur hafi í orði umboð til þess að hafna því að veita verkefnum nauðsynleg mótframlög þá eigi þeir erfitt um vik að fylgja því umboði eftir vegna stöðu og áhrifa sterkra rannsakenda. Viðtalsrannsókn meðal akademískra stjórnenda allra háskóla í Danmörku sýnir að þeir finna verulega fyrir því að utanaðkomandi fjármögnun þrengir að fjárhag, ekki síst hjá þeim skólum sem mestum árangri hafa náð í styrkjasókn. Þetta á sérstaklega við í þeim skólum þar sem sterkir rannsakendur taka til sín verulegan hluta fjármagns. Áherslur rannsóknarsjóða auka svo enn á vandann og erfitt getur reynst að halda úti rannsóknarnámi það sem ekki er hægt að fjármagna rannsóknir í öllum fögum. Þó fjármögnun rannsókna í Danmörku og Íslandi séu ekki að öllu leiti sambærilegar er gagnlegt að horfa til þess hvaða langtíma áhrif geta orðið af áherslu á utanaðkomandi fjármögnun rannsókna.

Maria Theresa Norn
Margrét Sigrún Sigurðardóttir

Lykilorð: stjórnun háskóla, rannsóknarstyrkir, frelsi til rannsókna.

## 1.36 Ofbeldi í nánum samböndum: Ólík sjónarhorn

### 1.36.1 Epistemic Violence towards immigrant women in Iceland: Silencing, smothering and linguistic deficit

This talk examines how immigrant women's stories, which were shared as a result of the #metoo movement in Iceland, exemplify aspects of how culture and institutions in Iceland are complicit in the silencing of immigrant women who experience violence, both in intimate partner and employment situations. Through a critical analysis of ten of the 37 narratives shared by immigrant women in Iceland the author explores how testimonial smothering and silencing both produce and reproduce epistemic violence in the women's lives. As a result, the talk explores how several factors in Icelandic culture and within institutional structures are illuminated through the women's narratives. A significant aspect of the discourse was the focus on "linguistic purity" of the Icelandic language maintains these exclusionary practices. Cultural hegemonic understandings of violence and services lead to misrecognition and silencing of the culturally diverse experiences contained in the narratives. Recognition of hegemonic practices is important in the continued development of a more equitable society and a first step in the inclusion of diverse voices in the continued development of the diversifying Icelandic knowledge society.

Brynja E. Halldórsdóttir

Lykilorð: epistemic violence, testimonial silencing, testimonial smothering.

### 1.36.2 Hvað er ofbeldi? Kenningar og útskýringar fræðanna á ofbeldi

Ofbeldi er eins og valdið alltumliggjandi og má segja að það sé hluti af mannlegri tilveru. Ástæða þessa er sú að flest okkar erum á hverjum degi mótuð af ofbeldi, hvort sem við verðum vitni af slíku, sjáum birtingarmyndir þess í fjölmiðlum eða verðum beint eða óbeint fyrir því. Fæstir verða þó fyrir beinu líkamlegu ofbeldi á lífsleiðinni en slíkt fer þó eftir ýmsum þáttum á borð við búsetu, efnahag, stétt, kyn, kynhneigð og kynþátt. Svo dæmi sé tekið er mun líklegra að verða fyrir ofbeldi ef viðkomandi er fæddur í Afríku sunnan Sahara eða búandi í fátækrahverfum stórborga Evrópu eða Ameríku. Konur og stúlkur eru jafnframt líklegri til að verða beittar ofbeldi. Á heimsvísu er talið að þriðja hver kona hafi orðið einhvern tímann á lífsleiðinni fyrir líkamlegu ofbeldi í nánu sambandi. Alþjóðlegar stofnanir og ríki víðs vegar um heim hafa því undanfarna áratugi beint athyglinni að kynbundnu ofbeldi og hvernig draga megi úr því. Í þessu inngangserindi verður fjallað um ofbeldi og birtingarmyndir þess með sérstakri áherslu á ofbeldi í garð kvenna innan veggja heimilisins og í nánum samböndum. Einnig verða ræddar hugmyndir fræðimanna um ofbeldi og hvernig þeir skilgreina það. Í þeim efnum verður kastljósinu einkum beint að skrifum Walter Benjamin, Slavoj Zizek, Judith Butler og Hannah Arendt.

Jón Ingvar Kjaran

Lykilorð: ofbeldi, kenningar, kynbundið ofbeldi.

### 1.36.3 Um karla sem beita konur ofbeldi í nánum samböndum

Á heimsvísu verður þriðja hver kona fyrir ofbeldi af hálfu karlmanns í nánu sambandi og hefur það aukist í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Stjórnvöld víða um heim skilgreina ofbeldi í nánum samböndum sem alvarlegt lýðheilsuvandamál. Enda eru neikvæðar afleiðingar miklar, meðal annars er slæm heilsa algeng meðal kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi. Hingað til hafa rannsóknir einkum beinst að þeim sem verða fyrir ofbeldinu en nú er sjónum líka beint að fólki sem því beita. Rannsóknin byggir á viðtölum við sjö karla sem leituðu sér aðstoðar fagaðila til að komast úr vítahring ofbeldisins. Leitast er við að svara spurningum um skýringar þeirra á ofbeldinu, um þeirra til að takast á við ofbeldisfulla fortíð sína. Tekið er mið af femínísku sjónarhorni. Áherslan er einnig á samfélagslega heildarsýn og hvernig feðraveldið viðheldur valdbundnum aðstæðum í nánum samböndum. Jafnframt er leitast við að skoða einstaklingsbundna reynslu og hvernig orðræðan mótar sjálfsveruna. Við greiningu á gögnum var annars vegar notast við líkan Hearn um skýringar karla á ofbeldi sem þeir hafa framið í nánum samböndum. Hins vegar var leitað til kenninga Foucault um sjálfsveruna og siðferðilega möguleika einstaklingsins til viðnáms og breytinga.

Guðrún Kristinsdóttir
Jón Ingvar Kjaran

Lykilorð: kynbundið ofbeldi, útskýringar á ofbeldi, meðferð.

## 1.37 Opinber stefnumótun í efnahagsmálum

### 1.37.1 Hagnýting Markov líkana

Markov líkön eru hornsteinn margra líkindafræðilegra líkana. Í sinni einföldustu mynd lýsa þau hreyfimynstri stærða í tíma þannig að framtíðin er einungis fall af takmarkaðri fortíð. Rakin eru grunnhugtök Markov-keðja í strjálum og samfelldum tíma. Einfalt dæmi um myndun tekjudreifinga er rakið og sýnt hvernig einfalt líkan þar sem eina óvissa stærðin er ævilengd og allar tekjur eru fjármagnstekjur með föstum vöxtum leiðir til þess að jafnvægis tekjudreifing er Pareto dreifing. Einnig hvernig með svipuðu rökrænu ferli má meta væntanlega lengd farsóttar í sóttkví. Í samfelldum tíma byggir stærðfræðilega nálgunin á fræðinni um virkja (operator-theory). Minnst verður lauslega á notkun virkjafræði í hagrannsóknum. Byggt er á kennslubók í líkindafræði eftir Whittle (1992).

Helgi Tómasson

Lykilorð: Markov líkan, samfelldur tími, jafnvægisdreifing.

### 1.37.2 Má koma á virkri samkeppni á rafmagnsmarkaði?

Ekki eru margir áratugir síðan opnað var fyrir samkeppni í nokkrum atvinnugreinum, þar sem opinber fyrirtæki voru áður einkasalar. Þar á meðal eru sími, útvarp og sjónvarp og rafmagnsframleiðsla. Samkeppni er mislífleg á þessum mörkuðum. Sennilega er hún minnst á markaði með rafmagn. Nokkrir rafmagnssalar keppa um hylli neytenda í smásölu, en minna fer fyrir samkeppni á heildsölumarkaði með rafmagn, enda er þar aðeins einn seljandi, sem eitthvað kveður að. Fyrir nokkrum árum, þegar hætta var talin á skorti á almennum rafmagnsmarkaði hér á landi vegna ásóknar bitcoin-grafara, hreyfðist rafmagnsverð lítið. Verðið breyttist ekki heldur mikið árið 2020 þegar einn stærsti rafmagnskaupandinn dró úr kaupum sínum og íhugaði að hætta alveg starfsemi. Verðbreytingar á íslenskum rafmagnsmarkaði verða bornar saman við sveiflur í grannlöndum. Rætt verður um ástæður þess að verð hreyfist lítið á íslenskum rafmagnsmarkaði og skoðað hvaða afleiðingar það getur haft að verð bregðist ekki við sveiflum í eftirspurn. Sú hugmynd verður síðan reifuð að skipta stærsta rafmagnsframleiðandanum í nokkur fyrirtæki, til þess að freista þess að koma á virkri samkeppni á heildsölumarkaði. Farið verður yfir hvaða áhrif þetta gæti haft á markaðinn og hvernig útfæra má hugmyndina þannig að samningsstaða landsmanna gagnvart stórkaupendum veikist ekki.

Sigurður Jóhannesson

Lykilorð: ríkisrekstur, samkeppni, velferð.

### 1.37.3 Viðhorf til virkjana — mat á umhverfisgæðum við Urriðafoss

Urriðafossvirkjun er neðsti virkjanakosturinn í Þjórsá og var til umfjöllunar í fjórða áfanga rammaáætlunar. Frá sjónarhorni rekstraraðila er orkuvinnsla í Urriðafossi hagkvæm, samanborið við aðrar vatnsaflsvirkjanir; en þá er ekki tekið tillit til umhverfisáhrifa. Þau eru yfirleitt ekki sett fram í sömu einingum og aðrir arðsemisþættir.

Urriðafoss er vatnsmesti foss landsins og skert rennsli í kjölfar virkjunar myndi breyta ásýnd hans svo um munar. Virkjunin hefur einnig áhrif á flóru og fánu auk göngu laxa í Þjórsá. Laxastofn árinnar er einn sá stærsti á landinu og erfðafræðilega frábrugðinn öðrum stofnum á Íslandi.

Til að þessir þættir njóti sammælis í arðsemismati er nauðsynlegt að meta umhverfisáhrifin til fjár. Þar sem undirliggjandi gæði ganga ekki kaupum og sölu á markaði, og bera þar af leiðandi ekki markaðsverð, er notast við aðferðir yfirlýsts vals (e. stated preferences). Þessar aðferðir líkja eftir aðstæðum á markaði; hér með spurningakönnun. Þátttakendum voru kynntar helstu niðurstöður faghópa rammaáætlunar varðandi áhrif virkjunarinnar en einnig hvaða rekstrarforsendur geta talist virkjuninni til tekna. Að því yfirstöðnu voru þeir beðnir um að taka afstöðu til mögulegra virkjanaframkvæmda og koma á framfæri hvaða fyrirkomulag þeim hugnast best við orkuframleiðslu. Niðurstöðurnar gefa til kynna að kostnaður við virkjunina aukist um rúm 60% ef virði umhverfisáhrifa eru tekin með í reikninginn.

Ágúst Arnórsson
Kristín Eiríksdóttir

Lykilorð: virkjanir, umhverfisgæði, hagrænt umhverfismat.

## 1.38 Popúlismi, ójöfnuður, stétt og staða

### 1.38.1 Breytingar á huglægri stéttarstöðu Íslendinga, 2009-2019

Markmið þessarar rannsóknar er rýna í breytingar á huglægri stéttarstöðu Íslendinga milli áranna 2009 og 2019 og greina hvaða áhrifaþættir ráða mestu um það hvar landsmenn sjá sig í íslenska stéttakerfinu, einkum hvort viðkomandi sjái sig í millistétt eða ofar. Rannsóknir sýna að huglæg stéttarstaða hefur áhrif þætti á borð við kosningahegðun, upplifun af ójöfnuði og heilsufar. Þá er samsvörun huglægrar og hlutlægrar stéttarstöðu meðal annars notuð til þess að slá máli á stéttavitund (e. class awareness). Spurningalistagögnin sem rannsóknin byggir á koma úr alþjóðlegu viðhorfakönnuninni International Social Survey Programme (ISSP). Um er að ræða fyrstu rannsóknina á huglægri stéttastöðu hérlendis sem er með langtímasniði. Gögnin eru greind með aðhvarfsgreiningu og niðurstöðurnar eru túlkaðar út frá klassískum kenningum Karl Marx, Max Weber og Pierre Bourdieu um tengsl hlutlægrar og huglægrar stéttarstöðu. Meðal helstu niðurstaðna eru að eilítið hærra hlutfall Íslendinga sá sig í millistétt eða ofar árið 2019 samanborið við árið 2009. Menntun, heimilistekjur og hlutlæg stéttarstaða hafa mest forspárgildi fyrir hvort einstaklingar sjá sig í millistétt eða ofar í stéttakerfinu.

Guðmundur Oddsson

Lykilorð: huglæg stéttarstaða, millistétt, Ísland.

### 1.38.2 Félagsleg misskipting og siðrof—eru tengsl?

Samkvæmt siðrofskenningunni (e. anomie theory) getur misskipting í nútímasamfélagi grafið undan hollustu einstaklinganna við sameiginleg viðmið (e. social norms) og þannig skapað „siðrof"—með tilheyrandi vantrausti, óreiðu og streitu. Kenningin gefur til kynna að þetta geti einkum gerst verði sú hugmynd ofan á að tækifærin til að komast lengra séu ekki aðeins háð verðleikum einstaklingsins heldur líka bæði áskipuðum eiginlegum (t.d. kyni, kynþætti) og auðmagni (t.d. fjölskylduuppruna, tengslum). Þessi klassíska kenning hefur sjaldan verið skoðuð með því að mæla siðrofsupplifanir fullorðinna einstaklinga. Við prófum ofangreindar tilgátur með mælingum úr viðhorfakönnun sem framkvæmd var hérlendis árin 2009 og 2020. Niðurstöður styðja þær tilgátur sem lagt var upp með. Einstaklingar sem telja að tækifærin mótist af áskipuðum stöðum og auðmagni hafa síður hollustu við sameiginleg viðmið (t.d. þeir segja frekar að það sé réttlætanlegt að fara á svig við reglur til þess að ná árangri). Ekki kemur fram marktækur munur milli tímapunktanna tveggja hvað þetta mynstur varðar.

Jón Gunnar Bernburg
Sigrún Ólafsdóttir
Þóroddur Bjarnason

### 1.38.3 Félagslegur hreyfanleiki á Íslandi

Félagslegur hreyfanleiki er oft nefndur sem mikilvægur þáttur í vel virku samfélagi þar sem möguleikar fólks á að vinna sig upp samfélagsstigann á eigin verðleikum eru sannarlega fyrir hendi. Vísbendingar eru um að aukinn ójöfnuður innan OECD-ríkja á síðustu árum hafi neikvæð áhrif á félagslegan hreyfanleika og að einstaklingar standi í auknum mæli sem fastast á þeim stað samfélagsstigans sem þeir eru, hvort sem það er við topp hans eða botn. Aukinn ójöfnuður og aðrar samfélagslegar breytingar hér á landi á síðustu árum gerir íslenskt samfélag afar áhugavert í þessu ljósi þegar litið er til félagslegs hreyfanleika. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig Íslendingar meta félagslegan hreyfanleika sinn á milli áranna 2009 og 2019 og hverjar helstu ástæður séu fyrir því að fólk meti sig sem félagslega hreyfanlegt. Stuðst er við spurningalistakönnunina Alþjóðlega viðhorfskönnunin (International Social Survey Programme) um félagslegan ójöfnuð, sem framkvæmd var hér á landi árin 2009 og 2019. Niðurstöður benda til þess að Íslendingar sjái sig í auknum mæli sem félagslega hreyfanleg upp á við í samfélagsstiganum. Hærra menntunarstig Íslendinga, hjúskaparstaða og heimilistekjur hafa þar meðal annars áhrif. Aukinn ójöfnuður virðist því ekki nægja til þess að fólk meti sig síður sem félagslega hreyfanlegt heldur hafa ólíkir samfélagslegir þættir áhrif á mat fólks.

Ómar Jóhannsson

Lykilorð: félagslegur hreyfanleiki, ójöfnuður, Ísland.

### 1.38.4 Þjóðarávarpið – nýþjóðernishyggja eftirstríðsáranna

Í þessu erindi er endurnýjuð framrás þjóðernishyggju á eftirstríðsárunum, sem birst hefur í uppgangi þjóðernispopúlískra stjórnmálaflokka, til skoðunar. Ég held því fram að undanfarna hálfa öld hafi orðið til ný birtingar-

mynd þjóðernishyggju á Vesturlöndum, sem byggir á popúlískri orðræðuskiptingu á milli þjóðfélagshópa sem eru taldir tilheyra þjóðinni og hinna sem skildir eru frá henni. Þessa popúlísku þjóðernishyggju síðari tíma kalla ég nýþjóðernishyggju.

Fylkingar þjóðernispopúlista hafa yfirleitt sótt í sig veðrið í kjölfar þjóðfélagslegra áfalla eða mikilla samfélagsbreytinga. Í erindinu er tekist á við afleiðingar aðgreindra þjóðfélagsáfalla á eftirstríðsárunum.

Fyrsta bylgja þjóðernispopúlisma eftirstríðsáranna átti upptök sín í andófi gegn hárri skattlagningu og fjölmenningu í kjölfar olíukreppunnar á áttunda áratugnum. Önnur bylgjan skall á vegna gremju Vestur-Evrópubúa í garð verkafólks að austan sem þyrptist vestur á bóginn, yfir gamla járntjaldið, eftir fall Berlínarmúrsins árið 1989. Næstu hvörf komu í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum þann 11. september 2001. Í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar sem hófst árið 2008 reis þjóðernispopúlisminn upp í áður óþekktar hæðir. Næstu kaflaskil urðu með hápunkti flóttamannabylgjunnar árið 2015. Þjóðernishyggja var enn fremur tekin að krauma í kórónuveirufaraldrinum árið 2020.

Eiríkur Bergmann

Lykilorð: þjóðernishyggja, popúlismi, stjórnmálasaga.

## 1.39 Queer Refugees in Queer Utopias: Inclusions and Exclusions

### 1.39.1 Introducing the Project: Queer Refugees in Queer Utopias

In this presentation, principle investigators Guðbjörg Ottósdóttir and Thomas Brorsen Smidt outline the research project Queer Refugees in Queer Utopias: Inclusions and Exclusions. The project aims to create new relevant knowledge that will address gaps in existing research and help improve policies and practices on this issue in Iceland; a country that is broadly perceived to be one of the most queer-friendly nations on earth. To do this, more knowledge on how SOGIE refugees experience settlement, deportation, reception and support from both the Icelandic asylum system, municipal social services and NGO's and advocacy groups, and their own diasporas is needed. It is also becoming increasingly important to know more about how digital and social media plays a role in these processes. The methodology for the project relies on engaged ethnography to carry out and analyze 40-50 in-depth interviews with four different stakeholder groups: SOGIE refugees, professionals in the asylum system in Iceland, professionals in municipality social services and professionals and volunteers in NGO services and advocacy groups. Drawing on an established international research network, the project also seeks to compare experiences of SOGIE refugees in respectively Iceland and the Netherlands to further develop the theoretical framework around the concept of 'queer utopias.'

Guðbjörg Ottósdóttir
Thomas Brorsen Smidt

### 1.39.2 Queer migrations: Homotransnationalism and migrant hierarchy in Iceland

This presentation is based on a study that examines three distinct but interconnected groups of queer migrations to Iceland, from the Global South, Central and Eastern Europe and Global North. Global south migrants often developed a bifocal worldview and an experience of racism and a sense of (un)belonging were highlighted. Migration further materialised new paths and practices regarding gender and sexuality. Regarding migrants from the Global North, themes of privilege, whiteness, and masculinity were highlighted along with the in betweenness of belonging, and a longing for a queer futurism. Finally, in the findings related to queer migrations from Central and Eastern Europe, the overreaching theme was 'exclusionary moments' while sub-themes relate to social class (dis)identification; shame and emotional work; and participants' sense of (un)belonging. Thus, the findings show that managing information about one's sexual orientation and gender identity can pose challenges in any context. But the relational process of racialisation and being labelled as the immigrant other seems, in some cases, impossible to overcome. This othering of immigrants is embedded in racial, cultural, and class hierarchies, as white migrants from the Global North experience inclusion and belonging unlike that of non-white migrants from the Global South. While interlocutors from Central and Eastern Europe are, in many cases, automatically attributed a subordinated subject position, compared to other white immigrants.

Linda Sólveigar- og Guðmundsdóttir

### 1.39.3 "Who will look for me if I disappear"? Tactical networks among (un)settled queers in southern European states

Queer lives have long been entangled with (un)settlements. Desiring utopian life of safety and prosperity, some LGBTQI+ people move to Southern European countries through accessible trajectories. However, these countries have proven unstable regarding rights to residency and open queerness. Thus, while some arrive to Europe as asylum seekers, others seek refuge later. This paper is based on ethnographic fieldworks, collectively conducted since 2012, among refugee activists in Greece, Italy, and Germany. They include dialogues with fourteen queer activists, and five in-depth interviews with gay migrants. Mirroring recent publications, the queer interlocutors in these studies have described their existence of liminal rights, racist surveillance, and social exclusion as being stuck in a queer death midst the necropolitics of the state. This is exemplified by southern states assign the care of asylum seekers to religiously induced and queerphobic NGOs. Thus, queer interlocutors described seeking inclusive spaces for safety, solidarity and companionship. In these spaces, networks were tactically built for survival strategies and ongoing mobility. The few supporting allies found, however, were also stuck within precarity and offered only fractional and temporal support. The findings show that (un)settled queer people must continually embody alertness to navigate exclusionary moments in and around solidarity spaces in south Europe.

Árdís Kristín Ingvarsdóttir

## 1.40 Reikningsskil og endurskoðun

### 1.40.1 Gagnsæi og traust í reikningsskilum og endurskoðun

Endurskoðunarnefndir eru hluti af góðum stjórnarháttum og tilgangur þeirra er m.a. að auka traust á fjárhagsupplýsingum sem og að auka gagnsæi þeirra. Markmiðið er að greina álit nefndarmanna í endurskoðunarnefndum og ytri endurskoðenda til hugtakanna gagnsæi (e. transparency) og traust (e. trust) með tilliti til fjárhagsupplýsinga. Þessi tvö hugtök hafa orðið þungamiðja í gerð og framsetningu reikningsskila sem og annarra fjárhags- og ófjárhagslegra upplýsinga. Endurskoðunarnefndir hafa haft það megin verkefni að auka gagnsæi og traust almennings á reikningsskilum. Þetta markmið var þungamiðja BRC skýrslunnar sem birt var í BNA um aldamótin 2000. Hið víðtæka fjármálahrun 2008 hefur leitt hugtökin gagnsæi og traust inn á nýjar brautir.

Rannsóknin byggir á tveimur könnunum, annars vegar frá árinu 2016 þar sem nefndarmenn endurskoðunarnefnda voru þátttakendur og hins vegar árinu 2018 þar sem ytri endurskoðendur voru þátttakendur. Gerður er samanburður á áliti nefndarmanna annars vegar og ytri endurskoðenda hins vegar á hugtökunum tveimur, gagnsæi og traust á fjárhagsupplýsingum. Greint verður frá hlutaniðurstöðum ofangreindra tveggja kannana er tengjast hugtökunum gagnsæi og traust með tilliti til fjárhagsupplýsinga. Hafa þessir faghópar sömu ásýnd á hugtökin og skiptir kyn og aldur einhverju máli þar? Þar sem þessir faghópar eru ráðandi hvernig fjárhagsupplýsingar mótast, er mikilvægt að fá vitneskju um afstöðu og sýn þeirra á þessum mikilvægu hugtökum innan reikningsskila og endurskoðunar.

Eyþór Ívar Jónsson
Einar Guðbjartsson
Jón Snorri Snorrason

Lykilorð: reikningsskil, gagnsæi, endurskoðun.

### 1.40.2 Gervigreind og endurskoðun smárra og meðalstórra fyrirtækja

Vísbendingar eru um að endurskoðunarfyrirtæki fjárfesti í gervigreind í vaxandi mæli. Þróun gervigreindar í endurskoðunarfyrirtækjum tekur almennt mið af stórum skipulagsheildum, gagnasöfnum og mjög sérhæfðum hugbúnaði. Í þessari rannsókn eru endurskoðendur, sem aðallega endurskoða lítil og meðalstór fyrirtæki, spurðir um væntingar þeirra til áhrifa gervigreindar á vinnu við endurskoðun og hvaða hugbúnaður eða aðferðir í gervigreind myndi veita þeim mest virði miðað við verkefnin sem þeir sinna. Niðurstaðan er að endurskoðendur búast við að gervigreind verði hluti af þeim aðferðum sem þeir verða að beita í framtíðinni og jákvæð áhrif af notkun tækninnar verði veruleg á frammistöðu endurskoðenda. Jafnframt telja þeir að þekking til að nota aðferðir í gervigreind verði þeim ekki áskorun. Endurskoðendur sjá þegar fyrir sér að gervigreind verði beitt í auknum mæli við tiltekin verkefni. Þar má nefna gerð áhættumats einstakra færslna í bókhaldi, framkvæmd viðtala vegna endurskoðunar, gerð frammistöðumats, skrif staðfestingarbréfa, lokastaðfesting ársreikninga og staðfesting á efnislegum eignum skipulagsheilda. Þessar niðurstöður leiða til þess að skoða þarf hvort og hvernig lítil og meðalstór endurskoðunarfyrirtæki geti þróað gervigreindarlausnir, hvaða áhrif gervigreind mun hafa á samkeppni á endurskoðunarmarkaðinum og síðast en ekki síst hvaða áhrif þróun og notkun gervigreindar mun hafa á menntun endurskoðenda.

Páll Melsted Ríkharðsson

Lykilorð: endurskoðun, gervigreind, sjálfvirknivæðing.

### 1.40.3 Uppgjörsaðferðir fyrirtækja á hlutabréfamarkaði

Uppgjörsaðferðir fyrirtækja við gerð og framsetningu reikningsskila hafa breyst mjög mikið frá byrjun íslenska hlutabréfamarkaðarins. Fyrstu árin var ein aðferð sameiginleg þeim öllum, kostnaðarverðsreikningsskil. Íslensk króna var notuð sem uppgjörgjaldmiðill. Uppgjörsgjaldmiðillinn var einnig starfrækslugjaldmiðill viðkomandi fyrirtækis. Í dag geta íslensk fyrirtæki sem m.a. eru skráð á íslenska hlutabréfamarkaðinn verið með mismunandi gjaldmiðla í reikningsskilum sínum. Kostnaðarverðsreikningsskil hefur verðið við lýði í meira en 100 ár. Eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði. Á síðari tímum hefur gangvirði aukist mjög við gerð og framsetningu reikningsskila t.d. fjármálagerningar, viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir. Forsendur reikningsskila eru mun flóknari með tilkomu gangvirðismats. Gangvirðismat er mest notað þegar eignir og skuldir flokkast sem fjármálagerningar hvers konar og eignir sem fjárfestingareignir. Markmið erindisins er að skoða mismunandi forsendur reikningsskilaaðferða, annars vegar m.t.t. kostnaðarverðs og gangvirðis og hins vegar m.t.t. gjaldmiðils. Því til viðbótar er gerður samanburður og greining á völdum kennitölum fyrirtækja sem nota annars

vegar kostnaðarverðsreikningsskil og hins vegar gangvirðisreikningsskil. Þegar forsendur kennitalna er ekki sá sami, hvað verður þá um samanburðargildi þeirra?

Einar Guðbjartsson
Jóhannes B. Pétursson

Lykilorð: kostnaðarverðsreikningsskil, gangvirðisreikningsskil, kennitölur.

## 1.41 Samfélagsleg ábyrgð og stjórnarhættir

### 1.41.1 Hindranir tengdar gögnum, við innleiðingu UFS þátta

Mörg fyrirtæki birta upplýsingar varðandi Umhverfis- og félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). UFS upplýsingarnar eru notaðar sem mælistika til þess að meta hversu vel fyrirtækjunum gengur að ná sjálfbærni markmiðum sínum. Sjálfbærni markmiðin eru sett samkvæmt Alþjóðlegum Samningi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) sem fyrirtækin hafa gerst aðilar að. Ljóst er að ferlið við slíkar upplýsingagjöf og mælingar er gagnadrifið. Á þessari málstofu verður gerð grein fyrir rannsókn þar sem metið var hvernig rekja megi flæði UFS gagna. Flæðið hefst á því að fyrirtæki birtir UFS upplýsingar sínar, og matsfyrirtæki (e. rating agency) nýtir upplýsingarnar til að meta árangur viðkomandi fyrirtækis á UFS þáttunum. Enn fremur er greint frá því hvernig fagfjárfestar nýta sömu upplýsingar. Rannsóknin fylgir flæði gagnanna frá tilurð þeirra til notkunar, með að markmiði að skilja hvað hindrar hraðari innleiðingu UFS þáttanna. Rannsóknin byggir meðal annars á viðtölum við hagaðila frá fyrirtækjum, matsfyrirtækjum og fagfjárfestum. Niðurstöðurnar varpa ljósi á gildi UFS mats í tengslum við gagnaflæðið sem það hvílir á og hvaða hindranir eru á vegi þess að gæði gagnanna sé vel ásættanlegt. Varpað er ljósi á möguleika hagaðila til að leysa þær hindranir sem birtast og auka þannig gæði upplýsinganna. Niðurstöður benda enn fremur til þess að hagaðilar kalla eftir gæðaeftirliti með gagnaflæðinu og upplýsingunum, en eru þó hikandi vegna mikils tilkostnaðar við slíkt eftirlit.

Björg Jónsdóttir

Lykilorð: ESG, stjórnarhættir, sjálfbærni.

### 1.41.2 Siðferðilegt gerhæfi fyrirtækja

Hugtakið „gerhæfi“ (e. agency) er til grundvallar í heimspeki þegar kemur að siðferðislegri ábyrgð einstaklinga. Nú á dögum er svo vinsælt að halda því fram að fyrirtæki séu gædd slíkri ábyrgð. Af því leiðir að fyrirtæki séu þá einnig gædd svokölluðu „siðferðilegu gerhæfi“ (e. moral agency). Mikið hefur verið rætt og ritað um þetta efni frá sjötta áratug síðustu aldar og hafa mörg heimspekileg viðhorf komið fram bæði þessu til stuðnings og til mótstöðu. Rannsóknin snýr að því að varpa ljósi á hvort að þessi heimspekilegu viðhorf um siðferðilegt gerhæfi fyrirtækja (e. corporate moral agency) endurspeglist í viðhorfum stjórnenda íslenskra fyrirtækja. Aðferðinni sem beitt er í rannsókninni er eigindleg, en viðtöl eru tekin við stjórnendur. Ræðir annars vegar um almennar spurningar sem taka til skipulags og stefna fyrirtækja viðmælenda og hins vegar fræðilegra spurninga sem horfa til viðskiptasiðfræði, heimspeki og kenninga um stjórnun fyrirtækja. Í því sambandi er stuðst við dæmisögu sem viðmælendur eru beðnir að kynna sér og taka afstöðu til. Bráðabirgðaniðurstöður rannsóknarinnar, út frá þeim viðtölum sem hafa verið tekin, sýna að stjórnendur hafa ólíkar skoðanir á þessum málum. Þeim ber þó öllum saman um að stjórnendur og hluthafar séu gæddir gerhæfi og hafi ívið meira en fyrirtækin sjálf, og jafnvel að fyrirtæki hafa ekki að geyma siðferðilegt gerhæfi.

Jóhann Viðar Hjaltason
Þröstur Olaf Sigurjónsson

Lykilorð: gerhæfi, sjálfbærni, stjórnarhættir.

### 1.41.3 Skipan og óhæði endurskoðunarnefnda

Endurskoðunarnefndir gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja áreiðanleika og óhæði endurskoðunar fyrirtækja. Eitt af meginmarkmiðum með starfsemi nefndanna er að draga úr hættu á fjármálamisferli og efla traust fjárfesta á fjárhagsupplýsingum fyrirtækja og þar með fjármálamörkuðum. Í erindinu eru annars vegar birtar niðurstöður rannsóknar á samsetningu endurskoðunarnefnda við einingar tengdar almannahagsmunum á Íslandi og hins vegar eru tiltekin ákvæði laga um endurskoðunarnefndir skýrð með hliðsjón af ESB-rétti. Óvissa hefur verið um túlkun ákvæða um óhæði nefndarmanna í endurskoðunarnefnd en í erindinu er sýnt að mat á óhæði þeirra er sambærilegt hefðbundnu mati á óhæði stjórnarmanna. Sér í lagi geta stjórnarmenn talist óháðir einingunni og því skipað meirihluta endurskoðunarnefndar. Á Íslandi er algengt að stjórn skipi einn eða fleiri nefndarmenn utan stjórnar í endurskoðunarnefnd og eru nefndarmenn utan stjórnar í 63 af 70 endurskoðunarnefndum. Ekki er gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi í ESB-rétti eða lögum annarra Norðurlanda. Færð eru rök fyrir því að hin íslenska framkvæmd veiki bæði sjálfstæði og umboð nefndarmanna. Æskilegt er að endurskoðunarnefnd sé eingöngu skipuð stjórnarmönnum en rétt er þó að innleiða í lög heimild til að hluthafafundur tilnefni nefndarmenn, eins og ESB-réttur gerir ráð fyrir. Ekki er starfandi endurskoðunarnefnd í 32 einingum tengdum almannahagsmunum. Lögfesta ætti undanþáguheimildir frá starfrækslu endurskoðunarnefndar í dótturfélögum,

verðbréfasjóðum og sveitarfélögum.

Hersir Sigurgeirsson
Eyvindur G. Gunnarsson

Lykilorð: endurskoðunarnefnd, stjórnarhættir, óhæði.

### 1.41.4 Skipta UFS þættir máli við ákvarðanatöku íslenskra stofnanafjárfesta?

Sívaxandi áhugi almennings og fjölmiðla á umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) í starfsemi fyrirtækja og fjárfesta, sem og auknar kröfur um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, hafa leitt til aukinnar áherslu á UFS í starfsemi fyrirtækja. Þessi rannsókn tekur til skoðunar hvort/hvernig íslenskir stofnanafjárfestar meta fjárfestingarkosti út frá UFS. Einnig er horft til þess með hvaða hætti haldið er utan um eignasöfn og hvernig hlutverk virks og ábyrgs stofnanafjárfestis er ræktað. Gerður er samaburður á fyrirliggjandi gögnum um stöðu mála hjá sambærilegum fjárfestum á Norðurlöndunum.

Markmið er að varpa ljósi á það hvaða aðferðum og mælikvöðrum íslenskir stofnanafjárfestar beita við mat fjárfestingarkosta út frá UFS, en einnig á stöðu mála varðandi samskipti stofnanafjárfestis við félög/sjóði sem fjárfest hefur verið í, og hvort/hvernig fjárfestir beitir sér til að ná fram áherslum sem lagðar eru samkvæmt eigendastefnu/hluthafastefnu. Tekin voru viðtöl við stjórnarmenn og starfsmenn íslenskra stofnanafjárfesta, auk viðtala við stjórnarmann í dönskum lífeyrissjóði og danskan fræðimann á sviði ábyrgra frjárfestinga. Niðurstöðurnar sýna að íslenskir stofnanafjárfestar eru eftirbátar kollega sinna á hinum Norðurlöndunum, bæði varðandi mat fjárfestingakosta út frá UFS og eftirliti með fjárfestingum. Gegnsæi er lítið og haghafar, á borð við þá sem eiga fé í sjóðunum, hafa takmarkað aðgengi að upplýsingum um hvernig fénu er varið.

María Ásdís Stefánsdóttir Berndsen
Þröstur Olaf Sigurjónsson

Lykilorð: fjárfestar, ESG, stjórnarhættir.

### 1.41.5 Ófjárhagslegar upplýsingar – frá stafrófssúpu til samræmingar

Árið 2016 var ákvæði 66. gr. d. bætt við lög um ársreikninga nr. 3/2006 en með ákvæðinu var fyrirtækjum af ákveðinni gerð og stærð gert skylt að greina frá umfangsmiklum ófjárhagslegum upplýsingum í ársreikningum sínum. Upplýsingaskyldan er um margt óljós og er fyrirtækjum veitt umtalsvert svigrúm til þess að ákveða efnislegt inntak upplýsinganna.

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á samband lagakrafna um ófjárhagslegar upplýsingar og framkvæmdar upplýsingagjafar þeirra fyrirtækja sem falla undir upplýsingaskylduna.

Rannsóknin gerir grein fyrir lagalegri og ólögbundinni umgjörð ófjárhagslegrar upplýsingagjafar. Hún skýrir efnislegt inntak lagakrafna, valkosti við skýrslugjöf og vænta þróun hvað varðar framsetningu, miðlun og staðfestingaferli upplýsinganna. Jafnframt leitast rannsóknin við því að svara þeirri rannsóknarspurningu hver sé upplifun stjórnenda af ferli upplýsingagjafarinnar og viðhorf þeirra til þeirra áhrifa sem ófjárhagsleg upplýsingagjöf hefur á rekstur fyrirtækja. Ennfremur leitast rannsóknin við að lýsa afstöðu þeirra til þeirra tækifæra og áskorana sem framsetning og miðlun ófjárhagslegra upplýsinga hefur í för með sér. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði þar sem viðtöl eru tekin við stjórnendur og aðra hagaðila sem tengjast viðfangsefni rannsóknarinnar.

Ingi B. Poulsen
Þröstur Olaf Sigurjónsson

Lykilorð: ófjárhagslegar upplýsingar, stjórnarhættir, sjálfbærni.

## 1.42 Samspil dægurmenningar og samfélags: Tónlist, kvikmyndir og vísindaskáldsögur

### 1.42.1 Blade Runner and Posthumanism

The dynamics between humans and androids in Blade Runner (1982) are analyzed, and the narrative is dissected as it is interpreted as an allegory of the Posthuman turn within the Humanist society of the film. Ironically, it is in the blade runner hired to retire them that we can observe moral and ethical dilemmas proper to a scenario that decentralizes the Human from the center stage of agency and equates that which has been labeled as the Other. The role of the androids as villains serves as representation of current social dilemmas, such as the oppression of minorities, sustained by the Humanist discourse. In times of fast technological advancements and dependency, COVID-19, increased corporate power and authoritarian governments as well as questionable democracies, it seems indeed necessary to reposition the construct of "Human", from that which was exposed by Foucault in The Order of Things (1973), towards that which is defended by Posthumanists such as Ferrano (2019), Nayar (2014), Bostrom (2014), among others. Thus, discourse analysis is applied on the movie's narrative and Posthumanist philosophy is set for comparison, from which one ponders on the state of current society, and what it might mean to apply a more concrete posthuman mentality.

Marcello Milanezi

Lykilorð: posthumanism, Blade Runner, discourse analysis.

### 1.42.2 Star Trek: Samfélagsspegill úr fjarlægri framtíð

Star Trek vísindaskáldsöguþættirnir og kvikmyndirnar hafa leynt og ljóst tekist á við málefni sem hefur verið viðkvæmt að fjalla um í sjónvarpi og kvikmyndum. Sem framtíðargeimævintýri hefur Star Trek sýnt fram á hvernig dægurmenning getur virkað sem samfélagsspegill. Þættirnir sem byrjuðu árið 1966 og eru enn í framleiðslu takast á gagnrýninn hátt á við efni eins og þjóðerni, uppruna, fötlun, kyngervi, kynhneigð, stétt, stríð, átök, tækni og umhverfismál. Markmið erindisins er að kafa í fyrirbærið Star Trek og helstu áherslur þess í gegnum tíðina. Notast verður við hugmyndir og kenningar félagsvísinda, sérstaklega mannfræði til að skoða hvernig dægurmenning getur dregið fram umdeild málefni samfélagsins og virkað þannig sem ákveðið breytingarafl. Einnig verður rýnt í aðdáendasamfélagið (e. fandom) í kring um Star Trek hér á landi og borið saman við rannsóknir erlendis. Erindið byggir á greiningu á rannsóknum og skrifum fræðifólks um efnið í bland við eigindlega rannsókn meðal Star Trek aðdáenda hér á landi. Erlendar rannsóknir og bráðabirgðaniðurstöður yfistandandi rannsóknar höfundar sýna að stór hluti Star Trek aðdáenda yfirfæra grunninntak hugmyndafræði Star Trek um jöfnuð og fjölbreytileika jarðarbúa yfir á eigin heimsmynd og gjörðir. Þetta kemur meðal annars fram í sjálfboðavinnu aðdáendanna í tengslum við góðgerðarmál.

Sveinn Guðmundsson

Lykilorð: dægurmenning, Star Trek, mannfræði.

### 1.42.3 Íslensk dægurtónlistarsamfélög út frá félagsfræðilegu sjónarhorni

Erindið byggir á doktorsritgerð höfundar sem leitaðist við að útskýra þá samfélagslegu krafta sem knýja heim íslenskra dægurtónlistarmanna. Kenningar Pierre Bourdieu um veruhátt og menningarframleiðslusviðið, rit Howard Becker um eðli listheima (Art Worlds) og rannsókn mannfræðingsins Ruth Finnegan á tónlistarlífinu í enska bænum Milton Keynes lágu til grundvallar rannsókninni.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar ríma við þá staðreynd að Ísland er örsamfélag. Þetta „þorpseinkenni" felur það m.a. í sér að boðskipti eru hröð og óformleg, talsvert er um tengsl á milli tónlistarmanna úr ólíkum geirum og mörk á milli atvinnumennsku og áhugamennsku eru óljós. Flestir viðmælendur lýstu þessari nálægð sem jákvæðri en nefndu einnig að á sama tíma ætti hún það til að vera kæfandi.

Þessar niðurstöður verða nýttar til að bregða ljósi á tvö íslensk tónlistarsamfélög, listasamlagið Smekkleysu sem var stofnað á níunda áratugnum (en höfundur vinnur að greinargerð um hópinn) og listasamlagið post-dreifing sem stofnað var árið 2017. Annars vegar verður horft til þess hvernig starfsemi þessa hópa ríma við niðurstöður doktorsritgerðarinnar en hins vegar hvernig virkni þeirra er sem slík, hvernig einstaklingar þróa með sér tengslanet og verður sérstaklega litið til skrifa Michael P. Farrell um þessi efni (Collaborative Circles: Friendship Dynamics & Creative Work).

Arnar Eggert Thoroddsen

## 1.43 Skólakerfið, ungmenni og heimsfaraldur

### 1.43.1 Bissau Guinean Quran schoolboys begging in times of COVID-19: Qualitative study

COVID-19, mainly a disease of adults; however, it can affect vulnerable children indirectly through social containment measures. The study aimed to explore the impact of the pandemic on Quran schoolboys, who beg on behalf of their teachers in Guinea-Bissau.

Data was collected in July 2020 during a state of emergency. Data rests on semi-structured interviews and informal chat with 14 Quran schoolboys and observations in their schools. The boys aged 12-16 years and were identified when begging in the capital Bissau and the regional centre Gabú.

COVID-19 brought lockdown and police threats resulting in a decrease in alms and hunger. The boys listed the essential preventive measures that they attempted to follow. Crowdedness impeded social distancing and observations indicated deficient practice. The Quran education continued. The boys and their teachers mainly lived in a large bubble, and nobody got sick. They aspired to complete the studies, of which begging was seen as an integral part, to become respected religious teacherrs and community leaders.

The COVID-19 was an additional burden to the schoolboys, who face many challenges begging to complete their religious education. Governments and child rights organisations need to address the specific needs of Quran schoolboys in collaboration with the boys, their parents, the boys and their communities.

Hamadou Boiro
Jónína Einarsdóttir

Lykilorð: COVID-19, begging, hunger.

### 1.43.2 Decolonising Childhood and Youth Studies: The North-South Binary

Binary division of the world into the Global North and the Global South characterises Childhood Studies and Youth studies. While Childhood Studies cannot be blamed for ignoring the children referred to as belonging to the Global South, Youth Studies have been accused of routinely overlooking the majority of young people who live in the Global South. This presentation explores the current geographical division that characterises Childhood and Youth Studies and how this division affects recent efforts to decolonise these fields of study. Both speciality areas are currently in theoretical and conceptual turmoil, and such times are exciting with a fertile ground for critical rethinking. While some scholars take the binary division as a prerequisite for decolonising Childhood and Youth Studies, others argue that these terms must be abandoned for the same effort. The former applies the binary to highlight economic inequality rooted in colonialism and underline the uneven power relations embedded in colonialism. The latter maintains these terms have a built-in discourse that manifests hierarchies between the world regions, encourages thinking in terms of "them" and "us", and ignores joint global forces affecting children and youth. Further, the binary ignores differences within world regions and commonalities among them.

Jónína Einarsdóttir

Lykilorð: childhood and youth studies, decolonising, binary division.

### 1.43.3 Ég held að þetta hafi gefið okkur hugrekki til að láta í okkur heyra: Um frumkvæðið Menntakerfið okkar

Í þessu erindi er fjallað um niðurstöður rannsóknar á frumkvæði nokkurra ungmenna um stofnun félagsins Menntakerfið okkar og þær tillögur að breytingum á skólakerfinu sem félagið hefur staðið fyrir. Varpað er ljósi á tilurð, markmið og tilgang félagsins og hvaða áhrif það hefur á félagsmenn, viðkomandi skóla, á sveitarfélagið og stjórnkerfið. Byggt er á fyrirliggjandi upplýsingum um félagið, fjölmiðlaumfjöllun um aðgerðir þess og viðtölum við stjórnarmenn, skólastjórnendur og sviðsstjóra hjá Hafnarfjarðarbæ. Lögð er áhersla á að börn og ungmenni láti til sín taka og hafi áhrif á samfélagið sitt. Með því að hlusta á sjónarmið þeirra eykst skilningur fullorðinna á viðhorfum þeirra til daglegs lífs, hvað er þeim mikilvægt og gefur þeim merkingu. Áhrifamáttur frumkvæðis stjórnarinnar var greindur og skoðaður út frá rannsóknum á samfélagslegri virkni barna og ungmenna og birtingamyndum fullorðinshyggju. Helstu niðurstöður sýna að börn og ungmenni geta átt frumkvæði að breytingum með tillögum og aðgerðum og verið öðrum góð fyrirmynd í samfélagslegri virkni. Niðurstöður sýndu einnig tilhneigingu kennara til að vernda og leiðbeina þeim sem að frumkvæðinu stóðu. Frumkvæði stjórnar félagsins Menntakerfið okkar og tillögur hennar að breytingum á inntaki náms og kennslu var víða vel tekið, fjallað um þær í ýmsum fjölmiðlum og stjórnin kölluð til ráðgjafar af yfirvöldum sveitarfélaga og ríkis.

Anna Magnea Hreinsdóttir

Lykilorð: raddir ungmenna, fullorðinshyggja, samfélagsleg virkni.

### 1.43.4 "They should give support to the students!": Expressions of the Impact of School Closures among School-attending Bissau-Guinean Adolescents

In response to the Covid-19 pandemic, governments worldwide have been implementing strict restrictions on movement and gatherings since early 2020, leading to periodic school closures. In Guinea-Bissau, school closure was one of the first restrictions implemented to confront the pandemic. The study aimed to describe and analyse the impact of school closures on adolescents in the capital Bissau in times of the pandemic.

Snowball sampling was used to find participants living in five urban areas of Bissau in June 2020. Semi-structured, open-ended interviews were conducted with 24 adolescents aged 15-17 years, attending private and public schools. All interviews were conducted in Kriol recorded, transcribed, and analysed.

All participants expressed that they had not received any assistance from their schools during the ongoing lockdown. Some participants presented ideas on how the schools could assist them in continuing their education during the lockdown. Furthermore, many talked about being bored and having nothing to do. They missed their school colleagues and were concerned for their well-being. They were also worried about the future and that they would have to repeat the academic year.

Young people in Bissau have a clear notion of their existence and current situation affecting their prospects. Their voices need to be heard and acted upon to mitigate school closures' negative impact on adolescents in Guinea-Bissau as elsewhere.

Fatou N´dure Baboudóttir
Zeca Jandi
Bucar Indjai
Geir Gunnlaugsson

Lykilorð: sub-sahara, qualitative study, pandemic.

### 1.43.5 „Takk elsku besta blóm! Love you baby!" Íslensk-ensk málvíxl framhaldsskólanema á samfélagsmiðlum

Undanfarin misseri hefur verið áberandi umræða um vaxandi enskunotkun íslenskra ungmenna. Einn angi þessarar notkunar felst í svo kölluðum málvíxlum, þ.e.a.s. notkun orða, orðasambanda, setninga og jafnvel lengri segða á ensku þar sem íslenska er annars grunnmálið, en slík víxl eru gjarnan talin vera eitt helsta einkenni unglingamáls. Í erindi þessu verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á málvíxlum eins og þau birtast í málnotkun 92 framhaldsskólanema á samfélagsmiðlinum Facebook. Byggt er á greiningu á hlutverki málvíxlanna í stöðuuppfærslum og athugasemdum á Facebook-síðum ungmennanna og í einkasamtölum þeirra á milli á Messenger-forriti miðilsins. Helstu niðurstöður eru þær að ungmennin nota ensku helst þegar þau virðist vanta orð á íslensku, í upphrópunum, til áhersluauka, í leikrænum tilgangi og til að styrkja tengsl sín á milli. Má þannig halda því fram að málvíxlin þjóni skýrum félagslegum tilgangi í samskiptum þeirra, jafnvel þótt enskunotkunin sé heilt á litið afar lítil, eða aðeins 3,02% af heildarorðaforðanum. Um leið er ljóst að aðstæður ráða því mjög hvaða mál er notað; enska er sáralítið notuð þegar rætt er um efni á borð við skóla eða almennar frístundir en þegar talið berst að tölvuleikjum, sjónvarpsþáttum og tilteknum sérhæfðum viðfangsefnum eru málvíxl býsna áberandi.

Finnur Friðriksson
Ásgrímur Angantýsson

Lykilorð: málvíxl, samfélagsmiðlar, samskiptahlutverk málvíxla.

## 1.44 Sóttvarnaráðstafanir og fjármunaréttur

### 1.44.1 Bótareglur sóttvarnalaga

Í sóttvarnalögum nr. 19/1997 er fjallað um sjúkdóma og sjúkdómsvalda sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með sjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun, sem smitefni, örverur eða sníkjudýr valda og einnig alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar eiturefna og geislavirkra efna. Á grundvelli þessara laga hafa stjórnvöld gripið til ýmissa aðgerða til að bregðast við kórónaveirufaraldrinum. Í lögunum er bótaregla í 4. mgr. 15. gr. a. Samkvæmt ákvæðinu skal dæma bætur úr ríkissjóði hafi einstaklingur verið sviptur frelsi með stjórnvaldsákvörðun (svo sem þegar viðkomandi er settur í einangrun eða sóttkví), ef lögmælt skilyrði hefur brostið til slíkrar ákvörðunar og hún hefur staðið lengur en efni stóðu til eða staðið hefur verið að frelsissvipitingunni á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta. Að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Markmið erindisins er að gera grein fyrir bótareglu sóttvarnalaga, þ. á m. hvaða skilyrði standa til bótaábyrgðar og hvaða tjón skuli bætt eftir reglunni, og þær almennu reglur skaðabótaréttar sem hafa þýðingu við beitingu bótareglu sóttvarnalaga.

Tómas Hrafn Sveinsson

Lykilorð: sóttvarnaráðstafanir, fjármunaréttur, bótaréttur.

### 1.44.2 Tjón af völdum sóttvarnaaðgerða stjórnvalda og fjárhæð þess

Þær sóttvarnaaðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til í því skyni að stemma stigu við kórónaveirufaraldrinum hér á landi hafa óumdeildanlega haft efnahagsleg áhrif. Markmið þessa erindis er að varpa ljósi á hvenær slíkar aðgerðir geta valdið bótaskyldu, svo og hvernig fundin er fjárhæð tjóns af völdum slíkra aðgerða þegar bótaréttur er fyrir hendi. Í þessu skyni verður í fyrsta lagi fjallað um takmarkanir á stjórnarskrárvörðum eignarrétti og atvinnufrelsi, þ.á.m. hvernig stjórnarskrárákvæðin horfa við neyðarástandi. Í öðru lagi verður fjallað um hvort einstaklingar og lögaðilar kunni að eiga bótarétt annars vegar vegna þess tímabils þegar lítill hluti þjóðarinnar var bólusettur og hins vegar tímabilsins nú þegar stærstur hluti þjóðarinnar hefur verið bólusettur. Í þriðja lagi verður fjallað um fjárhæð bóta og sjónum þá meðal annars beint að útreikningi bóta í samkeppnis- og verktakamálum, þar sem borin er saman atburðarás þess sem varð og hins sem hefði getað orðið ef allt hefði verið með felldu.

Valgerður Sólnes

Lykilorð: sóttvarnaráðstafanir, fjármunaréttur, tjón.

### 1.44.3 Tímabundið brottfall efndaskyldu vegna hindrana er leiða af kórónaveirufaraldrinum: Réttaráhrif og uppgjör

Í erindinu verður fjallað um rannsókn á reglum kröfuréttar sem heimila tímabundna stöðvun efnda vegna hindrana á framkvæmd samnings, sem koma til eftir að samningur er gerður. Reglur kröfuréttar sem taka til efndahindrunar eru fjórar; reglan um force majeure, reglur um efndahindrun sem hluti af reglunni um stjórnunarábyrgð, reglan um brostnar forsendur og ógildingarregla (og hliðrunarregla) 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Fjallað verður um réttaráhrif slíkra efndahindrana. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að meta þurfi hvert tilvik sérstaklega. Í mörgum tilvikum getur samningsaðili, sem orðið hefur fyrir því að honum er ókleift að reka þá starfsemi sem hann hefur fjárfest í vegna afleiðinga sóttvarnaákvarðana stjórnvalda, haldið að sér höndum um réttar efndir meðan hin ófyrirséða hindrun kemur í veg fyrir að hann hafi möguleika til að efna skuldbindingar sínar. Þá verður fjallað um hvernig beita má 36. gr. samningalaga til þess að ákvarða hver sé sanngjörn skipting áhættunnar af því að óvænt og ófyrirséð atvik, eins og kórónaveirufaraldurinn, hafi gert samningsaðila ókleift, eða að minnsta kosti efnahagslega ómögulegt, að efna skyldur sínar.

Viðar Már Matthíasson

Lykilorð: sóttvarnaráðstafanir, fjármunaréttur, kröfuréttur.

### 1.44.4 Viðbrögð við inngripum í samninga af völdum kórónaveirufaraldurs

Samningaréttur og viðskiptalífið byggja á meginreglunum um skuldbindingargildi samninga og samningsfrelsið, en síðargreinda reglan felur í sér að menn eigi val um hvort þeir gangi til samninga, við hvern þeir semji

og að hverju efni samnings lýtur. Þriðju regluna má einnig nefna í þessu samhengi, meginreglu fjármunaréttar um tillitsskyldu samningsaðila, sem varðar skylduna til að stuðla að því að samningur verði efndur í samræmi við efni hans og að taka skuli tillit til og gæta trúnaðar við gagnaðila í samningssambandi. Allar stuðla reglurnar að nauðsynlegu réttaröryggi og skilvirkni í viðskiptalífinu. Stjórnvöld hafa gripið til sóttvarnaaðgerða til að bregðast við kórónaveirufaraldrinum og þær hafa óneitanlega raskað samningssambandi einstaklinga og lögaðila. Af meginreglunum um skuldbindingargildi samninga og samningsfrelsi leiðir að samningsaðili getur jafnan ekki vikið sér undan því að efna samningsskyldur sínar í samningssambandi milli jafnsettra aðila, þótt þær megi telja ósanngjarnar í hans garð. Ógildingarreglur samningaréttar eru mikilvægasta undantekningin frá meginreglunum. Við þær aðstæður sem ríkja í samfélaginu vaknar sú spurning hvort ógildingarreglur samningaréttar og aðrar reglur fjármunaréttar virki sem skyldi þegar bregðast þarf við kerfislægum vanda sem nú er uppi. Markmið erindisins er að svara því til og jafnframt velta upp hvort annarra viðbragða sé þörf t.d. af hálfu löggjafans.

Eyvindur G. Gunnarsson

Lykilorð: sóttvarnaráðstafanir, fjármunir, samningaréttur.

## 1.45 Stefna og samkeppnishæfni

### 1.45.1 Hvernig má bæta samkeppnishæfni gagnavera á Íslandi?

Gagnaversiðnaður er nýleg atvinnugrein á Íslandi sem gera má ráð fyrir að vaxi enn frekar á næstu árum samhliða fjórðu iðnbyltingunni og stafrænni umbreytingu. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka samkeppnishæfni gagnavera á Íslandi og kanna hvort gagnaversklasi sé til staðar. Samkeppnishæfni sýnir aðstæður til verðmætasköpunar og hagsældar og því er upplagt að skoða íslenskan gagnaversiðnað í því ljósi.

Í rannsókninni er gagnaversiðnaðurinn skoðaður út frá demantslíkani Porters, sem varpar ljósi á þau lykilatriði sem þurfa að vera til staðar fyrir gagnaversfyrirtæki til að ná alþjóðlegu samkeppnisforskoti, fimm krafta líkani Porters, sem skoðar samkeppni gagnaversfyrirtækja í víðara samhengi, og kenningum um klasa, kortlagningu þeirra og þróunarskeið en tilvist klasa getur eflt samkeppnishæfni fyrirtækja.

Rannsóknin er lýsandi raundæmisrannsókn þar sem eigindlegar rannsóknaraðferðir eru notaðar til að skoða viðfangsefnið. Viðtöl voru tekin við 15 sérfræðinga á þessu sviði og rannsókn gerð á fyrirliggjandi gögnum.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar á Íslandi er sterk þegar kemur að endurnýjanlegri og grænni raforku, loftslagi og öryggi. Staðsetning landsins og hæft starfsfólk skipta máli en hafa bæði kosti og galla. Gagnatengingar eru ófullnægjandi og verðlagning há, eftirspurn eftir raforku fer sívaxandi, innviðauppbyggingu er ábótavant og skortur á heildstæðri stefnu stjórnvalda hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfnina. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að vísir sé að gagnaversklasa.

Sigurlaug Björg Stefánsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

### 1.45.2 Næm augu, nördasmáatriði og verkefnastjórar sem sýningarstjórar: Upplifun starfsfólks tveggja menningarstofnana af stefnumótandi starfi í ljósi stefnu í reynd

Tilgangur þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á upplifun starfsfólks menningarstofnana á eigin aðkomu að stefnumótandi starfi sem og birtingarmynd sambands við haghafa. Í rannsókninni er stuðst við fræðilegan ramma stefnu í reynd (e. strategy as practice), habitus, skilningsmótunar (e. sensemaking) og félagsefniskenndar (e. sociomateriality). Fræðilegi ramminn mótaðist gegnum ferli ítrunar við lestur og úrvinnslu efnis tengdu stefnu í reynd. Gagnaöflun þessarar eigindlegu rannsóknar samanstendur af hálfstöðluðum viðtölum og fyrirliggjandi gögnum. Tekin voru viðtöl við níu starfsmenn tveggja menningarstofnana á höfuðborgarsvæðinu, Borgarbókasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Niðurstöður viðtala eru settar fram og bornar saman við fyrirliggjandi gögn. Rannsóknin sýnir fram á ólíka upplifun starfsfólks stofnananna tveggja hvað varðar aðkomu að stefnumótun. Þessa ólíku upplifun má meðal annars rekja til notkunar notendamiðaðrar hönnunar í stefnumótunarferli Borgarbókasafnsins, en einnig er litið til þess að tilgangur starfsemi stofnananna tveggja er ólíkur og krefst þar af leiðandi ólíkra þátta af iðkendum. Þessi ólíki tilgangur stofnananna birtist einnig í niðurstöðum um samband við haghafa, en þar komu helst fram samskipti við notendur stofnananna. Samband viðmælenda við haghafa einkenndist af leiðum til að koma til móts við þá með því að virkja þátttöku, efla aðgengi og hlusta á þarfir þeirra, sem stundum skilaði sér aftur inn í stefnumótandi starf. Einnig birtist samband viðmælenda við haghafa gegnum fjölbreyttar miðlunarleiðir í starfsemi beggja stofnana.

Bára Bjarnadóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

Lykilorð: upplifun starfsfólks, stefnumótandi starf, stefna í reynda.

### 1.45.3 Samhent virði sem vegvísir að samkeppnishæfni

Það er alkunna að sérhver starfsemi í samfélagi taki mið af aðstæðum til að ná árangri. Áskorunin er hvernig það er gert og hvaða upplýsingar og aðferðir liggi þar að baki. Nálgunin hér er af sviði stefnu og samkeppnishæfni og er skilgreind sem samhent virði (e. shared value). Leitartilgátan sem hér er kynnt er sú að samhent virði megi sjá sem vegvísi að samkeppnishæfni.

Með hugtakinu virði er settur fókus á þá verðmætasköpun og virðisauka sem leitast er við að ná fram í tilteknu samfélagi á hverjum tíma. Með hugtakinu samhent er byggt á því að margir hafa hag af þeirri verðmætasköpun sem unnið er að og vísað til þess að sköpun verðmæta sé í raun gagnvirkt og samverkandi ferli þvert á fyrirtæki, atvinnugreinar og geira samfélagsins. Samhent virði er þar með sá árangur sem næst af hinni samverkandi og samhentu verðmætasköpun aðilanna sem virkir eru í hverju tilviki í samfélaginu.

Til að ná árangri verða fyrirtæki og aðilar að nýta vel auðlindirnar sem eru til ráðstöfunar til að veita góða þjónustu og skila ávinningi til viðskiptavina og hagsmunaaðila. Rannsóknarspurningin í þessu verkefni er því

hvernig samhent virði geti verið mikilvægur vegvísir þeim aðilum sem í hlut eiga og leitast við að ná og halda sem mestri samkeppnishæfni.

Runólfur Smári Steinþórsson

Lykilorð: samhent virði, stefna, samkeppnishæfni.

### 1.45.4 Uppbygging og þróun klasasamstarfs er mikil áskorun

Klasi vísar til landfræðilegrar þyrpingar tengdra fyrirtækja og annarra skipulagsheilda sem eiga í margvíslegum gagnvirkum samskiptum á tilteknu sviði. Innan klasa ríkir bæði samkeppni og samstarf milli aðila sem hvetur til nýsköpunar og framfara; um leið og stutt er við verðmætasköpun atvinnugreinarinnar. Klasaframtak er formgert klasasamstarf sem skipulagt er með það að markmiði að þróa og efla klasasamstarf og auka þannig samkeppnishæfni klasa. Líftækni er vísindamiðuð atvinnugrein sem hefur þróað fjölbreytt úrval af nýstárlegum afurðum sem eru bæði umhverfisvænar og sjálfbærar. Þó að líftækniiðnaðurinn sé talinn mikilvægt stoð fyrir hagvöxt og hagsæld komandi ára, þá hafa fræðimenn velt því fyrir sér hvort iðnaðurinn sé nógu fær um að samþætta fjölbreytt starfsvið vísinda, tækni og viðskipta. Þar sem framleiðsla á líftækniafurðum byggir oftast á hátæknilegri yfirfærslu vísindalegrar þekkingar yfir í markaðsafurðir. OECD hefur hvatt ríkisstjórnir og leiðandi fyrirtæki að þróa stefnumörkun sem tekur á þeim áskorunum sem líftæknifyrirtæki standa frammi fyrir. Dæmi um slíka stefnumörkun er klasastefna sem ætlað er að stuðla að eflingu klasasamstarfs og stofnun klasaframtaks. Þannig væri hægt að skapa vettvang sem sameinar alla lykil hagsmunaaðila hlúa að þróun líftækni og samkeppnishæfni greinarinnar á Íslandi. Uppbygging og þróun klasasamstarfs á sviðum tengdum líftækni hefur reynst vera mikil áskorun hérlendis. Í erindinu verður fjallað um þær þrjár tilraunir sem hafa verið gerðar og áskoranir þeim tengdum.

Hulda Guðmunda Óskarsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

Lykilorð: klasi, klasaframtak, líftækniiðnaður.

## 1.46 Sustainability and Business

### 1.46.1 A sustainable business perspective on the drivers and barriers for the adoption of new technologies – the case of hydrogen fuel cells

The transition towards zero-emission transport systems is driven by clear environmental commitments. However, sometimes new technologies face barriers to enter the market and become cost-competitive. To understand these barriers, companies in the energy and transport sectors have begun to develop, test, and adopt new technologies. This is the case of hydrogen fuel cells which are currently being tested for transportation applications. While the drivers for hydrogen fuel cells as a zero-emission technology have been covered by the literature, the specific barriers for their adoption for the maritime sector seem to be missing. Therefore, the objective of this presentation is to share the preliminary findings of a research project that has identified the drivers and barriers for the adoption of hydrogen fuel cells for Nordic shipping. The findings suggest that: 1) the drivers go beyond environmental commitments and point out to additional motivations such as branding and reputation, the anticipation of upcoming regulations, social license to operate, and strategic business decisions; 2) the barriers include economic, regulatory, social, and technical aspects such as the high cost of production, the lack of regulations, the negative social perception of hydrogen, and safety concerns for the storage of hydrogen onboard vessels. The findings provide a broader perspective on the drivers and barriers for the adoption of hydrogen fuel cells from a sustainable business perspective, aspects that are crucial for the market inclusion of zero-emission technologies.

Mauricio Latapí

Lykilorð: hydrogen fuel cells, sustainable business, technology innovation.

### 1.46.2 Er hringrásarhugsun í mannvirkjagerð lykillinn að því að Ísland nái settum loftslagsmarkmiðum?

Hingað til hefur þáttur byggingariðnaðarins í loftslagsbókhaldi Íslands verið vanmetinn og lítið til umræðu. Eins og staðan er í dag þá er byggingariðnaðurinn að mestu byggður á línulegu hagkerfi, þ.e.a.s. byggingarvörur eru framleiddar, notaðar og svo að lokum er þeim fargað. Það er þessi línuleiki byggingahagkerfisins sem veldur því að byggingariðnaðurinn á heimsvísu er ábyrgur fyrir u.þ.b. 40% af hráefna- og auðlindanotkun, 40% af kolefnislosun og yfir 40% af manngerðum úrgangi. Það er mikilvægt að skoða og þróa aðferðir til þess að færa Íslenskan byggingariðnað yfir í lokaða hringrás. Helstu sérfræðingar heims í þessum málefnum (eins og Ellen MacArthur Foundation) áætla að það sé hægt að minnka kolefnislosun frá byggingariðnaði um allt að 38% með innleiðingu hringrásarhugsunar. Í erindinu verður farið yfir virðiskeðju íslenska byggingariðnaðarins og staðan kortlögð eins og hún er í dag. Það eru margir hagaðilar í virðiskeðjunni (t.d. hönnuðir, verktakar, eigendur) og allir verða að taka þátt til þess að hægt sé að færa byggingariðnaðinn úr línulegu- yfir í hringrásarhagkerfi. Helstu möguleikar á breytingum verða rýndir og hlutverk hvers hagaðila verður útskýrt. Byggingariðnaðurinn hefur lykil hlutverki að gegna í því að tryggja sjálfbærni komandi kynslóða.

Sigríður Ósk Bjarnadóttir

Lykilorð: hringrásarhagkerfi, loftslag, sjálfbærni.

### 1.46.3 Græn skuldabréf – reynsla og horfur

Ákvarðanir um fjárfestingar taka ekki einungis mið af væntri ávöxtun og áhættu. Á undanförnum árum hafa fjárfestar í auknum mæli einnig horft til umhverfisáhrifa, samfélagslegra þátta og stjórnarhátta hjá útgefendum – með svokallaðri ESG fjárfestingarstefnu. Í þessu samhengi eru græn skuldabréf í síauknum mæli vinsæll fjárfestingarkostur, en það eru skuldabréf sem ætluð eru til fjármögnunar verkefna sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið, t.d. með minni losun gróðurhúsalofttegunda eða mótvægisaðgerðum vegna loftslags¬breytinga.

Alþjóðlegur samanburðar leiðir hins vegar í ljós að lítill munur er á ávöxtunarkröfu grænna og annarra skuldabréfa, að öðru óbreyttu, öfugt sem ætla mætti miðað við mikinn áhuga fjárfesta. Hér er fjallað um nýja rannsókn á innlendum skuldabréfamarkaði þar sem niðurstaðan er sambærileg. Álag á verð grænna skuldabréfa (eða afsláttur af ávöxtunarkröfu) mælist mjög lágt á eftirmarkaði með íslensk skuldabréf og er í fæstum tilvikum marktækt.

Að teknu tilliti til þess að útgáfa grænna skuldabréfa er almennt kostnaðarsamri en almenn skuldabréfaútgáfa eru því horfur um framtíðarútgáfur tvísýnar. Vísbendingar eru um að fyrirtæki geti notið ávinnings af grænum útgáfum því þær geta skilað sér í hærra verði hlutabréfa. Ef slík áhrif eru almenn má reikna með

fjölgun útgefenda á grænum skuldabréfum jafnvel þó að umfang útgáfu einstakra aðila gæti verið takmarkað.

Jón Þór Sturluson

Lykilorð: skuldabréf, ávöxtunarkrafa, umhverfismál.

## 1.47 Teymisvinna, helgun í starfi, samskiptaþátturinn og stjórnun fjölbreytileika

### 1.47.1 Kynbundinn launamunur: Áhrif og afleiðingar formlegra aðgerða

Krafan um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf hefur lengi ríkt á íslenskum vinnumarkaði. Ein af fyrstu vísbendingum þess efnis var krafan um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði í byrjun 19. aldar sem síðar var lögfest með fyrstu jafnréttislöggjöfinni árið 1976. Þó mikill árangur hafi náðst í jafnréttisbaráttunni á Íslandi mælist enn munur á launum kynjanna. Ýmsir þættir skýra þennan launamun, t.d. vinnutími og starfsaldur en þrátt fyrir það mælist enn munur sem eingöngu er hægt að skýra út frá kyni, þ.e. kynbundinn launamunur. Reglulegar breytingar hafa verið gerðar á jafnréttislöggjöfinni, nú síðast þegar jafnlaunavottun var lögfest árið 2018 og síðar, jafnlaunastaðfesting árið 2020. Launaákvarðanir og málsmeðferð launamála skulu nú byggja á málefnanlegum sjónarmiðum án þess að fela í sér kynbundna mismunun. Þar með er stofnunum og fyrirtækjum með 25 starfsmenn eða fleiri skylt að innleiða jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012. Með innleiðingu staðalsins skal jafnframt tryggt að jafnlaunakerfi skipulagsheilda og framkvæmd þessi uppfylli framsettar kröfur. Í erindinu verður fjallað um fyrirhugað doktorsverkefni höfundar en markmið þess er m.a. að auka þekkingu á þeim formlegum aðgerðum, þ.e. jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu, sem ætlað er að draga úr og jafna / eyða kynbundnum launamun, áhrifum þeirra og hugsanlegum afleiðingum. Farið verður yfir stöðu þekkingar og hvert ætlað framlag rannsóknarinnar er til þessa málaflokks.

Gerða Björg Hafsteinsdóttir

### 1.47.2 Sjónarmið vinnuveitenda á ráðningu fatlaðs starfsfólks: skipta stuðningsúrræði og stjórnun fjölbreytileika máli?

Hlutfall starfandi fólks er verulega lægra hjá fötluðum einstaklingum á íslenskum vinnumarkaði samanborið við ófatlað fólk, þrátt fyrir stuðningsúrræði og aukna þekkingu á sviði stjórnunar fjölbreytileika. Erlendar rannsóknir benda til þess að vinnuveitendur séu ólíklegri til þess að ráða einstakling ef viðkomandi skilgreinir sig sem fatlaðan og að vinnuveitendur túlki stuðningsúrræði með mismunandi hætti. Engin tölfræðileg þekking er til um áhrifaþætti varðandi ráðningu fatlaðs fólks hér á landi og því var framkvæmd rannsókn með það að markmiði að greina áhrif fötlunar, stuðningsúrræða á borð við atvinnu með stuðningi, og stjórnunar fjölbreytileika með jafnréttisáætlun á ráðningaráform íslenskra vinnuveitenda. Áhersla var lögð á ráðningu einstaklinga með hreyfihömlun sérstaklega. Aðferðafræði rannsóknarinnar hermir eftir danskri sviðsmyndarannsókn (e. vignette study) frá 2019 sem var aðlöguð með tilliti til aðstæðna á íslenskum vinnumarkaði. Spurningalisti var sendur á vinnustaði í handahófsúrtaki sem samanstóð af 1.609 vinnustöðum opinberra og einkafyrirtækja með fimm eða fleiri starfsmenn. Svarhlutfallið var 35 prósent. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd gagnaöflunar. Niðurstöður benda til þess að fötlun hafi neikvæð áhrif á ráðningaráform vinnuveitenda. Vinnusamningur öryrkja (sem kemur til móts við launakostnað vegna fatlaðs starfsfólks) hefur ekki áhrif, á meðan meðmæli frá atvinnu með stuðningi dregur jafnvel úr ráðningaráformum vinnuveitenda. Tilvist jafnréttisáætlunar innan vinnustaðarins kemur heldur ekki í veg fyrir áhrif fötlunar á ráðningaráform vinnuveitenda.

Stefan C. Hardonk

Lykilorð: vinnuveitendur, fatlað starfsfólk, ráðningaráform.

### 1.47.3 Áformuð og virk hlustun stjórnandans og helgun starfsfólks í starfi

Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi samskiptafærni stjórnenda, ekki síst með tilliti til sálfélagslegs stuðnings (e. social support) við starfsfólk. Áformuð og virk hlustun næsta yfirmanns er mikilvægur þáttur samskipta stjórnenda við starfsfólk. Tengsl virkrar hlustunar stjórnandans við helgun starfsfólks í starfi (e. work engagement) hefur lítt eða ekki verið rannsóknarefni fræðimanna hingað til. Markmið rannsóknarinnar er að kanna tengsl upplifunar af áformaðri, virkri hlustun næsta yfirmanns við þrjár víddir helgunar í starfi, þ.e. orku og þrautsegju (e. virgor), vinnuáhugahvötina og viljan til að leggja sig fram (e. dedication) og loks einbeitingu (e. absorption). Rannsóknin er megindleg spurningakönnun. 548 svör þeirra sem luku við að svara spurningum rannsóknarinnar voru greind í SPSS. Spurningar byggðu á tveimur mælitækjum (scales); UWES og AELS.

Niðurstöður sýna jákvæð og mikilvæg tengsl á milli upplifunar svarenda af virkri hlustun næsta yfirmanns og helgunar þeirra í starfi. Þó eru tengslin mismunandi eftir því um hverja hinna þriggja vídda helgunar í starfi er að ræða. Þar sem helgun starfsfólks í starfi er afar þýðinarmikil fyrir vinnustaðinn má álykta út frá niðurstöðum að leggja beri áherslu á að þjálfa yfirmenn í virkri hlustun og hvetja þá að auki, með skýrum viðmiðum og leiðbeiningum, til sálfélagslegs stuðnings við starfsfólk sitt.

Inga Jóna Jónsdóttir

Lykilorð: virk hlustun, helgun í starfi, starf stjórnandans.

### 1.47.4 „Hér vinna bara náttúrubörn". Upplifun og reynsla af teymisvinnu hjá Umhverfisstofnun

Rannsóknin fjallar um viðhorf, reynslu og líðan teymisstjóra og aðila í teymum umhverfisstofnunar (UST) af teymisvinnu. Markmiðið með rannsókninni er að skapa skilning á framkvæmd teymisvinnu sem nýst getur í umbótastarfi. Rannsóknaraðferð eigindlegra rannsókna var beitt og var gagna aflað með átta viðtölum við þátttakendur teyma UST, fjórum viðtölum við teymisstjóra og fjórum við aðra aðila innan teymanna.

Þróun teymisvinnu hjá UST má rekja allt aftur til ársins 2008 en þá hófst markviss stefnumótun í átt að formlegu teymisfyrirkomulagi. Skipurit UST er frábrugðið hefðbundnum skipuritum stofnana á Íslandi og sýnir vel uppbyggingu teymisfyrirkomulagsins.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að upplifun og líðan teymisstjóra og aðila í teymum UST sé almennt góð og teymisfyrirkomulagið henti þeim verkefnum sem stofnunin sinnir. Sömuleiðis gefa niðurstöður til kynna að teymisvinnufyrirkomulagið hafi aukið samstarf og samvinnu, skapað aðstæður sem styrkt hafa félagsleg tengsl á milli aðila og aukið traust þeirra í milli. Vísbendingar eru þó um að þeir aðilar teyma sem ekki starfa í Reykjavík upplifi sig að hluta til einangraða og virðast þeir standa frammi fyrir fleiri áskorunum en aðrir starfsmenn. Þá benda niðurstöður til að mikið álag sé á mörgum starfsmönnum UST, sérstaklega teymisstjórum.

Ásdís Kristmundsdóttir
Inga Jóna Jónsdóttir

Lykilorð: teymisvinna, samskipti.

## 1.48 The conversation is the relationship: Um aðgengi, gæði og réttmæti upplýsinga

### 1.48.1 Kröfur jafnlaunastaðals um skjalfestingu: Júmbóþota í staðinn fyrir flugdreka?

Ísland er fyrsta þjóðin til að lögfesta jafnlaunastaðal til að koma á og viðhalda launajafnrétti á vinnustað. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig skipulagsheildir sem hlotið höfðu jafnlaunavottun hefðu staðið að innleiðingu jafnlaunakerfis. Tilgangurinn var að varpa ljósi á hvaða þættir reyndust styðja við innleiðingarferlið og hverjar væru helstu hindranir. Þá var kannað hvernig skipulagsheildum gekk að mæta auknum kröfum um skjalastjórn samhliða innleiðingu.

Rannsóknin byggist á eigindlegri aðferðafræði. Tekin voru tíu hálfstöðluð viðtöl. Þá var höfð til samanburðar textagreining á kröfum jafnlaunastaðals til skjalfestingar og erindum í 437. þingmáli um lögfestingu jafnlaunakerfis frá 146. löggjafarþingi.

Niðurstöður benda til þess að innleiðing jafnlaunastaðals hafi styrkt annað gæðastarf og öfugt. Þannig virtust skipulagheildir sem þegar höfðu innleitt gæðastaðla og/eða unnu skilvirkt að skjalastjórn hafa forskot á aðrar. Styrkur þeirra fólst í sérþekkingu starfsfólks á sviði mannauðsmála, gæðamála og skjalamála. Með innleiðingu jafnlaunakerfis komust á agaðri vinnubrögð, aukið gagnsæi í launasetningu og skjalastjórn jókst. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að helstu hindranir við innleiðingu voru tímaskortur og aukið vinnuálag. Starfaflokkun reyndist að auki tímafrek. Þá komu fram gagnrýnisraddir sem beindust að lögleiðingu jafnlaunastaðals almennt sem og að eftirlitsaðilum sem skorti fjármagn og mannafla til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Ragna Kemp Haraldsdóttir
Guðbjörg Ingunn Óskarsdóttir

Lykilorð: jafnlaunastaðall, upplýsinga- og skjalastjórn, gæðastjórnun.

### 1.48.2 Skipulögð framsetning og gott aðgengi að upplýsingum styrkir tengsl kennara og nemenda í fjarnámi. Jákvæð áhrif á námsárangur og ánægja með námið

Inngangur: Í fjarnámi þar sem nemendur telja oft tengsl við kennara takmörkuð eru stafræn samskipti, gott skipulag og aðgengi að upplýsingum lykilatriði. Samkvæmt rannsóknum hefur upplifun nemenda af nægilegum tengslum við kennara jákvæð áhrif á áhugahvöt þeirra. Þessi rannsókn skoðar hvaða þættir í stóru fjarkennslunámskeiði (HÍ) hafa áhrif á upplifun nemenda af tengslum og umhyggju kennara. Aðferð: Rafrænn spurningalisti var sendur til nemenda (182) með spurningum um tengsl við kennarann. Gildur kvarði var notaður til að mæla upplifun nemenda m.a. af afstöðu kennarans til námsgengis þeirra (umhyggja). Notaður var sex þrepa Likert kvarði frá mjög ósammála (1) ... til mjög sammála (6). Tekin voru þrjú rýnihópaviðtöl (10)til að dýpka niðurstöður. Niðurstöður: Þátttakendur í netkönnuninni voru 82(45%). Tæplega 80% töldu að þeir hefðu náð góðum tengslum og upplifað umhyggju kennarans. Þátttakendur rýnihópa útskýrðu að þeim hefði fundist þeir kynnast kennaranum í gegnum kynningarmyndbandið, PPT kennslumyndböndin (í mynd), og vikuleg myndbönd þar sem spurningum nemenda var svarað, og upplifað umhyggju í gegnum frábært skipulag sem bæri vott um að kennaranum væri ekki sama hvernig þeim gengi. Ályktun: Vingjarnlegur kennari, gott skipulag og skýr framsetning á upplýsingum hefur jákvæð áhrif. Nemendur upplifa tengsl og umhyggju sem eykur líkur á ánægju og góðum námsárangri.

Ásta Bryndís Schram
Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Lykilorð: fjarnám, tengsl, skipulag.

### 1.48.3 Tungumálahindranir í samskiptum innan heilbrigðiskerfisins: Niðurstöður upplýsingaleitar um notkun stafrænna samskiptatækja

Meginforsendur góðrar heilbrigðisþjónustu eru árangursrík og örugg samskipti og upplýsingamiðlun. Með auknum fjölda einstaklinga á Íslandi sem ekki skilja íslensku er þörf á fjölþættari úrræðum en hefðbundinni túlkaþjónustu. Markmið verkefnisins var að kanna hvaða stafrænu lausnir eru til sem auðvelda samskipti heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga sem ekki tala sama tungumál með sérstaka áherslu á áreiðanleika þeirra og öryggi. Gerð var kerfisbundin fræðileg leit í heilbrigðisgagnagrunnunum PubMed og Cinahl, upplýsingaleit á vefnum og tekin viðtöl við erlenda og innlenda fagaðila. Gagnagreiningu er ólokið. Sex erlendum rannsóknum (2018-2021) ber saman um að notkun stafrænna samskiptatækja getur auðveldað samskipti og bætt upplifun notenda, aukið öryggi starfsfólks og sparað tíma. Hins vegar hentar ný tækni ekki öllum notendum og samskiptatækin

koma ekki alfarið í stað túlka. Í nágrannalöndunum er verið að prófa notkun samskiptatækja á sjúkrahúsum sem byggja á leiðréttum þýðingum (e. fixed translations), þ.e. búið er að taka vélþýddan texta og yfirfara hann til að tryggja áreiðanleika. Notkun slíkra samskiptatækja lofar góðu en þörf er á frekari rannsóknum.

Á Íslandi er til samskiptatæki sem notað er í grunnskólum en engin samskiptatæki fundust í notkun innan heilbrigðiskerfisins.

Áreiðanleiki er enn áskorun þegar kemur að vélþýðingum en er lykilatriði í öryggi samskipta heilbrigðisstarfsmanna og sjúklinga/aðstandenda. Því er gagnlegt að nota tæknilausnir með leiðréttum þýðingum til að greiða aðgengi sjúklinga að upplýsingum.

Tinna Guðjónsdóttir
Brynja Ingadóttir

Lykilorð: upplýsingamiðlun, heilbrigðisþjónusta, tungumálahindranir.

## 1.49 Upplýsingafræði í almannahag og opin vísindi — Þekking til framtíðar

### 1.49.1 Gagnaþjónustan GAGNÍS: Opin vísindagögn í þágu þekkingar, sköpunar og almannahagsmuna

Gagnaþjónusta félagsvísinda á Íslandi (GAGNÍS) var stofnuð í árslok 2018 og tekur við rannsóknagögnum, hýsir þau og veitir aðgang að þeim í samræmi við alþjóðlega viðurkennd viðmið. Opin gögn sem eru aðgengileg og auðnýtanleg eru grunnur að framþróun rannsókna og þekkingu á samfélaginu. Ekki síst eru þau forsenda fyrir grundaðri samfélagslegri stefnumótun og ákvarðanatöku. Gögn sem hýst eru hjá GAGNÍS munu nýtast fræðafólki innan og utan Háskóla Íslands, í rannsóknum á sviði félags- og menntavísinda og á öðrum sviðum. Greint verður frá uppbyggingu og starfsemi GAGNÍS sem tekur mið af alþjóðlegum FAIR viðmiðum um umsýslu vísindagagna (FAIR Guiding Principles for Scientific Data Management). Viðmiðin leggja áherslu á að rannsóknagögn sem safnað er fyrir almannafé séu aðgengileg öllum til lengri tíma og að ekki aðeins fólk geti fundið og skilið gögnin heldur einnig vélar (e. machine learning). Gefið verður yfirlit yfir þau gagnasöfn sem þegar eru í opnum aðgangi hjá GAGNÍS og söfn sem eru væntanleg í gagnagrunninn.

Örnólfur Thorlacius
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

Lykilorð: gagnaþjónusta, opin vísindi.

### 1.49.2 Hindranir varðandi heilbrigðisupplýsingar — Upplifun fólks sem er 18 ára og eldra

Fjallað verður um könnun þar sem markmiðið var að skoða hvernig fólk upplifir hindranir varðandi heilbrigðisupplýsingar. Með því að bera kennsl á hindranir sem fólk upplifir leitast rannsóknin við að stuðla að aukinni þekkingu um hvernig efla megi möguleika fólks til að afla sér fræðslu um heilsusamlegt líferni. Svara verður leitað við eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hvaða hindranir upplifa mismunandi hópar Íslendinga varðandi aðgang og notkun á heilbrigðisupplýsingum. Notaðar voru megindlegar aðferðir, gagna var aflað frá 1.800 manna tilviljunarúrtaki fólks 18 ára og eldri í janúar 2019. Svarhlutfall var 39%. Auk bakgrunnsspurninga um menntun, kyn og aldur, samanstóð mælitækið af alls 15 spurningum, í formi fullyrðinga. Þrjár vísa til hindrana sem fólk stendur frammi fyrir varðandi þær kringumstæður sem það býr við, til skoðana um framboð upplýsinga og fimm til getu til að velja og túlka upplýsingar, tvær vísa til möguleika til að nota upplýsinga- og samskiptatækni. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að þátttakendur upplifi hindranir í tengslum við heilbrigðisupplýsingar. Rúmlega helmingur þátttakenda í öllum samfélagshópum var sammála um að sex af fullyrðingunum lýsi hindrunum og rúmlega 40% voru sammála þremur fullyrðingum til viðbótar. Rúmlega 60% töldu þrjár fullyrðingar ekki lýsa hindrunum. Í erindinu verða niðurstöður kynntar og áhersla lögð á greiningu eftir menntun, kyni og aldri þátttakenda.

Ágústa Pálsdóttir

Lykilorð: upplýsingalæsi, hindranir, heilsuupplýsingar.

### 1.49.3 Upplýsingafræðingurinn sem fagaðili og hugmyndir um breytingar í starfsemi almenningsbókasafna — Alþjóðlegur samanburður

Mikil gróska hefur verið víða erlendis í starfsemi almenningsbókasafna sem tengist breyttum hugmyndum um bókasöfnin sem almenningsrými og þjónustu þeirra við almenning. Í erindinu verður fjallað um alþjóðlega rannsókn á starfsemi almenningsbókasafna. Auk Íslands tóku þátt Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Þýskaland, Pólland og Ungverjaland. Markmiðið er að fá innsýn í hugmyndir upplýsingafræðinga um það hvernig starfsemi almenningsbókasafna hefur þróast og hvernig þeir skilgreina sitt hlutverk við að styðja við uppbyggingu almenningsrýma. Tilgangurinn er að athuga að hversu miklu leyti viðhorf þátttakenda endurspegla annars vegar sameiginlega sýn þeirra á hlutverk almenningsbókasafna sem og sitt eigið hlutverk sem fagaðilar og hins vegar hvernig þau endurspegla mun sem skýra má með mismunandi aðstæðum milli landa og menningarlegu samhengi. Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum: 1) Hvernig réttlæta upplýsingafræðingar notkun opinberra fjárveitinga til að halda uppi þjónustu almenningsbókasafna? 2) Hvernig líta upplýsingafræðingar á hlutverk almenningsbókasafna sem almenningsrými? 3) Hvaða aðrar starfsstéttir tengja upplýsingafræðingar við verkefnin sem þeir sinna í daglegu starfi? Rannsóknin er megindleg og var gagna aflað með því að senda könnunina í tölvupósti til starfsmanna almenningsbókasafna haustið 2018. Í erindinu verður athygli beint að viðhorfi starfsmanna á almenningsbókasöfn sem opinber rými, sem og nálgun þeirra á stafræna og félagslega þætti í starfseminni. Áhersla verður lögð á að setja íslenskar niðurstöður í samhengi við niðurstöður annarra

þátttökulanda.

Jamie Johnston
Ágústa Pálsdóttir

Lykilorð: almenningsbókasöfn, stafrænir þættir, félagslegir þættir.

### 1.49.4 Í sérhverjum degi býr tækifæri til nýrrar reynslu: Reynsla sænskra upplýsingafræðinga af þróun gagnaþjónustu

Rannsóknarmenning háskóla um allan heim er að breytast í opnum vísindum sem koma með félagslegar, menningarlegar og tæknilegar breytingar á framkvæmd rannsókna. Stefnur um opin gögn gera kröfur um að rannsóknargögn eiga að var aðgengileg á netinu, ókeypis og endurnýtanleg. Rannsakendur hafa þörf fyrir gagnaþjónustu til að skipuleggja, geyma, varðveita og deila rannsóknargögnum í gegnum allt rannsóknarferlið frá byrjun til enda. Háskólabókasöfn hafa þekkingu og færni til að þróa gagnaþjónustu í samstarfi við aðra aðila innan háskólanna. Í erindinu verður fallað um rannsókn sem miðaði að því að afla þekkingar um hvernig gagnaþjónustu háskólabókasöfn hafa þróað og eru að bjóða rannsakendum í Svíþjóð. Einnig var reynt að öðlast skilning á reynslu sænskra upplýsingafræðinga við að takast á við breytta menningu við stjórnun rannsóknargagna og skoða hvaða þættir styrkja þetta ferli. Staða stjórnunar rannsóknargagna á Íslandi var einnig skoðuð. Notaðar voru eigindlegar rannsóknaraðferðir og tekin viðtöl þar sem þátttakendur voru fimm sænskir upplýsingafræðingar sem vinna við gagnaþjónustu í Svíþjóð og þrjá aðila úr íslensku háskólasamfélagi með reynslu af stjórnun rannsóknargagna. Nálgun grundaðrar kenningar í anda Kathy Charmaz var notuð til að rýna í ferlin sem hafa áhrif á rannsóknarmenninguna og hvernig gagnaþjónusta er þróuð. Í erindinu verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar.

Pia S. Viinikka
Ágústa Pálsdóttir

Lykilorð: gagnaþjónusta, háskólabókasöfn.

## 1.50 Úr ýmsum áttum I: Samfélag, sjálfbærni, nýsköpun og þátttaka

### 1.50.1 Fyrirtækið og hlutverk þess og ákvörðunartaka

Þetta erindi varðar spurninguna: Hvert er eiginlegt hlutverk fyrirtækis? Þessari spurningu er hægt að skipta í tvær undirspurningar. Í fyrsta lagi, hvers krefjast lögin af stjórn eða stjórnendum fyrirtækis? Annað er, hvað eiga stjórnendur að gera? Til að svara fyrri undirspurningunni er lögfræði- og viðskiptafræðilega tilvist fyrirtækisins skoðuð. Til að svara seinni spurningunni er velt upp kenningum um fyrirkomulag ákvarðanatöku innan fyrirtækja og umboð til ákvarðanatöku. Þegar misbrestur á sér stað varðandi að ákvörðunartaka stjórnenda fylgi hlutverki fyrirtækja er viðskiptafræðilega sagt að sú ákvörðunartaka sé byggð á umboðsvanda. Dæmi um mögulegan umboðsvanda í ákvarðanatöku stjórnenda fyrirtækja eru ákvarðanir stjórnenda um aðgerðir að hálfu fyrirtækis er t.d. varða samfélagslega ábyrgð, umhverfismál, félagslegt réttlæti etc.

Hægt er að flokka viðskiptafræðilegar kenningar sem leitast til að svara þessum tveimur undirspurningum sem þannig veita svar við spurningunni í tvo flokka, þröngt hlutverk fyrirtæksins og vítt hlutverk fyrirtæksins. Reifaðar verða nokkrar af þeim helstu kenningum og mátaðar við upphafsspurninguna: Hvert er eiginlegt hlutverk fyrirtækis?

Ársæll Valfells

Lykilorð: fyrirtækið, samfélagsleg ábyrgð, viðskiptafræði.

### 1.50.2 Kirkja sem hlustar: Jarðvegur nýsköpunar í safnaðarstarfi

Markmið rannsóknarinnar er að kanna aðstæður nýsköpunar innan safnaða þjóðkirkjunnar en nýsköpun er forsenda framþróunar í heimi örra breytinga. Er þetta fyrsta rannsóknin sem tekur á þessum þáttum. Unnið var á sviði nýsköpunarfræða, það er hönnunarhugsun (e. design thinking) og nýsköpunaraðferðar (innovators method) og guðfræði, sem sneri að grunni þjóðkirkjunnar og sálgæslu þar sem reynir á virka hlustun. Snertiflötur nýsköpunar og guðfræði er hugtakið hluttekning (e. empathy): að geta séð heiminn með augum annarra. Gerð var megindleg og eigindleg rannsókn. Sendur var spurningalisti til presta og formanna sóknarnefnda í Kjalarnessprófastsdæmi (62% svarhlutfall). Þátttakendur tóku afstöðu til fullyrðinga um nýsköpun og tilgreindu dæmi. Við eigindlega rannsókn var myndaður rýnihópur þar sem sátu þrír prestar og þrír sóknarnefndarformenn. Kynjaskipting var jöfn. Stuðst var við aðferð fyrirbærafræðinnar þar sem byggt er á reynslu og upplifun einstaklinga. Fræðilegt sjónarhorn beindist að því hvernig hluttekning endurspeglast við nýsköpun á þjónustusvæðum þátttakenda. Niðurstöður megindlegrar rannsóknar gefa vísbendingu um vitund þátttakenda fyrir mikilvægi gagnvirkra samskipta við markhópa þegar kemur að nýsköpun. Niðurstöður eigindlegrar rannsóknar eru að þátttakendur hafa köllun og tilgang sem hvetur til nýsköpunar. En þörf er á skilvirkari vinnubrögðum. Breyta þarf skipulagi þjóðkirkjunnar svo sjálfstæðar einingar njóti stuðnings frá miðlægri yfirstjórn. Hluttekningu þarf að byggja upp með markvissum hætti í anda þess sem nýsköpunarfræðin kenna.

Skúli S. Ólafsson

Lykilorð: nýsköpun, hluttekning, guðfræði.

### 1.50.3 Reynsla foreldra af erlendum uppruna sem starfa í sjávarútvegi af því að eiga barn í grunnskóla á Íslandi

Í þessari meistararitgerð var leitast við að varpa ljósi á reynslu foreldra af erlendum uppruna af því að eiga börn í grunnskóla á Íslandi. Sérstaklega var einblínt á foreldra sem starfa í sjávarútvegi á landsbyggðinni en þeir starfa margir hverjir á vinnustöðum þar sem hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna er hátt og glíma þar með við ýmsar áskoranir eins og færri tækifæri til að nota íslenskt tungumál í daglegu tali. Skoðuð var sýn og upplifun þessa foreldrahóps af skólastarfinu, náminu, samskiptum við starfsfólk skóla og framtíðarvæntingar tengdar skólagöngu barnanna.

Rannsókninni er ætlað að svara eftirfarandi spurningu: Hver er reynsla foreldra af erlendum uppruna af því að eiga barn í grunnskóla á Íslandi? Í ritgerðinni var fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði bæði hérlendis og erlendis, lagalegan grundvöll og opinberar stefnur stjórnvalda.

Rannsóknin byggðist á eigindlegum viðtölum. Tekin voru ellefu hálfstöðluð viðtöl við tólf erlenda foreldra grunnskólabarna en foreldrarnir starfa í sjávarútvegi í fimm bæjarfélögum á Vestfjörðum og einu á Norðurlandi. Viðtölin fóru fram á samtals fjórum tungumálum með aðstoð tveggja túlka en auk þess var hluti viðtalanna tekinn á ensku og eitt fór fram á íslensku.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram ánægja foreldra með uppeldisaðstæður barna á Íslandi og almenn sátt við íslenskt skólakerfi. Margir foreldranna höfðu áhyggjur af ónægri kennslu í íslensku sem öðru máli og

veikri stöðu barna sinna á sviði íslensks tungumáls. Talsverður breytileiki kom fram varðandi fjölmenningarlegar áherslur skóla barnanna eins og tengingu við uppruna, móðurmál, íslensku sem annað mál, foreldrasamskipti, túlkaþjónustu og fleira. Í ljós kom að félagsauður foreldranna hafði talsverð áhrif á stöðu þeirra í tengslum við íslenskt samfélag og getu þeirra til að styðja við skólagöngu barna sinna og eins skipti miklu máli hvort þeir töluðu ensku eða voru farnir að ná nokkrum tökum á íslensku.

Helga Björt Möller

### 1.50.4 Samhæfing og sjálfbærni í þjónustu við aldraða

Verulegar breytingar hafa orðið og verða á aldurssamsetningu þjóða. Bætt lífskjör og hækkandi lífaldur samhliða lækkandi fæðingartíðni þýðir að endurmeta þarf áherslur í velferðar- og heilbrigðisþjónustu við eldra fólk.

Sameinuðu þjóðirnar hafa boðað árin 2021-2030 sem Áratug heilbrigðrar öldrunar. Markmiðið er að samstilla aðgerðir og breyta viðhorfum, hugsun og hegðun gagnvart aldri og öldrun og hlúa betur að getu eldra fólks. Jafnframt þurfi að veita persónumiðaða, samþætta umönnun og heilbrigðisþjónustu og tryggja aðgengi að langtímaumönnun þegar þarf. Virðing og reisn eru lykilhugtökin.

